FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

99. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 28. APRÍL 2017

Bílar eins og þessi Porsche Panamera, sem kostar um fjórtán milljónir, seljast nú vel. „Ég veit það að sala á lúxusbílum hefur aukist. Enda var hún engin," segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. Þó að taka verði tillit til þess að bílaleigur kaupi einnig lúxusbíla. Özur hefur þá tilfinningu að salan nálgist það sem hún var fyrir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjölfötluðum dreng neitað um kennslu

Akureyrarbær neitar Kristjáni Logi Kárason, ellefu ára fjölfötluðum dreng, um kennslu á heimili sínu eins og foreldrar hans telja hann eiga rétt á. Foreldrarnir hafa kært málið til ráðuneytis menntamála. Akureyrarbær vill fá úr því skorið hver réttur barnsins er.

MENNTAMÁL Akureyrarbær hefur synjað fjölfötluðum dreng um sjúkrakennslu sem foreldrar hans telja hann eiga rétt á samkvæmt lögum. Hafa þau kært synjun Akureyrarbæjar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Vera Kristín Kristjánsdóttir, móðir Kristjáns Loga, segir brotið á barni sínu.

Kristján Logi Vestmann Kárason er ellefu ára, fatlaður og algjörlega háður öðrum með hreyfingu og allar athafnir daglegs lífs. Kristján hefur í gegnum árin fengið miklar öndunarfærasýkingar og því getur hann löngum stundum ekki verið innan um önnur börn.

Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir er kveðið á um að nemandi, sem að mati læknis getur ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda, eigi rétt á sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun.

„Sonur okkar á rétt á ákveðinni þjónustu vegna fötlunar sinnar og sá réttur er óumdeildur. Akureyrarbær ákveður að neita honum um þessi réttindi sín og því getum við ekki annað en farið með málið lengra og kært það til menntamálaráðuneytisins," segir Vera Kristín.

> **Sonur okkar á rétt á ákveðinni þjónustu vegna fötlunar sinnar. Akureyrarbær ákveður að neita honum um þessi réttindi**
>
> Vera Kristín Kristjánsdóttir, móðir Kristjáns Loga

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarbæjar, segir bæinn ekki geta veitt þá þjónustu. Hún hafi í samráði við bæjaryfirvöld viljað taka málið upp við skólastjórnendur á landinu öllu. „Sambærilegum beiðnum hefur verið hafnað annars staðar. Það þarf að ræða þessi mál og fá úr því skorið nákvæmlega hver réttur barna er," segir Soffía.

Þegar Kristján Logi er hress mætir hann í sérdeild við Giljaskóla á Akureyri en vegna fötlunar þarf hann oft að vera lengi frá skóla. Að mati foreldra Kristjáns Loga á hann rétt á sjúkrakennslu þar sem læknir hefur sannarlega gefið út að hann geti ekki sótt nám í skóla.

„Sonur okkar er mjög fatlaður en hefur eins og önnur börn rétt á menntun. Það kom okkur mjög á óvart að fá neitun frá bænum. Akureyrarbær hefur nú tíma til að andmæla kæru okkar. Það er krafa okkar að réttur barnsins sé virtur, að sveitarfélagið uppfylli skyldur sínar," segir Vera Kristín.

sveinn@frettabladid.is

Tommi vill finna kjólinn

LÍFIÐ „Ég fékk þetta lánað á sínum tíma og hélt að flestu hefði verið skilað. Það eru 12 ár síðan Hard Rock lokaði en ég geng í málið – ekki spurning. Það væri gaman að geta skilað honum," segir Tómas Tómasson veitingamaður um Eurovision-kjól Selmu Björnsdóttur.

„Ég lánaði Hard Rock kjólinn á sínum tíma og er þá ekki eðlilegt að skila honum til baka?" segir Selma en hún tilkynnti í þættinum Heimsókn á Stöð 2 á miðvikudag að kjóllinn sem hún klæddist á Eurovision-kvöldinu eftirminnilega 29. maí 1999 sé týndur.

Kjóllinn var til sýnis á Hard Rock Café í Kringlunni en týndist eftir að Hard Rock fór á hausinn árið 2005. Tómas rak Hard Rock þegar kjóllinn týndist. **– bb / sjá síðu 46**

Reyndu að narra stúlkur út á fölskum forsendum

LÖGREGLUMÁL Grunsamleg samskipti og loðin svör um fyrirsætuverkefni í Kanada urðu til þess að íslenskar módelskrifstofur tilkynntu rússneskt fyrirtæki til lögreglunnar af ótta við að íslenskar stúlkur yrðu narraðar út á fölskum forsendum. Á þriðjudag bjóðaði lögreglan til kvenna, sem höfðu haft kynni af fyrirtækinu, um að setja sig í samband við lögregluna.

Módelskrifstofurnar Eskimo og TalentBook áttu í samskiptum við rússnesku módelskrifstofuna en Eskimo tók ákvörðun um að engar fyrirsætur yrðu ráðnar til skrifstofunnar frá þeim. Ásdís Rán, eigandi TalentBook, segist ekki vera viss um að neitt saknæmt hafi vakað fyrir fólkinu. Full ástæða sé þó til að fara varlega þegar gull og grænir skógar bjóðast. „Ég ákvað að hafa enga prufu og taka þetta ekki lengra," segir Ásdís.

> **Ég ákvað að hafa enga prufu og taka þetta ekki neitt lengra.**
>
> Ásdís Rán

Andrea Brabin, eigandi Eskimo, segir fyrirtækið hafa gefið loðin svör. Ekki komi til greina að ógna öryggi fyrirsæta á þeirra vegum.

– snæ / sjá síðu 8

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Lilja Alfreðsdóttir vill stöðugleikasjóð auðlindahagkerfisins. 16

SPORT Valsmenn stíga ofan í rúmenska gryfju þegar þeir spila síðari leik sinn í undanúrslitum Áskorendakeppni Evrópu. 24

MENNING Í brúðusýningunni Á eigin fótum er aldagamalli japanskri aðferð beitt. 34

LÍFIÐ Jaðarrokkararnir í Dinosaur Jr. koma fram í Hörpu. 42

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● HOLA Í HÖGGI

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Allhvöss eða hvöss suðaustanátt og rigning, slydda til fjalla en þurrt fyrir norðan. Hægara og úrkomuminna suðvestan til seint um kvöldið. SJÁ SÍÐU 30

Fimm ára börn verða innrituð

AKUREYRI Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti á síðasta fundi sínum að skoða til hlítar leiðir til að innrita fleiri börn á leikskóla og koma þannig til móts við barnafjölskyldur.

Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, óskaði eftir umræðum um leikskólamál vegna frétta í Fréttablaðinu þess efnis að foreldrar séu að hugsa um að flytja úr sveitarfélaginu til að tryggja börnum sínum leikskólavist en Akureyrarbær getur ekki tryggt börnum veru á leikskóla eða hjá dagmóður.

Skoða á leiðir til að innrita fimm ára börn inn í grunnskóla og opna þannig leiðir til að innrita fleiri börn í leikskóla. Verður þeirri vinnu flýtt og von að viðtæk sátt náist um þessa leið. **– sa**

Tekjuaukning hjá Icelandair

VIÐSKIPTI Afkoma Icelandair Group á fyrsta ársfjórðungi er í samræmi við afkomuáætlun sem kynnt var í byrjun febrúar. Þetta segir í tilkynningu sem Icelandair sendi frá sér í gærkvöldi. Heildartekjur félagsins jukust um fimm prósent á milli ára og námu 222,4 milljónum Bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi ársins. Þá var EBITDA neikvæð um 16,2 milljónir Bandaríkjadala.

Fjórtán prósenta fjölgun farþega í millilandaflugi var ef miðað er við fyrsta ársfjórðung ársins 2016 og var aukning mest á markaðnum yfir Norður-Atlantshafið, alls 40 prósent.

Tekjur af hótelgistingu tvöfölduðust milli ára. Námu þær 10,4 milljónum Bandaríkjadala í ár en 5,4 milljónum í fyrra. „Fjárhagsstaða félagsins er mjög sterk og það er því vel í stakk búið til að takast á við sveiflur og nýta þau tækifæri sem gefast á mörkuðum," er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni forstjóra. **– þea**

Frakkar rannsaka HM-útboðin

FRAKKLAND Franskir saksóknarar rannsaka nú ferlið sem leiddi til þess að ákveðið var að Rússar fengju að halda heimsmeistaramót karla í knattspyrnu árið 2018 og Katarar árið 2022. Frá þessu greinir Le Monde. Í frétt þeirra segir að ásakanir um spillingu séu einna helst til rannsóknar.

Greinir Le Monde frá því að Sepp Blatter, þáverandi forseti FIFA, hafi komið fyrir rannsakendur þann 20. apríl sem vitni. Sjálfur er Blatter í áralangri útlegð frá afskiptum af knattspyrnu vegna spillingarmála sem upp um komst árið 2015.

Því hefur lengi verið haldið fram að bæði Rússar og Katarar hafi keypt atkvæði þeirra sem atkvæðisrétt höfðu og þar með tryggt sér heimsmeistaramót. **– þea**

Hrifin af Svölu

Svala Björgvinsdóttir, flytjandi og höfundur íslenska Eurovisionlagsins í ár, Paper, kvaddi aðdáendur og stuðningsmenn í Kringlunni í gær. Svala flýgur með föruneyti sínu til Kænugarðs í Úkraínu á sunnudag þar sem keppnin verður haldin. Keppir Svala á fyrra undanúrslitakvöldinu þann 9. maí, og vonandi á úrslitakvöldinu sjálfu þann 13. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Arkitekt segir skoðanir sínar virtar að vettugi

Akitekt sem stóð að hönnun Hörpunnar segir að verslun í húsinu þurfi að falla vel að útliti hússins. Hann segir eigendur Upplifunar ekki hafa hlustað á sjónarmið sín. Nýráðinn forstjóri Hörpu segir mikilvægt að gæta fagmennsku.

MENNING „Þegar húsið var hannað og sérstaklega þegar við vorum að vinna þetta í einkaframkvæmd fyrir hrun þá var húsið stækkað til þess að geta tekið alls konar viðburði og svona hluti inn í húsið til að hafa meiri breidd og auka rekstrarhæfni hússins. Það var gert," segir Sigurður Einarsson, arkitekt hjá Batteríinu.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að þeir sem sinna listsköpun í Hörpu eru ósáttir við sambýlið við þær gjafavöruverslanir sem þar starfa. Sigurður segir að einn aðili hafi ekki virt skoðanir arkitekta, sem hann hafi ítrekað látið í ljós. Þar vísar hann í verslunina Upplifun.

„Það sem við vildum var að þessi starfsemi myndi falla svolítið inn í húsið," segir Sigurður. „Þetta hús hefur fengið alþjóðleg verðlaun sem eru einstök á heimsvísu," bætir hann við.

Hann segir það skipta miklu máli að menn hugi að því hvað þeir selja í versluninni og umgjörðin í kringum verslunina skipti líka máli. „Ég nefni sem dæmi hraðbankann við hliðina á Smurstöðinni. Hann er gerður eins lítill og hægt er. Hann er settur í svartan kassa og við eyðum sérstökum tíma í að hanna þetta svo hlutirnir falli að byggingunni," segir Sigurður.

„Ég veit að þetta hefur verið rætt mikið í Hörpu en ég þekki ekki framhaldið," segir Sigurður Einarsson, spurður út í viðbrögð stjórnenda og starfsmanna Hörpu við athugasemdum sínum.

Halldór Guðmundsson lét af starfi forstjóra Hörpu hinn 1. mars síðastliðinn en nýr forstjóri, Svanhildur Konráðsdóttir, tekur ekki við fyrr en eftir helgi. „Það er gott ef fólk hefur skoðanir og fólk getur haft skoðanir á vöruúrvali og öðru," segir Svanhildur þegar hún er innt eftir viðbrögðum sínum við óánægjunni í húsinu. Hún ítrekar mikilvægi þess að fagmennska ríki í öllu sem snerti húsið.

Fréttablaðið hafði samband við einn eiganda Upplifunar í gær og hafði hann lítið um gagnrýnina að segja. „Ég veit ekki hvað þú ert að tala um," sagði Vilhjálmur Guðjónsson í samtali við Fréttablaðið.

jonhakon@frettabladid.is

Arkitektar sem hönnuðu Hörpu telja að verslunarrekstur þurfi að falla vel að upprunalegum hugmyndum um útlit Hörpunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það sem við vildum var að þessi starfsemi myndi falla svolítið inn í húsið.**
>
> Sigurður Einarsson, arkitekt hjá Batteríinu

CITROËN

NJÓTTU. GÆÐIN HRÍFA.

CITROËN C4 CACTUS

SJÁLFSKIPTUR • AFAR RÚMGÓÐUR • STÓRT SKOTT • SPARNEYTINN
HLIÐARVÖRN • HÁ SÆTISSTAÐA • STÓR SNERTISKJÁR • BLUETOOTH

citroen.is

Nútímaleg og framúrskarandi hönnun einkennir Citroën C4 Cactus. Einstakt notagildi, mikið rými og hagkvæmni í rekstri. Citroën er skrefi á undan fyrir þá sem vilja komast sinna ferða á hagkvæman og þægilegan hátt, innan- sem utanbæjar. Citroën C4 Cactus er nægjanleg stór til að rúma alla sem þú elskar mest, allir sitja hátt í góðum sætum og eru með frábært útsýni. 358 lítra skottið er sérlega rúmgott og hentar vel fyrir útivistina þína. Citroën C4 Cactus er ótrúlega sparneytinn bíll og státar af einstakri hliðar- og stuðaravörn sem verndar hann fyrir minni rispum og skellum. Komdu, prófaðu og njóttu Citroën C4 Cactus og gæðin munu hrífa þig.

NJÓTTU CITROËN Í DAG.

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Uppsafnaður fjárskortur á innanlandsflugvöllum víða um landið

SAMGÖNGUR Uppsöfnuð þörf á viðhaldi og framkvæmdum á innanlandsflugvöllum er um 800 milljónir króna í mikilvægar aðgerðir og 320 milljónir í brýnar aðgerðir. Þetta kemur fram í svari Jóns Gunnarssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, við fyrirspurn Ara Trausta Guðmundssonar um rekstur innanlandsflugvalla.

Þar kemur fram að fjárveitingar til reksturs innanlandsflugvalla, viðhalds þeirra og uppbyggingar hafa verið skornar niður árlega frá árinu 2008.

Fjárveitingar ársins duga aðeins til að standa straum af rekstrarhluta þjónustusamningsins við Isavia um rekstur flugvalla innanlands. Fjárveitingin nægir til að tryggt sé að flugvallakerfið verði rekið og að ekki komi til uppsagna starfsfólks á árinu.

800

milljónir króna er uppsöfnuð fjörþörf flugvalla

Ekki er til peningur til að fara í neinar aðgerðir. Við afgreiðslu fjárlaga vantaði um 10 milljarða og með hliðsjón af leiðbeiningum Alþingis varð ljóst að ekki var hægt að bæta í rekstur og viðhald flugvalla innanlands. 400 milljóna fjárveiting var felld niður og varanlegar heimildir auknar um 200 milljónir. Fjárveitingar í ár eru því um 200 milljónum lægri en í fyrra. Í vinnu starfshóps innanríkisráðuneytisins með þátttöku Isavia og fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem hafði það hlutverk að skoða hvort ná mætti meiri skilvirkni og hagræði í rekstri innanlandsflugsins, var m.a. skoðað að styrkja flugleiðirnar í stað flugvallanna og færa minni flugvelli í umsjá Vegagerðarinnar auk fleiri atriða sem leitt gætu til aukinnar hagræðingar við rekstur flugvallakerfisins. Skýrsla hópsins er til skoðunar og hafa ákvarðanir um breytingar ekki verið teknar að svo stöddu. **– bb**

Saka flokk Le Pen um fjársvik

FRAKKLAND Talið er að Franska þjóðfylkingin, flokkur Marine Le Pen, forsetaframbjóðanda í Frakklandi, hafi svikið nærri 600 milljónir króna út úr Evrópuþinginu. Frá þessu greindi BBC í gær og vitnaði í heimildarmenn innan Evrópusambandsins.

Er talið að peningurinn hafi farið til einstaklinga sem áttu að starfa sem aðstoðarmenn Evrópuþingmanna flokksins en hafi í raun eingöngu verið að vinna að starfi flokksins í Frakklandi. Þjóðfylkingin neitar ásökununum og segist Le Pen sæta pólitískum ofsóknum vegna skoðana sinna. Franska þjóðfylkingin á 24 þingmenn á Evrópuþinginu, flesta franskra flokka.

Le Pen mætir Emmanuel Macron í seinni umferð forsetakosninga þann 7. maí. Samkvæmt meðaltali skoðanakannana mælist hún með 37 prósenta fylgi en Macron með 64 prósent. **– þea**

May gagnrýnir andstæðinga

BRETLAND Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í gær að sumir Bretar væru haldnir þeirri tálsýn að hægt væri að semja um fríverslunarsamning við Evrópusambandið samhliða útgöngu úr því.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sagði í kjölfarið að ummæli Merkel undirstrikuðu í hversu erfiðar samningaviðræður stefndi. „Á sama tíma og hin 27 ríki Evrópusambandsins raða sér upp á móti okkur sjáum við andstæðing okkar leitast við að spilla viðræðum," sagði May og vísaði til afstöðu Verkamannaflokksins.

Verkamannaflokkurinn, undir forystu Jeremys Corbyn, hefur áður sagt að Íhaldsflokkur May fari fram af of mikilli hörku í viðræðunum um útgöngu úr ESB.

Kosið verður í Bretlandi þann áttunda júní. Mælist Íhaldsflokkurinn með umtalsvert forskot á Verkamannaflokkinn. **– þea**

Hagar verða helmingi stærri

Hagar eru í færi til að auka veltu sína um helming með kaupum á Olís og Lyfju. Sérfræðingur í samkeppnisrétti telur víst að Samkeppniseftirlitið setji skilyrði fyrir kaupunum á Olís. Fjárfestar taka vel í viðskiptin.

Gangi kaup Haga á Olíuverzlun Íslands og Lyfju eftir verður fyrirtækið þriðja stærsta fyrirtækið í Kauphöll Íslands á eftir Icelandair Group og Marel, sé horft til veltu fyrirtækjanna. Kaupin á Olís og Lyfju eru nú til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Áætla má að velta Haga á rekstrarárinu 2016-2017 verði rúmir 80 milljarðar króna. Velta Lyfju á árinu 2015 var 8,9 milljarðar króna samkvæmt ársreikningi. Samkvæmt tilkynningu sem birt var í Kauphöll í fyrrakvöld var velta Olís á síðasta ári 31 milljarður króna. Velta Haga eftir kaupin á Lyfju og Olís eykst því um helming, fer úr 80 milljörðum í 120 milljarða króna.

Taka skal fram að þá er ekki horft til þess hvaða áhrif Costco mun hafa á starfsemi verslana Haga, enda ómögulegt að spá um það með vissu fyrirfram. Þá ber líka að líta til þess að Hagar hyggjast loka Dorothy Perkins og Topshop og hafa þegar lokað Debenhams. Hlutur þeirra verslana í heildarveltu Haga er þó óverulegur við hlið Bónuss og Hagkaupa.

Eggert B. Ólafsson lögfræðingur telur víst að Samkeppniseftirlitið muni setja samrunanum skilyrði. „Fyrir þremur árum má ímynda sér að Samkeppniseftirlitið hefði íhugað að ógilda svona samruna hefði hann komið til kasta þess þá. Núna, vegna innkomu Costco á markaðinn, verður það þó varla uppi á teningnum. Hins vegar verður að teljast líklegt að Samkeppniseftirlitið setji samrunanum skilyrði," segir Eggert í pistli á vef fyrirtækis síns, Samkeppnisráðgjafar.

Eggert bendir á að árið 2012 hafi Samkeppniseftirlitið gefið út mikla skýrslu um dagvörumarkaðinn. Sú vinna hljóti að koma að góðum notum núna þegar Samkeppniseftirlitið þarf að taka afstöðu til yfirtöku Haga á Olís. Samkvæmt þeirri skýrslu var markaðshlutdeild Haga á dagvöruvörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu um 60 prósent, sem jafngildir markaðsráðandi stöðu. Horfa þurfi til þess að styrkur Hagakeðjunnar gagnvart birgjum, svokallaður kaupendastyrkur, sé þegar mikill og muni líkast til aukast töluvert við yfirtökuna á Olís.

Eggert segir að horfa þurfi til ýmissa þátta. „Meðal þeirra spurninga, sem vakna vegna kaupa Haga á Olís, er hvort afsláttur hjá Olís verði skilyrtur við kaup á dagvöru í verslunum Haga. Mun Kaupás síðan fylgja í kjölfarið og kaupa Skeljung eða N1 og setja svipaða viðskiptaskilmála? Slík binding viðskiptavina við viðkomandi viðskiptahring gæti takmarkað tækifæri Costco til að veita íslensku verslunarsamstæðunum samkeppni," segir Eggert

Fjárfestar tóku vel í tíðindi af viðskiptunum í gær. Í lok dagsins hafði gengi bréfa í Kauphöll Íslands hækkað um 5,81 prósent í tæplega 850 milljóna króna viðskiptum.

jonhakon@frettabladid.is

Velta Olís árið 2016 nam 31 milljarði króna og velta Lyfju er um níu milljarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Fyrir þremur árum má ímynda sér að Samkeppniseftirlitið hefði íhugað að ógilda svona samruna hefði hann komið til kasta þess þá.**
>
> Eggert B. Ólafsson lögfræðingur

Dótturfyrirtæki Haga verða þessi

Olís 115 starfsstöðvar um land allt.

Lyfja 39 apótek, útibú og verslanir auk minni útibúa um land allt.

Bónus 32 verslanir um land allt, þar af 20 á höfuðborgarsvæðinu.

Hagkaup 11 verslanir, þar af 7 á höfuðborgarsvæðinu og birgðaverslunin Stórkaup.

Ferskar kjötvörur Einn af stærstu kjötverkendum landsins.

Aðföng Vöru- og dreifingarfyrirtæki.

Bananar Stærsti innflytjandi og dreifingaraðili ávaxta og grænmetis.

Hýsing Vöruhús fyrir sérvöru.

Karen Millen Ein verslun í Kringlunni.

Útilíf Tvær verslanir og báðar á höfuðborgarsvæðinu.

Zara Tvær verslanir í Reykjavík.

hekla.is/up

UP!RIFINN

Nýr up! frá aðeins
1.890.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen

Fagnar komu fiskeldis í Ólafsfjörð

FJALLABYGGÐ Stefnt er að því að hefja 10.000 tonna fiskeldi í Ólafsfirði. Fulltrúar Arnarlax og sveitarstjórnarinnar munu undirrita viljayfirlýsingu þess efnis.

„Lykillinn í þessu er að fiskeldi skapar störf sem eru mjög nauðsynleg í brothættum byggðum eins og Fjallabyggð og Dalvík," segir Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð.

„Þetta hefur verið lykilmál í byggðum á suðurhluta Vestfjarða þar sem unga fólkið hefur getað komið aftur til baka með sína menntun og stundað störf í heimabyggð. Þetta er að bjarga samfélögunum. Það sama mun gerast hér."

Áætlað er að á bilinu sjötíu til áttatíu störf muni skapast við þetta en ekki liggur ljóst fyrir hvenær framleiðsla getur hafist. Framkvæmdin er líklega háð mati á umhverfisáhrifum. Hvort þetta komi til með að kalla á aukið húsnæði í sveitarfélaginu segir bæjarstjórinn að nóg sé til af lóðum og auðvelt að svara slíkum þörfum.

„Ég fagna allri atvinnuuppbyggingu í firðinum," segir Bjarni Th. Bjarnason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, en tekur fram að málið hafi ekki verið rætt í sveitarstjórninni. „Eflaust verða einhverjir á Dalvík sem koma til með að starfa þarna þegar þar að kemur." **– jóe**

Frá Ólafsfirði. Bæjarstjórinn er ánægður með fiskeldið. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

TOYOTA

ALWAYS A **BETTER** WAY

50.000 VIÐBÓTAR-Vildarpunktar fylgja öllum bílum sem keyptir eru á sýningunni

Í tilefni af því að nú eru 50.000 bílar sem bera merki Toyota og Lexus á götum landsins bjóðum við til tímamótasýningar hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- Allir sem reynsluaka eiga möguleika á að vinna 50.000 Vildarpunkta Icelandair í happdrætti.
- Ljúffeng tímamótaterta í boði til að fagna áfanganum.
- Eigandi 50 þúsundasta bílsins verður leystur út með veglegum gjöfum.

Farðu ekki á mis við þessi tímamót heldur fagnaðu með okkur og festu kaup á nýjum Toyota á sannkölluðu tímamótatilboði.
Núna er tíminn. Við tökum vel á móti þér í hátíðarskapi.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

27. júní í 7 nætur
Fararstjóri: Ágústa Sigrún Ágústsdóttir
Frá kr. 189.995 m/morgunmat
Kvöldverðir, kynnisferðir o.fl. einnig innif.
Fagra SLÓVENÍA

Í þessari fjölbreyttu ferð munum við kynnast hinni gullfallegu Slóveníu en landið er löngum þekkt fyrir náttúrufegurð sína: alpa, skóga, ár og vötn, hella og kastala sem prýða útsýnið.

Við fljúgum til Trieste á Ítalíu og byrjum á að aka til fjallaþorpsins Kranjska Gora sem liggur í hlíðum slóvensku Alpanna, en þar munum við gista fyrstu nóttina. Á leið okkar til Kranjska Gora ökum við meðfram þjóðgarðinum Triglav sem fær nafn sitt af hæsta fjalli Slóveníu.

Því næst ökum við til vatnanna Bohinj og Bled og höldum áfram að njóta undurfagurrar náttúrunnar sem lætur engan ósnortinn. Við gistum í bænum Bled sem stendur við samnefnt vatn í hlíðum Karawanks fjallgarðsins. Næst liggur leið okkar til höfuðborgarinnar Ljubljana, en hún þykir mjög falleg og hefur verið afar vinsæl undanfarin ár.

Við getum ekki heimsótt Slóveníu án þess að koma við í hinum frægu Postojna dropasteinshellum og kastalanum Predjama. Næst liggur leið okkar til strandarbæjarins Portoroz eða „Rósahöfnin“, sem stendur við Adríahafið.

Frá Portoroz förum við í dagsferð til Króatíu, ökum til bæjanna Porec og Motovun á Istríuskaganum, heillandi bæja sem vert er að skoða. Porec er falleg hafnarborg og um tvö þúsund ára gömul. Hún þykir sérstök m.a. þar sem hún stendur á afar þröngu nesi. Motovun er sveitaþorp í miðaldastíl sem stendur upp á 270 m. hárri hæð. Við njótum síðasta dagsins í rólegheitunum í Portoroz en flogið er daginn eftir til Keflavíkur.

Frá kr. 189.995 m/morgunmat o.fl.
Netverð á mann frá kr. 189.995 m.v. 2 í herbergi.

Innifalið: Flug, skattar og akstur. Gisting á 3-4* hótelum m/morgunmat, kvöldverður alla daga nema 2 kvöld í Ljubljana. Sigling um Bled vatnið og aðgangseyrir í Bled kastalann, kynnisferð í Ljubljana og sigling með drykk um ána Ljubljanica, aðgangseyrir í Postojna hellana og í Predjama kastalann, kynnisferð í Porec, íslensk fararstjórn.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu

ENNEMM / SÍA • NM80725 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ofurstórmeistarinn stóð uppi sem sigurvegari

Hollendingurinn Anish Giri varð hlutskarpastur á Reykjavíkurskákmótinu sem lauk í gær. Fyrirfram var hann talinn sigurstranglegastur enda með flest ELO-stig þátttakenda. Jóhann Hjartarson, Hannes Hlífar Stefánsson og Bragi Þorfinnsson fengu flesta vinninga íslensku keppendanna, sjö talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vilja funda með Ólafi fyrir luktum dyrum

Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis telur að fundur með athafnamanninum Ólafi Ólafssyni eigi ekki að vera opinn fjölmiðlum og almenningi. Slíkt geti reynst óskynsamlegt. Vill funda með Ólafi sem fyrst.

VIÐSKIPTI Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, telur að fundur nefndarinnar með athafnamanninum Ólafi Ólafssyni, um þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser í kaupunum á Búnaðarbankanum, eigi ekki að vera opinn fjölmiðlum og almenningi. Slíkt geti reynst óskynsamlegt.

„Ég er ekki viss um að hann eigi að vera í beinni útsendingu ef hann á að nýtast okkur eitthvað. Þá er þetta allt komið á þvæling á meðan við erum á viðkvæmum stað í skoðuninni. Þá er hætt við að þessi umræða fari út og suður áður en við ljúkum okkar vinnu. Það getur verið óþægilegt fyrir okkur en það er mitt mat. Við munum svo ræða það nánar í nefndinni,“ segir Brynjar.

Ólafur sendi frá sér yfirlýsingu þann 12. apríl þar sem hann óskaði eftir því að fá að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar um einkavæðingu Búnaðarbankans árið 2003. Rannsóknarnefnd Alþingis kynnti niðurstöðu sína um þátttöku Hauck & Aufhäuser í henni í lok mars en hún var sú að Ólafur hefði vísvitandi blekkt stjórnvöld, fjölmiðla og almenning. Þýski bankinn hafi aldrei í reynd verið þar fjárfestir. Niðurstaðan var afdráttarlaus, og kynnt í beinni útsendingu, en Ólafur sagðist í yfirlýsingunni vilja á fundi nefndarinnar„varpa þar ljósi á atburðarásina og svara spurningum“.

Ólafur Ólafsson hefur óskað eftir fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þar sem þeir Njáll Trausti Friðbertsson og Brynjar Níelsson sitja.

„Ég myndi vilja fá hann á fund sem fyrst og helst í maí. En við munum ekki klára málið fyrr en í haust. Það má segja að hann sé í aðalhlutverki í rannsóknarskýrslunni þannig að það er eðlilegt að aðalleikendur komi fyrstir inn á sviðið, er það ekki?“ segir Brynjar.

Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og 2. varaformaður nefndarinnar, tekur í samtali við Fréttablaðið undir með Brynjari um að óskynsamlegt geti verið að senda fundinn út í beinni útsendingu.

„Við erum nú að móta skoðun okkar á þessu í nefndinni og hvernig við ætlum að takast á við þetta,“ segir Njáll Trausti.

Brynjar segist hafa rætt við Ólaf á miðvikudag og þá ítrekað ósk nefndarinnar um greinargerð frá þeim síðarnefnda þar sem hann rökstyður beiðni sína um fund og hvaða nýju upplýsingar hann ætli að leggja þar fram. Engin formleg beiðni um fund hafi þó borist og nefndin því ekki tekið afstöðu til þess hvort athafnamaðurinn fái að mæta.

Ekki náðist í Ólaf við vinnslu fréttarinnar né Jón Steindór Valdimarsson, varaformann nefndarinnar. Jón fer fyrir nefndinni í málinu eftir að Brynjar ákvað að víkja frá vegna tengsla sinna við Bjarka Diego sem kom að gerð leynilegra baksamninga í Búnaðarbankaflétttunni. Brynjar var verjandi Bjarka áður en hann settist á þing.

haraldur@frettabladid.is

Svona gerir þú allt klárt!

Þú skiptir út og ásamt auðvitað öllum þessum fyrir eitt nett og hámhorfir síðan með Ljósleiðaranum hjá Nova. Í staðinn fyrir gamla , sem á nú eiginlega bara heima á safni, kemur nýr og ferlega snjall .

Það hringir náttúrulega enginn í lengur, svo hann má bara fjúka. Þá er þjóðráð að segja upp og setja upp nokkrar töff . Þannig losnar þú við heilan helling af , hættir að fá leiðinda og sparar alveg glás af . Einfalt!

Ljósleiðari hjá Nova

200 GB	**3.990 kr.**
200 GB netnotkun	3.990 kr.
Aðgangsgjald	2.680 kr.
Leiga á beini	690 kr.
Samtals	**7.360 kr.**
Hver **100 GB** umfram: 990 kr.	

2000 GB	**5.990 kr.**
2000 GB netnotkun	5.990 kr.
Aðgangsgjald	2.680 kr.
Leiga á beini	690 kr.
Samtals	**9.360 kr.**
Hver **1000 GB** umfram: 990 kr.	

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Þú færð Ljósleiðara í verslunum Nova, þjónustuveri í síma 519 1919 eða á www.nova.is

Kohl gerði grín að borðsiðum Angelu Merkel í fjórða bindi ævisögu sinnar sem kom út án hans leyfis.
NORDICPHOTOS/AFP

Fær milljón evra í skaðabætur

ÞÝSKALAND Helmut Kohl, fv. kanslari Þýskalands, fær um eina milljón evra í skaðabætur vegna útgáfu fjórða bindis ævisögu hans sem hann hafði hætt við. Kohl hafði leitað til dómstóla til að fá afhentar upptökur af viðtölum við ævisöguritarann, Heribert Schwan. Sá átti hins vegar afrit af upptökunum og bókin kom út þrátt fyrir tilraunir Kohls til að stöðva útgáfuna.

Í fjórða bindinu fór Kohl hörðum orðum um marga flokksfélaga sína, þar á meðal eftirmann sinn, Angelu Merkel. Kohl, sem hafði farið fram á fimm milljónir evra í skaðabætur, sagði meðal annars að Merkel kynni ekki að nota hníf og gaffal og að hann hefði þurft að siða hana til í opinberum veislum. **– ibs**

Helmut Kohl var kanslari, fyrst í Vestur-Þýskalandi og svo sameinuðu Þýskalandi á árunum 1982 til 1990.

Rússar grunaðir um að lokka íslenskar stúlkur til Kanada

Eskimo módelskrifstofa hafði samband við lögreglu eftir grunsamleg samskipti sín við rússneskt fyrirtæki sem vildi fá íslenskar stelpur til Kanada með mjög skömmum fyrirvara. Fulltrúar fyrirtækisins reyndu einnig að stoppa stelpur úti á götu og bjóða þeim ótilgreint verkefni. Ásdís Rán segir mikilvægt að passa sig.

LÖGREGLUMÁL Viðvörunarbjöllur hringdu hjá íslenskum módelskrifstofum vegna rússnesks fyrirtækis sem vildi fá ungar íslenskar konur til Kanada, með skömmum fyrirvara og gegn hárri greiðslu, fyrr í vikunni. Mjög var á reiki hvert verkefni stúlknanna væri í raun og veru en til stóð að fljúga út í gær og klára verkefnið í dag.

Lögreglan varaði við því að þiggja slík boð á Facebook-síðu sinni á þriðjudag og beindi til þeirra stúlkna sem fyrirtækið hefði rætt við undanfarna daga að setja sig í samband við lögregluna. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur lögregla litlar upplýsingar í málinu.

„Við fengum tölvupóst frá rússneskri módelskrifstofu þar sem beðið var um stúlkur fyrir einhverja kynningu í Kanada hjá kúnna á vegum skrifstofunnar. Þær áttu að vera í flottum kjólum og fá borgað fullt af peningum. Við sögðum strax nei því við tökum ekki að okkur svoleiðis verkefni," segir Andrea Brabin, eigandi Eskimo módelskrifstofu.

Fljótlega var aftur haft samband við Eskimo og sagt að um væri að ræða myndatöku á Íslandi fyrir nýtt rússneskt fatamerki. Óskað var eftir því að prufur yrðu haldnar á skrifstofu

Til stóð að fljúga með íslensku stúlkurnar út í gær svo þær gætu sinnt verkefninu. Áttu að hafa með sér fína kjóla og há laun stóðu til boða. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Svo fréttum við að þeir væru að stoppa stelpur úti á götu og þá höfðum við samband við lögreglu

Andrea Brabin, eigandi Eskimo

Eskimo og við því var orðið. „Svo þegar kom að því að bóka módelin þá var þetta allt í einu verkefni í Kanada og upplýsingarnar ekki nægar til að við vildum leyfa þeim að ráða módel frá okkur. Um var að ræða sömu dagsetningar og á verkefninu sem við höfðum hafnað fyrr."

Andrea segir að þá hafi viðvörunarbjöllur farið að hringja. Samskiptin hafi verið grunsamleg. „Svo fréttum við að þeir væru að stoppa stelpur úti á götu og þá höfðum við samband við lögreglu og töluðum við öll okkar módel og létum hinar skrifstofurnar vita."

Svör fyrirtækisins um verkefnið í Kanada hafi verið loðin og augljóst að siglt var undir fölsku flaggi.

Á vefsíðu módelskrifstofunnar TalentBook, sem er í eigu Ásdísar Ránar Gunnarsdóttur, var á mánudag auglýst eftir þremur fyrirsætum eða gengilbeinum fyrir viðburð í Kanada sem fara átti fram 26. til 27. apríl.

Degi síðar sá Ásdís tilkynninguna frá lögreglunni. „Ég veit ekki hvaða upplýsingar lögreglan hefur um það hvað hafi verið í gangi á bak við þetta en ég held að það sé blásið of mikið í þetta mál. Það hafi ekki endilega verið eitthvað saknæmt í gangi."

Ásdís segir samt mikilvægt að allir þeir sem fái slík boð passi sig og kanni hvaða fyrirtæki standi að baki boðunum. Sjálf hafi hún átt í samskiptum við téða rússneska skrifstofu og hitt franskt fólk vegna verkefnisins. „Ég ákvað að hafa enga prufu og taka þetta ekki neitt lengra." Henni þyki tilkynning lögreglunnar samt fullharkaleg viðbrögð. „Þetta skapar hræðslu og mér finnst svona frekar óábyrgt af þeim að henda þessu út í loftið."

snaeros@frettabladid.is

Glæsilegt úrval útipotta

OG FULLUR GARÐSKÁLI AF ÚTIPLÖNTUM

20% AFSLÁTTUR
AF BUXUS, TAXUS, RÓSMARÍN,
GARÐRÓSUM OG ÖLLUM STOFUPLÖNTUM

FERSK SENDING
AF LYNGRÓSUM, ÁVAXTATRJÁM,
BERJARUNNUM OG VORERIKUM.

MIKIÐ ÚRVAL AF KARTÖFLUÚTSÆÐI
HELGA, RAUÐAR, PREMIER OG HORNAFJARÐAR GULLAUGA
DESIRÉE, BINTJE, EERSTELING OG KOOPMANS BLAUWE

BÝFLUGUR OG LÍFRÆNAR VARNIR
SJÁÐU LIFANDI BÝFLUGNABÚ OG KYNNTU ÞÉR
NÁTTÚRULEGAR LAUSNIR GEGN ÓVÆRU Í GRÓÐURHÚSI.

VORLAUKAR
30% AFSLÁTTUR

GARÐHEIMAR
Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Fasteignaverð hækkar mun meira en laun og kaupmáttur

VIÐSKIPTI Frá áramótum hefur hægt talsvert á hækkun launavísitölu og aukningu kaupmáttar launa en á sama tíma hefur fasteignaverð haldið áfram að hækka hratt. Vísbendingar eru því um aukna skuldsetningu við fasteignakaup og að bólumyndun sé að hefjast.

Fyrr í mánuðinum varaði Seðlabankinn við að hætta væri á að hátt fasteignaverð gæti leitt til aukinnar skuldsetningar sem geri heimili og fjármálafyrirtæki viðkvæmari fyrir hugsanlegu bakslagi í þjóðarbúskapnum.

„Þessi varnaðarorð Seðlabankans byggðust meðal annars á því að við vorum farin að sjá bil á milli raunþróunar fasteignaverðs og kaupmáttarþróunar launa. Þetta er vissulega í þá átt," segir Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka.

Fram kemur í Morgunkorni Íslandsbanka frá því í gær að samkvæmt tölum Hagstofunnar hækkaði launavísitala um 0,4 prósent í mars. Árs hækkunartaktur vísitölunnar í mars mældist fimm prósent og hefur ekki verið hægari í tvö ár. Kaupmáttur launa jókst um 0,3 prósent í marsmánuði, og mældist hækkunartakturinn 3,3 prósent. Það er hægasta aukning kaupmáttar í tæp tvö ár. Greiningardeildin telur að kaupmáttur og laun muni hækka eitthvað á árinu en hækkunin verði að jafnaði hóflegri í ár en í fyrra.

> Þessi varnaðarorð byggðust meðal annars á því að við vorum farin að sjá bil á milli raunþróunar fasteignaverðs og kaupmáttarþróunar launa

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Íslandsbanka

Því gæti myndast bóla á fasteignamarkaði þegar lengra líður og áfram er mikill munur á hækkun fasteignaverðs og launavísitölu. „Það er útlit fyrir að fasteignaverð muni áfram hækka hraðar en kaupmáttur launa næsta misseri þannig að þá er það okkar skoðun að skemmri tíma þróun verði sú að áfram verði bil þarna á milli. Á næsta ári gæti þó farið að draga aftur saman í þessum stærðum."

Jón Bjarki bendir þó á að mikilvægt sé að hafa í huga að mun meira borð sé fyrir báru fyrir aukna skuldsetningu hjá heimilunum núna en hefur verið um langt skeið. Skuldsetning heimilanna er nú í sögulegu lágmarki. „En það er ekki ólíklegt að við sjáum núna vendipunktinn í þeirri þróun. Tíminn verður að leiða í ljós hvort við náum jafnvægi þarna á milli eða hvort skuldsetningin muni aukast," segir Jón Bjarki Bentsson.

saeunn@frettabladid.is

ESB ráði ekki skiptingu orlofs

DANMÖRK Hvorki Evrópusambandið, ESB, né danska ríkið eiga að skipta sér af því hvernig foreldrar skipta fæðingarorlofinu á milli sín. Þetta segir jafnréttisráðherra Danmerkur, Karen Ellemann, um tillögu framkvæmdastjórnar ESB um að foreldrar geti ekki ráðið skiptingu fæðingarorlofsins.

Í tillögu ESB felst meðal annars jöfn skipting átta mánaða orlofs. Nýti faðirinn til dæmis ekki sína fjóra mánuði tapast þeir. Hægt á að vera skipta foreldraorlofinu í fleiri tímabil. Ekki verður hægt að nýta orlofið eftir að barnið er orðið 12 ára.

Fæðingarorlof í Danmörku er nú þegar 32 vikur. **– ibs**

32

vikna fæðingarorlof er í Danmörku.

Eldflaugavarnir brátt virkar

SUÐUR-KÓREA Svokallað THAAD-eldflaugavarnakerfi Bandaríkjahers verður brátt tilbúið til notkunar í Suður-Kóreu. Frá þessu greindi hershöfðingi Bandaríkjanna á Kyrrahafssvæðinu, Harry Harris, þegar hann kom fyrir varnarmálanefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings í gær.

„Kerfið verður orðið virkt á næstu dögum. Er það til þess að hjálpa Suður-Kóreumönnum við að verja sig gegn vaxandi ógn sem stafar af Norður-Kóreu," sagði Harris.

Samkvæmt yfirlýsingu frá suðurkóreska varnarmálaráðuneytinu er hluti kerfisins nú þegar kominn á það svæði þar sem verið er að koma kerfinu upp.

Er kerfinu komið fyrir í Suður-Kóreu í kjölfar aukinna kjarnorkuvopna- og eldflaugatilrauna norðurkóreska hersins. **– þea**

Ekkert eyðslufylleríi fram undan

Þrátt fyrir að rekstrarniðurstaða Reykjavíkurborgar sé jákvæð um 26,5 milljarða króna er ekki útlit fyrir að hægt verði að stórauka fé til rekstrarins. Borgarfulltrúar kalla niðurstöðuna bókhaldshagnað. Útlit fyrir áframhaldandi skuldasöfnun. Auknar rekstrartekjur A-hluta skrifast á hærri fasteignagjöld og hærra útsvar.

STJÓRNMÁL „Þetta er ekki nóg til að borga af lánum og nýfjárfestingum. Það þarf að taka um þriggja milljarða króna lán að auki," segir Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðismanna, um rekstur Reykjavíkurborgar. Ársreikningur borgarinnar var kynntur í gær en þar kemur fram að samtals skilar borgin jákvæðum rekstri upp á 26,5 milljarða króna.

Rekstri Reykjavíkurborgar er skipt í A- og B-hluta. A-hlutinn fjármagnar alla grunnþjónustu borgarinnar með skatttekjum. B-hlutinn hýsir fyrirtæki borgarinnar en sum þeirra greiða Reykjavíkurborg arð. Það sem útskýrir mikla tekjuaukningu þar er til að mynda gífurleg hækkun fasteignaverðs á þeim um það bil 2.000 eignum sem Félagsbústaðir eiga. Mismunurinn reiknast sem hagnaður.

Rekstrarniðurstaða A-hlutans er aftur á móti jákvæð um 2,6 milljarða króna. Tekjurnar hafa aukist vegna hærri fasteignagjalda og hærri launa íbúa sem skilar sér í hærra útsvari til borgarinnar. En 2,6 milljarðar króna nægja ekki til að stórauka fjárframlög til grunnþjónustu eða snúa stöðunni við.

„Það stefnir í að skuldir haldi áfram að aukast til 2020, því 2,6 milljarðar er ekki nóg til að borga afborganir lána og ráðast í nýframkvæmdir," segir Halldór.

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir að því miður sé afgangurinn ekki nægur til að taka til hendinni í borginni. „Við erum að minnsta kosti ekki að fara að byggja vatnagarð eða vísindasafn. En það gefst smá svigrúm til að auka þjónustuna. Þetta þýðir að það er meiri peningur í það sem þarf að bæta."

Líf segir að aukinn afgangur komi þó ekki einungis til vegna bókhaldshagnaðar. Stefna meirihlutans skipti þar líka miklu máli. „Við höfum sýnt ráðdeild og sparað við okkur. Það er ástæðan fyrir því að við erum að skila afgangi."

Afkoma A- hluta Reykjavíkurborgar er jákvæð um 2,6 milljarða króna. Það nægir þó ekki fyrir skuldum og nýframkvæmdum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við höfum sýnt ráðdeild og sparað við okkur. Það er ástæðan fyrir því að við erum að skila afgangi.

Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar.

> Við verðum að minnka biðlistana eftir félagslegum úrræðum meira en við höfum getað gert.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina.

Hún segir samt mikilvægt að halda aðhaldinu áfram. „Við sýnum áframhaldandi ráðdeild og aðhald. Mér finnst persónulega of mikið áldrast út og við þurfum að rýna betur í hverja krónu sem við eyðum og átta okkur á hvort það séu raunverulega peningarnir sem auka þjónustuna eða hvort það sé eitthvað annað sem mun gera það."

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, segir jákvætt að niðurstaðan sé mun betri en verið hefur undanfarin ár. „Nú er komið að þeim tímapunkti að við þurfum að sinna viðhaldi á eignum borgarinnar. Niðurstaðan þýðir að það er meira svigrúm. Vonandi getum við farið að auka fjármagnið inn í þessa liði grunnþjónustunnar sem eru fyrst og fremst velferðarmálin og menntamálin. En ef við vanrækjum viðhaldið þá verður það alltaf dýrara þegar upp er staðið."

Hún segir að svigrúmið sem skapist þurfi því að fara í viðhald og velferð. „Við verðum að minnka biðlistana eftir félagslegum úrræðum meira en við höfum getað gert."

snaeros@frettabladid.is

Borgarfulltrúar ekki sammála um hvort þeim skuli fjölgað

REYKJAVÍK Skiptar skoðanir eru meðal borgarfulltrúa hvort fjölga eigi borgarfulltrúum eður ei. Sem stendur er fjölgunin lögbundin en á Alþingi er til umræðu stjórnarfrumvarp sem léttir þeirri kvöð af borginni.

„Ég var hrifnari af því að þetta kæmi sem tillaga utan frá því þetta er mál sem gæti mjög auðveldlega verið blásið upp sem aðalatriði í kosningunum," segir Björn Blöndal, borgarfulltrúi Bjartrar framtíðar. „Þetta hefur verið skoðað mikið að undanförnu og ekki síst út af kostnaði. Fjölgun þarf ekki að hafa það í för með sér að fyrirkomulagið verði dýrara en það er nú."

> Miðað við íbúaþróun er æskilegt að fjölga borgarfulltrúum og miðað við útreikninga er það ekki dýrara en núverandi fyrirkomulag.

Líf Magneudóttir, oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, Framsókn og flugvallarvinum, segir að það sé eðlilegt að sveitarstjórnir hafi ákvörðunarvald um að fjölga eða fækka fulltrúum. „Ég tel að það sé ekki þörf á að fjölga borgarfulltrúum. Hins vegar er þörf á að breyta samþykkt borgarinnar þannig að allir formenn nefnda og ráða séu einnig borgarfulltrúar. Lýðræðisvinkillinn er ekki virtur eins og kerfið er núna."

Björn Blöndal, borgarfulltrúi Bjartrar framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Við höfum rætt þetta í forsætisnefnd og höldum ótrauð áfram okkar vinnu. Við getum ekki hangið og beðið eftir þinginu og ákvörðun þess," segir hin vinstrigræna Líf Magneudóttir. „Miðað við íbúaþróun er æskilegt að fjölga borgarfulltrúum og miðað við útreikninga er það ekki dýrara en núverandi fyrirkomulag." **– jóe**

#FIMASTUR

Ford Focus er fimur bíll enda þekktur fyrir frábæra aksturseiginleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, upphitanlegri framrúðu, á hagstæðu verði og er ódýr í rekstri. Þú upplifir einstaka akstursgleði í Focus og tekur lengri leiðina heim af einskærri ánægju.

BEINSKIPTUR FRÁ:

2.990.000 KR.

44.822 kr.
á mánuði

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 2.990.000 kr.
- Útborgun 299.000 kr.
- Vextir 8,9%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,59%

Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsögðu möguleiki

Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Borgin sættir sig ekki við sameiginlegt verðmat á Keldnaholti

BYGGÐAMÁL Reykjavíkurborg hefur ekki getað sætt sig við sameiginlegt verðmat hlutlausra aðila sem skipaðir hafa verið af borg og ríki á Keldum og Keldnaholti, Landhelgisgæslureitnum og Þorragötu. Þetta kemur fram í svari Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um ráðstöfun ríkislóða á höfuðborgarsvæðinu.

„Það stendur ekki á okkur að selja þessar lóðir," segir Benedikt. Borgin, líkt og önnur sveitarfélög, fari hins vegar með skipulagsréttinn og ef það er ekki búið að skipuleggja lóðirnar sé ekki forsenda til að selja. „Við erum mjög spennt að ganga til samninga um þessi mál og alveg til í að gera samkomulag við borgina eins og við gerðum við Garðabæ til dæmis," segir hann en ríkið seldi lóðir við Vífilsstaði auk þess að gera ábatasamning, þar sem ábata af sölu á byggingarétti yrði skipt milli ríkis og sveitarfélags.

Í svarinu kemur fram að viðræður hafi verið við Reykjavíkurborg með hléum um langt skeið um landið við Keldur og Keldnaholt. Hefur ríkið ítrekað lagt til að gerður yrði ábataskiptasamningur um landsvæðið en í kjölfarið hafi Reykjavíkurborg ákveðið að draga verulega úr uppbyggingu þar með nýju aðalskipulagi, auk þess að seinka uppbyggingu þess. Það eru því ekki forsendur fyrir uppbyggingu landsins í nánustu framtíð.

Borgin er áhugasöm um að kaupa nokkrar lóðir af ríkinu.

Í svari Benedikts segir að erindi sé á sínum borðum þar sem óskað er eftir viðræðum um samstarf ríkis og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu íbúðar- og leiguhúsnæðis á Landhelgisgæslulóðinni, Sjómannaskólareitnum, SS-reitnum, Borgarspítalareitnum, Veðurstofuhæð og Suðurgötu – Hringbraut. Það erindi sé í eðlilegum farvegi innan ráðuneytisins. **– bb**

Skotmarkið sagt vopn ætluð Hezbollah

Ísraelar skutu eldflaug á herstöð í Damaskus. Uppreisnarmenn segja skotmarkið vopnabúr bandamanna Sýrlandsstjórnar. Ísraelar segja sprenginguna samræmast stefnu þeirra um að koma í veg fyrir vopnasmygl. Talið er að Ísraelar hafi áður gert sambærilegar árásir.

SÝRLAND Ísraelsher skaut eldflaugum sem hæfðu herstöð skammt frá alþjóðaflugvellinum í Damaskus, höfuðborg Sýrlands. Frá þessu greindu sýrlenskir ríkisfjölmiðlar í gær. Í frétt Sana segir að eldsneytistankur og vörugeymslur hafi eyðilagst í árásinni.

Fjölmiðlar á bandi sýrlenskra uppreisnarmanna segja hins vegar að skotmarkið hafi verið vopnabúr ætlað hinum líbönsku Hezbollah-samtökum.

Syrian Observatory for Human Rights, bresk samtök sem fylgjast með stríðinu í Sýrlandi, greindu frá því í gær að sprengingin hefði heyrst um alla Damaskus. Þá greindi Sana frá því að eldflaugarnar hefðu verið fleiri en ein. Ríkismiðillinn Al-Mayadeen greindi frá því að eldflaugunum hafi verið skotið úr ísraelskum þotum sem flugu yfir Gólanhæðum.

Hernaðararmur Hezbollah-samtakanna var settur á lista Evrópusambandsins yfir hryðjuverkasamtök árið 2013. Hezbollah-samtökin hafa barist við hlið sýrlenska hersins í borgarastríðinu frá árinu 2013 en styrjöldin sjálf hófst tveimur árum fyrr.

Ísraelar líta á Hezbollah, og helstu bandamenn þeirra í Íran, sem mestu ógnina við tilvist ríkis síns. Háðu Ísraelar til að mynda stríð við Hezbollah í Líbanon árið 2006 sem endaði með því að báðir aðilar lýstu yfir sigri.

„Ég get staðfest að atvikið í Sýrlandi samræmist fullkomlega stefnu Ísraels um að koma í veg fyrir að Íranar smygli þróuðum vopnum í gegnum Sýrland og til Hezbollah. Skiljanlega vil ég ekki tjá mig frekar um þetta," sagði upplýsingamálaráðherra Ísraels, Israel Katz, í samtali við Israeli Army Radio í gær.

„Forsætisráðherrann hefur sagt að hvenær sem við fáum upplýsingar um að það standi til að smygla vopnum til Hezbollah-samtakanna muni Ísraelsher grípa til aðgerða," sagði Katz enn fremur en lýsti þó ekki formlega yfir ábyrgð Ísraela á árásinni. Ísraelski herinn hefur jafnframt neitað að tjá sig um árásina að öðru leyti en því að um hundrað eldflaugar, ætlaðar Hezbollah-samtökunum, hafi eyðilagst.

Talið er að Ísraelar hafi áður varpað sprengjum á vopn sem til stóð að afhenda Hezbollah-samtökunum. Þeir hafi stundað það frá því að borgarastyrjöldin í Sýrlandi hófst. **thorgnyr@frettabladid.is**

Sprengingin heyrðist um alla Damaskus. Frá því er greint að hún hafi hæft vopn sem átti að smygla til Hezbollah-samtakanna. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrri árásir Ísraela

23. apríl 2017
Talið að Ísraelar hafi ráðist á æfingabúðir bandamanna Sýrlandsstjórnar í Gólanhæðum og fellt þrjá.

17. mars 2017
Ísraelsher staðfestir að þota hans hafi ráðist á nokkur skotmörk í Sýrlandi og skotið niður sýrlenska eldflaug.

22. febrúar 2017
Ísraelsk þota er talin hafa varpað sprengjum á nokkrar sýrlenskar herstöðvar nærri Damaskus. Einnig á bílalest Hezbollah-samtakanna.

12. janúar 2017
Sýrlenski herinn sakar Ísrael um að skjóta eldflaugum á Mezzeh-herflugvöllinn.

30. nóvember 2016
Talið að ísraelsk þota hafi skotið eldflaugum á sýrlenska bæinn Saboura.

18. janúar 2015
Sex hermenn Hezbollah-samtakanna og nokkrir íranskir hermenn falla í loftárás í sýrlensku Gólanhæðum. Ísraelar sakaðir um árásina.

19. desember 2015
Talið að ísraelskar eldflaugar hafi hæft Jaramana-hverfi Damaskus og fellt níu meðlimi Hezbollah-samtakanna.

Segja skipulag ráðherra alvarlega aðför að sjálfstjórn sveitarfélaga

SAMFÉLAG „Við verðum að geta verið við það borð sem tekur ákvarðanir sem varða samfélögin okkur," segir Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, en hann og Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hafa verið í forsvari fyrir hóp bæjar- og sveitarstjóra á Austurlandi og Vestfjörðum sem mótmæla harðlega frumvarpi Bjartar Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, að nýju haf- og strandsvæðaskipulagi. Segja bæjarstjórarnir að um alvarlega aðför að sjálfstjórn sveitarfélaga sé að ræða og forræði þeirra í skipulagsmálum.

Ekki er fyrir hendi löggjöf um skipulag á starfsemi á haf- og strandsvæðum og vaxandi eftirspurn er nú eftir athafnasvæðum, meðal annars vegna fiskeldis. Það sé því þörf að skipuleggja slík svæði og í frumvarpinu er lögð áhersla á fjölbreytta nýtingu á haf- og strandsvæðum.

Austfjarðaþokan liðast inn með fjöllunum við Reyðarfjörð. Undir yfirlýsinguna rituðu meðal annars allir bæjar- og sveitarstjórar á Austurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í sameiginlegri yfirlýsingu frá bæjarstjórum er ráðherra bent á að skipulagsmál séu eitt mikilvægasta stjórntæki sveitarstjórna. Páll bendir á að lífæð sveitarfélaga fyrir austan séu siglingaleiðirnar um firðina, ásamt því að skipulagsáætlanir í landi verði að fylgja skipulagi á fjörðum. Þess vegna verði þetta að fylgjast að í skipulagi. Þá bendir hann á að ráðherraskipaðir embættismenn hafi neitunarvald samkvæmt frumvarpinu.

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra segir að ekki sé verið að taka skipulagsvaldið af einum né neinum. „Þvert á móti er verið að gefa þeim vald eða aðkomu að skipulagi sem sveitarfélögin höfðu ekki áður. Eins og staðan er núna hafa þau ekkert haft að gera með neitt utan netlaga, en nú leggjum við til að gefa þessum sveitarfélögum aðkomu að þessum ákvörðunum nú þegar við förum í að skipuleggja haf- og strandsvæði sem liggja, eins og staðan er í dag, utan þeirra skipulagsvalds."

Páll segir að frumvarpið sé þeim nokkur vonbrigði eins og það líti út núna. „Ég er búinn að ræða þetta mál við ráðherra en á okkar rök hefur ekki verið hlustað. Það er búið að ræða þetta mál við þingmenn en það virðist eins og það eigi að fara með þetta óbreytt í gegnum þingið, sem við yrðum mjög ósátt við." **– bb**

MAY 1
DAY
OF THE ICELANDIC HORSE

LAUGARDAGINN 29. APRÍL

GÆÐINGAFIMI SPRETTS

Þriðja árs nemendur Hólaskóla bjóða upp á kennslusýningu og keppni í gæðingafimi. Mjög sterkir knapar hafa nú þegar boðað komu sína.

10:00–12:00 Kennslusýning reiðkennaraefna Hólaskóla.

13:00–17:00 Keppni í gæðingafimi.

ÆSKAN OG HESTURINN Í VÍÐIDAL

Efnilegustu hestamenn landsins sýna afrakstur vetrarstarfsins á hinni árlegu sýningu Æskan og hesturinn sem haldin verður í TM-reiðhöllinni í Víðidal.

13:00 Fyrri sýning.

16:00 Seinni sýning.

Frítt er inn á meðan húsrúm leyfir. Að sýningu lokinni er börnum boðið á hestbak í gerðinu hjá Reiðskóla Reykjavíkur.

RÆKTUN 2017 – KVÖLDSÝNING Í FÁKASELI

Ræktun 2017 er stórsýning Hrossaræktarsamtaka Suðurlands. Sýningar ræktunarbúa, afkvæmasýningar hryssna og stóðhesta ásamt hópum einstaklingssýndra hryssna og stóðhesta. Rjómi Hrossaræktarsamtaka Suðurlands hefur tilkynnt þátttöku sína.

20:00 Sýning hefst í Fákaseli að Ingólfshvoli.

SUNNUDAGUR 30. APRÍL

SKRÚÐREIÐ Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

Hin árlega skrúðreið í gegnum miðbæ Reykjavíkur er frábær fjölskylduskemmtun. Riðið er niður Skólavörðustíg og endað á Austurvelli. Þar gefst fólki tækifæri til að klappa hestunum og spjalla við knapana.

13:00 Opnunarhátíð við Hallgrímskirkju. Söngur og gleði og skrúðreið hefst.

ÆSKAN OG HESTURINN Á SAUÐÁRKRÓKI

Æskan og hesturinn er samstarfssýning ungs fólks í hestamannafélögum á Norðurlandi. Fjölbreytt og skemmtileg atriði ungra og upprennandi knapa.

14:00 Sýning hefst í Svaðastaðahöllinni á Sauðárkróki.

Frítt er inn á meðan húsrúm leyfir.

MÁNUDAGURINN 1. MAÍ

DAGUR ÍSLENSKA HESTSINS UM ALLAN HEIM

Eigendur íslenska hestsins um heim allan eru hvattir til að gera sér glaðan dag, bjóða í heimsókn í hesthús eða í útreiðartúr. Markmiðið er að kynna hestinn og hestamennsku fyrir almenningi og njóta dagsins.

DEILUM UPPLIFUNINNI

Þátttakendur eru hvattir til að deila upplifun sinni á samfélagsmiðlum og nota myllumerkið **#horsesoficeland**.

Verðlaun verða veitt fyrir skemmtilegustu myndina sem birtist þennan dag: **Vikupassi á Landsmót hestamanna í Reykjavík, dagana 1.–8. júlí 2018.**

Fylgist með Horses of Iceland á Facebook og veljið uppáhaldsmyndirnar ykkar.

Nánari upplýsingar veitir Jelena Ohm (jelena@islandsstofa.is), verkefnisstjóri, í síma 511 4000 og á vef verkefnisins: **www.horsesoficeland.is.**

PROMOTE ICELAND
ÍSLANDSSTOFA

Horses of Iceland
BRING YOU CLOSER TO NATURE

PIPAR\TBWA • SÍA • 171945

HÚSASMIÐJAN

blómaval

TAXI

TAX FREE DAGA

28. apríl

- ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI
- ALLT PALLAEFNI
- ÖLL VIÐARVÖRN
- ÖLL GARÐÁHÖLD
- ÖLL GRILL FRÁ BROIL KING

FYLGSTU MEÐ OKKUR

Byggjum á betra verði

FREE*

AR BYRJA Í DAG

til 1. maí

- ÖLL GARÐVERKFÆRI
- ÖLL RAFMAGNSVERKFÆRI
- ÖLL HANDVERKFÆRI
- ÖLL REIÐHJÓL

*Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“
Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

525 3000 | www.husa.is

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

Costco-áhrifin

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Kaup Haga á Olís eru enn ein vísbendingin um að innreið Costco á íslenskan smásölumarkað virðist ætla að valda straumhvörfum í samkeppnisumhverfi fyrirtækja í verslunarrekstri, jafnvel áður en verslun bandaríska smásölurisans verður opnuð. Þrjú ár eru liðin síðan fyrst var greint frá því í íslenskum fjölmiðlum að Costco, sem er næststærsta smásölukeðja Bandaríkjanna, væri með það til skoðunar að hefja verslunarrekstur á höfuðborgarsvæðinu. Forsvarsmenn stærstu verslunarkeðja landsins höfðu þá litlar áhyggjur af þeim fregnum og töldu ósennilegt að slík áform yrðu nokkurn tíma að veruleika. Annað kom hins vegar á daginn. Sem betur fer fyrir íslenska neytendur.

Áhrifin af innreið Costco munu ekki einskorðast við smásöluna. Sumir af stærstu heildsölum og matvælaframleiðendum landsins hafa á undanförnum mánuðum og misserum búið sig undir höggið við komu Costco, eins og Fréttablaðið hefur áður fjallað um, með því að semja við erlenda birgja sína um umtalsvert lægra innkaupsverð – gagngert vegna bandarísks smásölurisans. Fyrirséð er að veitingahús og margar smærri verslanir muni sjá hag sínum best borgið með því að sneiða fram hjá innflutningsfyrirtækjum og þess í stað beina viðskiptum sínum til Costco.

Fyrirtæki á smásölumarkaði eru einnig þegar farin að bregðast við aukinni samkeppni. Þannig hafa dekkjaverkstæði meðal annars tilkynnt að þau ætli að lækka verð á dekkjum um allt að fjörutíu prósent samhliða breyttum aðstæðum á markaði. Þrátt fyrir að mikil gengisstyrking krónunnar og aukin netverslun hafi þar án efa haft sitt að segja þá má öllum vera ljóst að slík verðlækkun hefði ekki komið til í einu vetfangi ef ekki væri fyrir Costco. Reynslan hefur enda sýnt að verslunin er oftar en ekki treg í taumi að skila gengisstyrkingu krónunnar að fullu út í verðlagið.

Kaup Haga á Olís, sem koma aðeins nokkrum mánuðum eftir að Hagar tilkynntu um sjö milljarða kaup á Lyfju, eru til marks um að stærsta smásölufyrirtæki landsins hyggst mæta nýjum keppinauti með því að færa enn frekar út kvíarnar. Markaðurinn hefur tekið vel í þau áform. Eftir að hafa verið undir þrýstingi til verðlækkunar síðustu mánuði, þar sem Costco-áhrifin hafa líklega ráðið hvað mestu um, þá hækkaði gengi bréfa Haga um tæplega sex prósent í gær. Heildarvelta Hagasamstæðunnar eftir kaupin á Olís og Lyfju mun aukast um liðlega fimmtíu prósent – úr 80 milljörðum í 120 milljarða – en félagið er afar vel í stakk búið til að ráðast í jafn stórar fjárfestingar. Hreinar vaxtaberandi skuldir Haga eru hverfandi og eiginfjárhlutfall félagsins er um 54 prósent.

Yfirtaka Haga, sem er með markaðsráðandi stöðu á dagvörumarkaði, á Olís er meðal annars háð fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Ólíklegt verður þó að teljast að Samkeppniseftirlitið muni beinlínis standa í vegi fyrir því að kaupin nái fram að ganga – einmitt vegna þess að samkeppnisumhverfið er að breytast til hins betra með tilkomu Costco. Innreið bandarískra smásölurisans til Íslands, sem og koma H&M, hefur hrundið af stað tímabærri uppstokkun í verslun hérlendis þar sem fyrirtæki leita nú allra leiða til að bregðast við aukinni samkeppni. Ekki er við öðru að búast en að sú þróun verði til hagsbóta fyrir íslenska neytendur.

Innreið bandarísku smásölurisans til Íslands, sem og koma H&M, hefur hrundið af stað tímabærri uppstokkun í verslun hérlendis.

Halldór

Frá degi til dags

Á ríkisjötunni
Þeir sem hafa rýnt í blöð og vefmiðla undanfarna daga hafa séð að stjórnmálaflokkarnir eru um þessar mundir að úthluta sínum bestu vinum bitlingum til hægri og vinstri. Illugi Gunnarsson var til dæmis kjörinn formaður stjórnar Byggðastofnunar. Í gær var svo upplýst að Ragnheiður Elín Árnadóttir hefði verið kjörin í stjórn Landsvirkjunar. Það er svo sem ágætt að þetta góða fólk hafi eitthvað fyrir stafni eftir þingmennsku. En enn betra hefði verið ef þessir boðberar einkaframtaksins fyndu sér eitthvað að gera á frjálsum markaði í stað þess að raða sér á ríkisjötuna.

Þroskinn
Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens lá ekki á skoðunum sínum þegar fréttist að portúgalski knattspyrnumaðurinn Ronaldo væri sakaður um að hafa nauðgað konu en þaggað málið niður með 40 milljóna króna greiðslu til þolandans. „Ef þú ert nógu ríkur góður í fótbolta þá getur þú nauðgað," sagði Bubbi og bætti því við að hann myndi aldrei horfa á Ronaldo framar. Líklegast hefur Bubbi þroskast enda horfði hann forðum daga fullur aðdáunar á Mike Tyson berjast í hnefaleikahringnum. Og það þótt Tyson ætti sögu um að beita konur ítrekuðu og margvíslegu ofbeldi.
jonhakon@frettabladid.is

Stöðugleikasjóður auðlindahagkerfisins

Lilja Alfreðsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Verkefni okkar er að draga úr sveiflum og auka stöðugleika. Vegna smæðar hagkerfisins og tiltölulega fábreytts útflutnings, þá mun íslenska hagkerfið alltaf búa við einhverjar sveiflur. Ísland er útflutningsdrifið auðlindahagkerfi. Hagsaga okkar hefur einkennst af miklum hagsveiflum en þær gera almenningi og fyrirtækjum í landinu erfiðara fyrir að gera áætlanir um framtíðina. Stofnun Stöðugleikasjóðs Íslands mun draga úr sveiflum og auka þar með stöðugleika. Slíkur sjóður kæmi í veg fyrir að uppgangur í einni útflutningsgrein skerði samkeppnishæfni annarra. Þjóðir sem eru ríkar af auðlindum, líkt og Ísland, hafa sett upp svipaða sjóði í sama tilgangi. Norski olíusjóðurinn er eitt besta dæmið um slíkan sjóð.

Fjármála- og efnahagsráðherra sagði á ársfundi Landsvirkjunar á miðvikudaginn að nýr vinnuhópur hefði verið skipaður til að leggja drög að þjóðarsjóði. Ráðherrann talar fyrir því að arðgreiðslur frá Landsvirkjun muni fjármagna sjóðinn og sem gætu verið á bilinu 10-20 ma.kr. á ári. Þetta dugar ekki til. Slíkur sjóður mun ekki auka stöðugleika eins og við öll sækjumst eftir því of langan tíma tekur að byggja upp myndarlegan höfuðstól.

Stöðugleikasjóðinn á frekar að fjármagna með nokkrum leiðum. Í fyrsta lagi með stofnframlagi, til dæmis hluta af stöðugleikaframlögum slitabúanna sem nýttur er til kaupa á gjaldeyri af Seðlabankanum. Það myndi minnka tugmilljarða kostnað á hverju ári sem hlýst af gjaldeyrisforða þjóðarbúsins. Í öðru lagi ættu tekjur ríkissjóðs af nýtingu auðlinda landsins, þ.e. sjávarútvegi, orkuiðnaði og ferðaþjónustu, að fara í sjóðinn. Í þriðja lagi ætti ríkissjóður að nýta tekjuafgang sinn þegar vel árar og setja í sjóðinn. Þar með myndi ríkissjóður ganga í takt við Seðlabankann og vextir gætu lækkað.

Stöðugleikasjóðurinn getur gegnt lykilhlutverki í hagstjórn landsins og orðið til þess að vextir lækki með minni sveiflum og því að ríkissjóður og Seðlabanki gangi í takt. Að sama skapi á að nýta stöðugleikasjóðinn til innviðauppbyggingu þegar skórinn kreppir. Það væri til mikils að vinna ef hægt væri að auka stöðugleika í íslensku hagkerfi og nú eru kjöraðstæður til þess.

Stöðugleikasjóðurinn getur gegnt lykilhlutverki í hagstjórn landsins og orðið til þess að vextir lækka með minni sveiflum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Úr iðrum Sjöunnar

Í DAG



Bergur Ebbi

Nokkrir hlutir verða útskýrðir í þessum pistli. Fyrst þarf ég að útskýra titilinn. „Sjöan“ er 8. áratugurinn. Hvers vegna sjöan? Vegna þess að persónulega hefur mér alltaf fundist það til trafala í íslensku að árin sem byrja á orðunum „sjötíu” séu nefnd eftir áratug sem heitir „áttundi“. Ég veit vel að merkingarlega er ekkert athugavert við það en ég bara fíla það ekki og hef aldrei gert. Til að negla þetta betur inn í vitund ykkar: Fiftís (6. áratugurinn) er „fimman“, sixtís (7. áratugurinn) er „sexan“, seventís (8. áratugurinn) er „sjöan“. Og svo framvegis. Að lokum tel ég skylt að geta þess að ég lærði þessa orðanotkun af Dr. Gunna, rithöfundi, tónlistarmanni og pistlahöfundi, sem einnig hefur skrifað mikið um poppkúltúr á íslensku og tók upp þennan sið af sömu ástæðu og ég.

Næsta mál á dagskrá.

„Nordic Noir“ er sú bókmenntastefna kölluð sem kenna má við höfunda eins og Stieg Larson, Arnald Indriðason og fleiri. Að sjálfsögðu er þetta fremur markaðshugtak en nafn á alvöru bókmenntastefnu, en merking og þungi þess er samt þó nokkur. Hugtakið fangar ákveðna stemningu. Lykilorðin fyrir íslenskt nordic noir gætu til dæmis verið: myrkur, sérviska, leyndarmál, skammdegi, morð, félagsleg vandamál, kvíði, snjór, drungi, ull, gamlar sveitakirkjur og bjúga. Íslenska glæpasagnahefðin er nefnilega engin froða. Hún er byggð á djúpum grunni sem snýr að uppgjöri íslenskrar nútímaþjóðar við aðra þjóð sem bjó hérna fyrir aðeins rúmlega einni kynslóð síðan, en það var þjóð dulmagns, forlagatrúar og hörku.

Sjáið til. Ísland breyttist hraðar en önnur samfélög. Í sjöunni var enn til draughrætt fólk sem meig í kamra. Það var ekkert litasjónvarp og enginn skyndibiti og taktur samfélagsins var sleginn með reglulegum hvellum frá þeirri iðju að skjóta fjárhunda bak við hlöðuveggi. Það er svo stutt síðan þetta var svona að það verður að teljast algjör manía, í sögulegu samhengi, að Ísland teljist í dag nútímavædd þjóð. Og svo eru það öll leyndarmálin, misnotkunin, kvölin, eymdin, myrkrið og vormaníugulan og myndlistarmanna-sjöu-geðklofagulan. Sjöan er kyndiklefinn í kjallaranum, þar sem eldurinn brennur, þar sem galdrar og bartar ráða ríkjum og þó að sjöan sé liðin þá er hún þarna enn þá að framleiða dulmagn fyrir þessa þjóð, framleiða dulmagn og aðdráttarafl sem nú er verið að selja á flöskum.

Í þekktasta óuppgerða sakamáli Íslandssögunnar kristallast öll þessi atriði. Geirfinnsmálið er eitthvað sem við sækjum djúpt úr iðrum sjöunnar. Þegar karlmenn gengu

Í sjöunni var enn til draughrætt fólk sem meig í kamra. Það var ekkert litasjónvarp og enginn skyndibiti og taktur samfélagsins var sleginn með reglulegum hvellum frá þeirri iðju að skjóta fjárhunda bak við hlöðuveggi. Það er svo stutt síðan þetta var svona að það verður að teljast algjör manía, í sögulegu samhengi, að Ísland teljist í dag nútímavædd þjóð.

í útvíðum ullarbuxum með broti við Álafoss úlpur og reyktu sígarettur og spiluðu snóker og hurfu svo í myrkrinu. Hurfu svo í myrkrinu í myrkasta árstímanum í myrkasta landinu á myrkasta áratugnum. Ó myrka sjöa. Myrkrið í Geirfinnsmálinu er svo mikið að enginn höfundur gæti gert það skarpara með stílfærslu. Myrkur er nefnilega eitt af fáu sem tækni getur ekki betrumbætt. Það skiptir engu hversu margir pixlar eru í boði á símanum þínum – hann nær samt ekki að gera myrkrið svartara. Myrkur er myrkur og Geirfinnsmálið upplýsist aldrei, sama hversu margar Netflix-seríur verða gerðar um það. Því meiri athygli sem það fær, því horfnari eru fórnarlömbin.

Næsta atriði.

Þegar ég gekk út um lendingarhlið Icelandair flugvélarinnar eftir að hafa lent á Leifsstöð í síðustu viku blasti við mér stór áletrun á vegg flugstöðvarinnar. Á vegginn var ritað fyrsta erindið úr fyrstu ljóðabók Péturs Gunnarssonar, í enskri þýðingu. Ljóðið er úr bókinni Splunkunýr dagur, sem kom út 1973, og það var eitthvað við samhengið sem stakk mig þó ég vilji taka sérstaklega fram að ég hef ekkert á móti því að ljóð séu prentuð með hástöfum á veggi. Mér finnst ljóð ekkert betri ef þau liggja hógvær í rykföllnum hillum á bókasöfnum. En hvers vegna þetta ljóð? Kannski var akkúrat þetta erindi valið því það inniheldur orðið „volcanoes“ og nær þannig að falla betur inn í kreditkortaauglýsingar með jöklamyndum sem annars prýða veggi flugstöðvarinnar. En ég sá eitthvað allt annað. Ég sá skilaboð djúpt úr iðrum sjöunnar, beint úr vitund síðhærðs ljóðskálds í Álafoss-úlpu. Ég sá sjöuna. Við lendingarhliðið.

Þau mega fá allt hitt. Jöklana, hreina vatnið, lakkrísinn, úlpurnar og djammið. En ekki gefa þeim sjöuna og ekki gefa þeim myrkrið. Og hvað á ég með að ráðskast með sjöuna? Ég lifði hana ekki einu sinni. Og það er einmitt málið. Þess vegna er hún svo dimm, því ég var ekki einu sinni til og stórskáld þessarar þjóðar geta ekki amast við mér fyrir að vera meyr yfir þessu enda hafa þau varla ort neitt fyrir mig nema nostalgíska þroskasögudrullu og breytt mér í varðhund sjöunnar. Urr. Snáfið túristar. Ekki sniffa af sjöunni. Drullið ykkur burt. Þið snertið ekki sjöuna, kamelgula, reykmettaða snókerstofuna. Horfðu til himins og sjáðu gang tunglanna. Hér er línan dregin. Værukæra þjóð. Ekki sjöuna því þar býr samviska þín og leyndarmálin sem aðeins þeir mega heyra sem gengið hafa slyddublautir inn í karrílyktandi heimili með dánarfregnir og jarðarfarir-stefið lemjandi heilahvelin að innan. Hugsaðu þig um áður en þú framkvæmir. Hugsaðu þjóð, hugsaðu, þó að vitundarstigið sé brenglað eftir vökuna og sólin vilji ekki setjast. Það er eftirpartí á Njálsgötu, hér eru allir svangir og ruglaðir. Og þarna er hún. Sjálf Sjöan. Svona er hún þá. Sexí og dimm, og rugluð því pabbi hennar var drullusokkur sem veigraði sér ekki við að aflífa hunda. Sjöan dillar sér hægt við hálfkæfða tóna frá Patti Smith Group, í síðu pilsi, stúlka með ógæfuáru og aðdráttarafl myrkursins. Þú liggur í sófanum. Er ekki nóg að dást að henni? Þarftu að snerta, þarftu að ganga alla leið? Og þér, værukæra þjóð, er drullusama því þú veist að Sjöan er full af myrki og þú vilt þetta myrkur. Þú vilt munda hnífinn og sjá myrkrið sullast og frussast og smyrjast þunnt yfir teppið og henda kamelstubb oní og drepa í með gúmmískó. Því þú, kæra þjóð, getur aldrei hrist úr þér Mórann sem þú ert. Þú ert draugur úr Skútustaðahreppi að sturta í þig drykk í Icelandair vél með Geirfinn í afþreyingarkerfinu og þú starir á skjáinn í von um að hverfa eins og hann.

Hættum málflutningi og nýtum þekkinguna

Gísli Sigurðsson
íslensku-fræðingur

Einu viðbrögðin við þeim áskorunum sem fólgnar eru í fiskeldi eru þau að stunda eldið í lokuðum kerfum.

Einar K. Guðfinnsson skrifar í Fréttablaðið 26. apríl og viðurkennir þar að umhverfinu stafi hætta af opnu sjókvíaeldi á fiski. Einar er bjartsýnn og áræðinn og lítur á þessar hættur sem áskorun. Grein hans var svar við varnaðarorðum mínum í Frbl. 19. apríl. Það væri frábært ef mönnum tækist að mæta þeim áskorunum sem Einar ræðir um. Engar vísbendingar eru þó um að þar sé nokkur von.

Norska ríkisendurskoðunin tók saman skýrslu fyrir nokkrum árum um umhverfisáhrif af opnu sjókvíaeldi: https://www.riksrevisjonen.no/en/Reports/Documents/Document_3_9_2011_2012.pdf. Þá rannsókn þarf ekki að vinna aftur fyrir takmarkað íslenskt rannsóknafé. Síðan hefur slysasleppingum eldisfiska að vísu fækkað. Í fréttum frá Skotlandi í aprílbyrjun kom fram að um 20.000 eldislaxar (um helmingur af meðalstangveiði hér á landi) hefðu sloppið hjá sama fyrirtæki og á stóran hlut í Arnarlaxi sem boðar sama „öryggis“búnað hér landi. Slysið í Skotlandi staðfestir að eldislax í sjókvíum mun alltaf sleppa út í náttúruna.

Vísindarannsóknir hafa sýnt þá hættu sem villtu lífríki er búin af sjókvíaeldi. Af þeim nýjustu þekki ég til: „The major threats to Atlantic salmon in Norway“ í *ICES Journal of Marine Science* (https://www.researchgate.net/publication/314371961_The_major_threats_to_Atlantic_salmon_in_Norway) og „Gene flow from domesticated escapes alters the life history of wild Atlantic salmon“ í *Nature* (https://www.nature.com/articles/s41559-017-0124).

Niðurstöðurnar eru svo ótvíræðar að við getum sparað okkur „málflutning“ með og á móti sjókvíaeldi eins og nú fer fram hér á landi. Allra síst ætti það að standa upp á íslenskufræðing með áhuga á stangveiði að þurfa að berjast með lyklaborðinu sínu við norsk stórfyrirtæki og auglýsingastofur í máli sem réttsýn stjórnvöld ættu fyrir löngu að hafa fært til betri vegar. Það er hluti af þeim boðorðum sem mannkynið hefur sett sér í umgengni við náttúruna að við skulum ekki útrýma villtum dýrastofnum með háttsemi okkar. Einu viðbrögðin við þeim áskorunum sem fólgnar eru í fiskeldi eru þau að stunda eldið í lokuðum kerfum.

Um áhyggjulausa ævikvöldið

Ellert B. Schram
formaður FEB

Það stendur upp á stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar að breyta þessu ógeðslega frítekjumarki. Ef þeir á annað borð meina það sem þeir segja um áhyggjulaust ævikvöld.

Nú fyrr í mánuðinum flutti ungur varaþingmaður, Albert Guðmundsson, jómfrúarræðu sína á Alþingi og hún fjallaði um málefni aldraðra. Full ástæða er til að hrósa honum fyrir að nota þetta hátíðartækifæri sitt til að tileinka þessa fyrstu ræðu sína „þeim sem eldri eru“.

Það er ekki á hverjum degi sem yngra fólk og jafnvel ráðandi fólk beinir athyglinni að kjörum og málefnum eldri borgara.

Albert vék að frítekjumarkinu, sem nú hefur verið lögfest á þann hátt að fólk sem fær tryggingabætur frá almannatryggingum situr í þeirri fátæktargildru að ef viðkomandi vinnur sér inn aukatekjur, umfram það sem hann fær frá almannatryggingum, til dæmis 100 þús. kr., heldur hann eftir 25% af viðbótartekjunum.

Jú, þetta á að laga, segja ráðherrarnir, næstu fjögur árin! Í nafni fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar. Hvað skyldu margir lifa það af? Hverjir taka slíkar ákvarðanir og áætlanir nema ríkisstjórnin sem er háð þeim þingmönnum sem styðja stjórnarflokkana. Og þeim ungu þingmönnum, þar á meðal Albert Guðmundssyni, sem hugsar hlýtt til eldri borgara og hags þeirra.

Þau lögbundnu skerðingarákvæði sem nú gilda, eru verk núverandi ríkisstjórnar. Það frítekjumark, sem lögleitt hefur verið, er smánarblettur á því hlutverki sem stjórnmálafólk á að sinna. Albert segir: „Það er skylda okkar að tryggja að þeir sem hafa skilað góðu dagsverki og greitt til samfélagsins alla ævi, geti lifað áhyggjulaust ævikvöld og einnig að við hvetjum til virkni þeirra sem starfsgetu hafa og kjósa að halda áfram að vinna.“

Heyr fyrir honum, en þá verður hann líka, þessi sómadrengur á Alþingi, að láta kné fylgja kviði og berjast gegn þeim fátæktargildrum sem eldra fólki standa til boða. Og hver er svo skynlaus að halda, að frítekjumörk eldri borgara séu sanngjörn eða boðleg á ævikvöldi? Eða að þau leiði til meira framlags og atvinnuþátttöku fólks á efri árum? Fjármálaáætlun kemur ekki af himni ofan. Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er verkefni hennar sjálfrar. Hún er mannanna verk. Hún er ekki höggvin í stein.

Það stendur upp á stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar að breyta þessu ógeðslega frítekjumarki. Ef þeir á annað borð meina það sem þeir segja um áhyggjulaust ævikvöld. Unga fólkið á Alþingi getur ráðið ferðinni. Ef það vill.

Bráðahjúkrun – í þröngri stöðu

Helga Rósa Másdóttir
bráðahjúkr-unarfræðingur MN, formaður Fagdeildar bráðahjúkrunar-fræðinga

Dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir
lektor, formaður Fagráðs í bráðahjúkrun á Landspítala

Öryggi sjúklinga, sem ættu að vera í sérhæfðri meðferð á legudeildum en liggja langdvölum í óviðeigandi umhverfi á bráðamóttöku, er verulega ógnað.

Þegar einstaklingar leita á bráðamóttöku vegna bráðra veikinda eða slysa eru það bráðahjúkrunarfræðingar sem taka á móti þeim. Bráðahjúkrunarfræðingar nýta menntun sína, þekkingu og reynslu til þess að takast á við breytilegt ástand sjúklings. Þeir hafa sérstaka þjálfun og góða innsýn í sjúkdóms- og áverkaferli, orsakir, áhættuþætti, greiningu og meðferð. Mjög náin samvinna er við bráðalækna, aðra sérfræðinga og sérhæft starfsfólk. Virðing og traust milli samstarfsaðila endurspeglast í miklum metnaði til að veita skjólstæðingum góða þjónustu.

Starf bráðahjúkrunarfræðingsins er vissulega margþætt og byggist á þeim skjólstæðingum sem leita bráðaþjónustu. Helstu einkenni starfsins eru hraði, fjölbreytileiki og óvæntar uppákomur þar sem bráðahjúkrunarfræðingurinn þarf að hafa yfirgripsmikla þekkingu og hæfni sem nýtt er, oft á skjótan hátt undir miklu álagi en á öruggan og yfirvegaðan hátt. Viðhorf til starfa þarf að vera jákvætt og öllum skjólstæðingum þarf að vera sinnt á einstaklingsmiðaðan hátt en leggja einnig áherslu á góða umönnun aðstandenda hins veika eða slasaða.

Bráðahjúkrunarfræðingar starfa víða. Í heilsugæslu, forvörnum og í kennslu, en aðalstarfsvettvangurinn er á slysa- og bráðamóttökum á sjúkrastofnunum landsins. Hjúkrunin felur m.a. í sér greiningu bráðveikra og slasaðra og forgangsröðun þeirra. Meðferð alvarlegra eða minniháttar slysa og beinbrota. Fjölbreytta hjúkrun bráðveikra til dæmis vegna hjartasjúkdóma, taugasjúkdóma, kvíðverkja, bráðaofnæmis, sýkinga eða annarra veikinda. Bráðahjúkrunarfræðingar sinna veikum börnum og fjölskyldum þeirra. Einnig eru bráðahjúkrunarfræðingar sérþjálfaðir í móttöku og umönnun fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

Bráðahjúkrunarfræðingar starfa í viðbragðssveitum sem virkjaðar eru við stórslys og hafa þeir þá hæfni og þekkingu til að starfa með öðrum viðbragðsaðilum við almannavarnaástand.

Símenntun og þróun í starfi eru grundvallaratriði í bráðahjúkrun; heilsufarsvandamál eru síbreytileg og framfarir í heilbrigðisvísindum stöðugar. Því er nauðsynlegt að bráðahjúkrunarfræðingurinn nýti ávallt nýjustu þekkingu í umönnun veikra og slasaðra og tryggi þannig gæði hjúkrunar. Á Landspítala hefur Fagráð í bráðahjúkrun verið starfrækt frá 2012 og er hlutverk þess að hafa yfirsýn og vera leiðandi í fræðilegri og faglegri þróun. Fagráðið fjallar um málefni sem tengjast hjúkrun sjúklinga og aðstandenda þeirra, greinir faglegar þarfir skjólstæðinga á sviði bráðahjúkrunar, ákveður áherslur og forgangsraðar rannsóknum, þróun og faglegum verkefnum.

Öryggi sjúklinga ógnað

Undanfarin ár hafa meðlimir fagráðsins endurtekið lýst yfir áhyggjum af stöðu bráðahjúkrunar á Landspítala. Nánast daglegt brauð er að fjöldi sjúklinga ílengist á bráðamóttöku eftir fyrstu greiningu og meðferð sjúkdóma. Sá fjöldi sjúklinga sem kemst ekki frá bráðamóttökunni á legudeildir spítalans jafnast iðulega á við stærstu legudeildir, eða allt upp undir 30 manns. Eðli málsins samkvæmt þarfnast þessi sjúklingahópur almennt annarrar sérhæfðrar hjúkrunar en tengdra bráðra vandamála. Bráðahjúkrunarfræðingar hafa af þessum sökum verið undir miklu álagi við að sinna fjölda skjólstæðinga sem í raun þarfnast sérhæfðrar hjúkrunar á öðrum sviðum. Bráðahjúkrunarfræðingar hafa að sjálfsögðu leitast við að efla hæfni sína varðandi sérhæfðar meðferðir og þarfir þessara skjólstæðinga. Hins vegar er það ljóst að ef best mætti vera fyrir skjólstæðingana ættu þeir að fá hjúkrun á viðeigandi sérsviði hjúkrunar og á sérhæfðum legudeildum. Á bráðamóttöku koma sífellt nýir og nýir bráðveikir einstaklingar sem þarfnast greiningar og fyrstu meðferðar, allt að 200 manns á sólarhring. Þjónusta bráðamóttöku er hönnuð fyrir slíka starfsemi en erilsamt umhverfið og hin sérhæfða bráðaþjónusta er ekki æskileg fyrir langdvöl mikið veikra sjúklinga í virkri meðferð.

Hugmyndafræði bráðahjúkrunar leggur áherslu á að umönnun og meðferð slasaðra og bráðveikra einstaklinga sé veitt af fólki með sérþekkingu. Þannig sé sjúklingum tryggð besta mögulega bráðahjúkrun sem völ er á hverju sinni. Fagdeild bráðahjúkrunarfræðinga og Fagráð í bráðahjúkrun á Landspítala lýsa yfir verulegum áhyggjum af velfarnaði bráðveikra og slasaðra sem leita á yfirfullar bráðamóttökur. Öryggi sjúklinga, sem ættu að vera í sérhæfðri meðferð á legudeildum en liggja langdvölum í óviðeigandi umhverfi á bráðamóttöku, er verulega ógnað. Fyrir hönd bráðahjúkrunarfræðinga kalla undirritaðar eftir skjótum viðbrögðum frá viðeigandi stjórnvöldum.

Um húsnæðismál

Úrsúla Jünemann
kennari á eftirlaunum

Af hverju er ennþá verið að byggja húsnæði sem fáir hafa efni á að kaupa? Af hverju er ekki hægt að reisa lítil ódýr einingahús á steyptri plötu, ekki seinna en núna, til að vinna gegn þessum bráða húsnæðisvanda?

1973 varð eldgos í Vestmannaeyjum og fleiri þúsund manns sem höfðu búið í Heimaey urðu húsnæðislaus. Á mjög stuttum tíma risu þá lítil hús fyrir þetta fólk, svonefnd viðlagasjóðshús. Þetta voru ekki glæsihallir en notalegar litlar íbúðir sem uppfylltu þarfir manna um að fá þak yfir höfuðið. Við keyptum á sínum tíma slíkt hús, tæplega 100 m² timburraðhús með litlum garði. Þetta eru finnsk einingahús þar sem hver krókur og kimi nýtist vel. Þarna höfum við hjón búið í 34 ár ásamt sonunum okkar tveimur. Okkur líður vel og við ætlum ekki að flytja héðan.

Húsnæðisvandi unga fólksins er á allra vörum. Það þarf að byggja fleiri hús og íbúðir til að leysa þennan vanda. En hvað er að gerast og hefur gerst undanfarið? Okurfélög eins og Gamma og Heimavellir hafa séð sér leik á borði og keypt upp húsnæði í stórum stíl til að leigja út á uppsprengdu verði. Húsnæði sem er til sölu í dag er yfirleitt of stórt og of dýrt þannig að venjulegur launþegi á ekki nokkurn möguleika á að fjárfesta í slíku. Fátt er í boði af litlum íbúðum og er með langhæsta fermetraverðið. Auðvitað, markaðurinn ræður.

Við slíkri þróun er með öllu óskiljanlegt að Íbúðalánasjóður seldi stóran part af sínum íbúðum til einkaaðila fyrir nokkrum árum.

Unga fólkið sem ætlar að kaupa sína fyrsta íbúð verður verst úti, oft með námslán á herðunum og engan sparnað. Ef efnaðir foreldrar styðja ekki við bakið á þeim er dæmið alveg vonlaust. Þunglyndi meðal unga fólksins hefur aldrei verið jafn áberandi. Landflótti heldur áfram og við missum oft þau efnilegustu úr landi.

En hvaða íbúðir er verið að byggja núna? Steinsteypuklumpa, oft með bílakjallara undir, sem hækkar verðið um nokkrar milljónir. Innanhúss stór rými sem nýtast illa, en flott skal það vera. Verktakar vilja yfirleitt ekki fara í að byggja litlar ódýrar íbúðir því ekki er hægt að græða nóg á því. Í fasteignaauglýsingum finnur maður varla íbúðir undir 35-40 milljónum. Þar fyrir neðan eru nokkrar ósamþykktar kjallaraholur í boði þar sem mygla og jafnvel meindýr er að finna. Og þegar maður skoðar leiguhúsnæði þá er villta vestrið alveg í hámarki, leigufélögin gera sér neyð fólksins að féþúfu. Leiguverðið gleypir að mestu leyti kaup venjulegs launafólks. Allar kjarabætur undanfarinna ára eru fyrir löngu farnar í þessa botnlausu hít.

Nú spyr ég: Af hverju er enn þá verið að byggja húsnæði sem fáir hafa efni á að kaupa? Af hverju er ekki hægt að reisa lítil ódýr einingahús á steyptri plötu, ekki seinna en núna, til að vinna gegn þessum bráða húsnæðisvanda? Alveg eins og eftir Vestmannaeyjagosið á sínum tíma? Ríkið og sveitarfélög ættu að geta unnið saman að slíkum verkefnum. Ávinningurinn væri ekki beint í beinhörðum peningum. En það myndi efla samkeppni á húsnæðismarkaðnum, slá vopnin úr höndum leiguokrara og koma í veg fyrir landflótta og vanlíðan ungs fólks sem endar oftar en ekki í örorku.

Ef ekki á að fara illa er þörf á markvissum aðgerðum núna.

Geldfiskur er málið

Bubbi Morthens
tónlistarmaður

Þá er talsmaður norsku aurgoðanna farinn að skrifa og svara gagnrýni sem fellur líkt og svört nóttin á iðnaðinn sem hann hefur verið keyptur til þess að verja. Gott og vel. Matvælastofnun (MAST) hefur úthlutað leyfum eins og enginn væri morgundagurinn þó að um borð í þeirri skútu hafi verið dýralæknir sem sat beggja vegna borðsins. Þegar upp komst um kauða lofaði hann að hætta að selja eldismönnum bóluefni en situr áfram og lætur þá fá eldisleyfi. Hvað er þetta með Matvælastofnun? Að maðurinn skuli sitja áfram er einfaldlega skandall.

Meira að segja sjávarútvegsráðherra sem fer með valdið segir að menn eigi að hægja á sér, of hratt hafi verið úthlutað. Það er óvissa um lögmæti leyfa sem Matvælastofnun hefur veitt Arnarlaxi hf. og Löxum Fiskeldi ehf., það kemur skýrt fram í stefnu Náttúruverndar 1 og Náttúruverndar 2 á hendur MAST og umræddum félögum. Þar er farið fram á ógildingar á leyfum sem fyrirtækin fengu til laxeldis og meðal annars byggt á því að MAST hafi brotið gegn 40. grein stjórnarskrárinnar og brotið varúðarreglu 9. greinar laga um náttúruvernd vegna verulegrar hættu á óafturkræfum náttúruspjöllum.

Til þess að sátt náist um þessa mengandi stóriðju er svarið geldfiskur. Hann er það eina sem kemur til greina og ætti í raun að vera búið að ganga frá því að svo verði. Það er eini möguleikinn til þess að sátt náist um þennan sorgarkafla í íslenskri náttúrusögu.

Eldismenn tala um ströngustu reglur um búnað til að ala laxinn í en allir sem nenna að kynna sér málið vita að það dugar ekki til. Fyrir þrjátíu árum hófu Norðmenn laxeldisævintýri sitt við ósa margra laxveiðiáa í landi sínu. Þá vissu menn ekki betur og allt fór fjandans til. Nú vita allir betur. Hafið við Ísland fer hlýnandi. Laxalúsin mun valda laxeldisfyrirtækjum hrikalegum vandræðum og í raun er það þegar byrjað. Hér höfum við storma sem æða inn firðina óhindrað en í Noregi eru firðirnir lygnari og í betra skjóli. Sem þýðir einfaldlega það að þegar hér geisa fárviðri með 45 metra vind á sekúndu þá er stór hætta á að laxinn sleppi. Og þegar talað er um að bannað sé að ala upp laxa nálægt náttúrulegum villtum laxastofnum og engin hætta sé á ferð þá er það hlálegt því það stefnir í að magnið verði svo yfirgengilegt að það muni einfaldlega ekki skipta máli þegar þeir byrja að sleppa.

Stjórnvöld hafa verið sofandi en verða nú að taka af festu og öryggi á þessum málum. Það er grátlegt að þá fyrst skuli stjórnvöld vakna þegar MAST hefur mokað út leyfum og villta vestrið blómstrar.

Það er sorglegt að sjá fyrrverandi forseta Alþingis, ráðherra og þingmann sem orðinn er talsmaður norsku aurgoðanna, hann situr nú í öðrum stól en undanfarin ár og þar er litla sem enga sæmd að finna.

Forðast að tala um mengun

Menn forðast að tala um þá mengun sem muni hljótast af þessu öllu saman. Hún er líka af þeirri stærðargráðu sem enginn hefur séð áður við strendur landsins. Stór hluti lífríkisins þar sem kvíarnar verða mun eyðileggjast að mestu. Botninn þar verður sem eyðimörk á að líta. Sýklalyf, bóluefni, litarefni, sterar – allt þetta verður og er í laxinum sem endar á diski fólksins. Geðfellt eða hvað?

Til þess að sátt náist um þessa mengandi stóriðju er svarið geldfiskur. Hann er það eina sem kemur til greina og ætti í raun að vera búið að ganga frá því að svo verði. Það er eini möguleikinn til þess að sátt náist um þennan sorgarkafla í íslenskri náttúrusögu. Laxeldi er svo freklegt inngrip í lífríkið að það er með ólíkindum að ráðamenn stígi ekki fram og tjái sig um þetta. En hér er það aftur smæðin sem veldur. Pólitík, vinasambönd, tengslanet þvælast fyrir. Allir vita að kvótakerfið fór illa með Vestfirðinga, það er sorgarsaga. Laxeldið mun ekki bjarga neinu þó svo að einhverjir fái vinnu við það. Nú þegar er slatti af erlendu vinnuafli að vinna í laxeldinu. Hagnaður mun að mestu fara úr landi og seinustu fréttir gleðja öngvan. Þær segja að stærsta slysaslepping sögunnar hafi átt sér stað fyrir utan strönd Skotlands nýverið. Tugþúsundir laxa sluppu út. Það skiptir ekki máli hvernig þeir sluppu. Að þeir sluppu er staðreynd. Þetta mun gerast hér. Geldfiskur er eina lausnin til þess að verja íslenska náttúru.

www.ils.is 569 6900 08:00–16:00

Almennar íbúðir
Opið fyrir umsóknir um stofnframlög, fyrri úthlutun 2017

Íbúðalánasjóður

Auglýst er eftir umsóknum um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda.

Eingöngu úthlutað til nýbygginga
Í þessari úthlutun verður eingöngu úthlutað til byggingar nýrra íbúða. Er það gert til að mæta brýnni þörf fyrir litlar og hagkvæmar íbúðir og í ljósi þess framboðsskorts sem nú er á fasteignamarkaði. Sérstök áhersla er einnig lögð á íbúðir á svæðum þar sem þörf er á leiguíbúðum fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

Auk þess verður lögð áhersla á:
- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar sbr. viðmiðunarstærðir
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað
- Hugvitsamlegar lausnir og góða hönnun
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun

Viðmiðunarstærðir
Við úthlutun verður horft til þess að íbúðir séu að jafnaði ekki stærri en eftirfarandi tafla segir til um:

Fjöldi herbergja	Hámarksstærð m.v. herbergjafjölda
Einstaklingsíbúð	50 m²
2ja herbergja íbúð	60 m²
3ja herbergja íbúð	80 m²
4ra herbergja íbúð	95 m²
5 herbergja íbúð	110 m²

Fjárhæð til úthlutunar í fyrri úthlutun ársins 2017 er að hámarki 1.400 milljónir kr.

Nauðsynlegt er að sækja jafnframt um stofnframlag hjá því sveitarfélagi þar sem viðkomandi íbúð er staðsett, og er samþykki sveitarfélagsins eitt af skilyrðum fyrir veitingu stofnframlags ríksins.

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu sjóðsins. Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2017. Umsókn sem berst eftir að umsóknarfrestur rennur út verður ekki tekin til umfjöllunar.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.

Umsóknarfrestur:
30. maí 2017

2.698 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI

LAMBAINNRALÆRI
verð áður 3.598 kr./kg

1.198 kr.

ÚR KJÖTBORÐI

SVÍNAKÓTILETTUR
verð 1.498 kr.

1.198 kr./kg

KJARNAFÆÐI LAMBALÆRI FROSIÐ
verð áður 1.498 kr./kg

1.998 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI

LAMBALÆRISNEIÐAR
verð áður 2.198 kr./kg

2.998 kr.

ÚR KJÖTBORÐI

LAMBAPRIME
verð áður 3.698 kr./kg

464 kr.

553 kr.

AUÐUR 170G

LJÓTUR BLÁMYGLUOSTUR

698 kr.

ÍSLENSK JARÐARBER 200G
TAKMARKAÐ MAGN

998 kr.

BLÁBER 500G FATA

1.160 kr.

1.160 kr.

1.044 kr.

OSTAKAKA M/KARAMELLU **OSTAKAKA M/HINDBERJUM** **OSTAKAKA M/BLÁBERJUM**

558 kr./pk.

HAMBORGARAR 115G 2 STK. Í PK.
verð áður 620 kr./pk.

Snertilausar greiðslur
VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT **- Tilvalið gjafakort**

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**

2.998 kr.

FROZEN CANVAS SKÓR

2.678 kr.

STAR WARS CANVAS SKÓR

2.498 kr.

BEST PUPS CANVAS SKÓR

2.498 kr.

MINIONS CANVAS SKÓR

2.498 kr.

HVOLPASVEITIN CANVAS SKÓR

FJARÐARKAUP

VIÐ ERUM Í SUMARSKAPI

TILBOÐ GILDA TIL 29. APRÍL

308 kr.

SÁPUKÚLUR Í MÚFFU

6.298 kr.

KUBB FAMILY

638 kr.

BOLTAR, ÝMSAR GERÐIR 22 CM

998 kr.

VATNSBYSSA M/VATNSBLÖÐRUM

398 kr.

FROZEN SÁPUKÚLUR

LOKAÐ 1. MAÍ

FK

FJARÐARKAUP

PEPSI-DEILDIN SPÁ 2017

1. ?
2. ?
3. Valur
4. Stjarnan
5. Breiðablik
6. Fjölnir
7. KA
8. Víkingur R.
9. ÍBV
10. ÍA
11. Grindavík
12. Víkingur Ólafsvík

Stjarnan: Atlaga að titlinum inni í myndinni

Íþróttadeild 365 heldur áfram niðurtalningu fyrir nýtt keppnistímabil í Pepsi-deild karla í dag og með árlegri spá sinni um deildina. Spánni verða gerð skil í öllum miðlum okkar – hún birtist fyrst í Fréttablaðinu en verður svo fylgt eftir í ítarlegri útgáfu á Vísi sem og í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Íþróttadeild 365 spáir Val 3. sæti Pepsi-deildarinnar í ár en liðið hefur gefið eftir í toppbaráttunni undanfarin tvö tímabil eftir að verða bikarmeistari.

Valsmenn eru gríðarlega vel mannaðir, sérstaklega á miðjunni þar sem sex góðir leikmenn berjast um tvær stöður. Liðið er kannski einum framherja frá því geta unnið mótið en verið er að vinna í því. Eins er markvarðarstaðan spurningarmerki.

„Fyrir mér er Valur með eitt af þremur bestu liðunum á samt KR og FH. Valsmenn eru flottir fram á við. Spurningin er líklega hvort þeir séu kannski einum topp markverði frá því að fara alla leið?“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson, einn sérfræðinga Pepsi-markanna.

Markaðurinn

KOMNIR
Arnar Sveinn Geirsson frá Fram
Dion Acoff frá Þrótti R.
Nicolaj Köhlert frá Danmörku
Nicolas Bögild frá Vendsyssel
Sindri Scheving frá Reading

FARNIR
Andreas Albech til Sarpsborg
Daði Bergsson í Þrótt R.
Gunnar Gunnarsson
Ingvar Þór Kale í ÍA
Kristian Gaarde
Kristinn Freyr Sigurðsson í GIF Sundsvall
Rolf Toft
Tómas Óli Garðarsson í Leikni R.

Þjálfarinn

Ólafur Jóhannesson

Smiðurinn síkáti tók við Val fyrir tveimur árum og er búinn að skila bikarmeistaratitlinum í hús fyrstu tvö tímabilin. Hann gerði áður FH að Íslandsmeistara þrjú ár í röð og var landsliðsþjálfari Íslands.

Þrír sem stólað er á

- Orri Sigurður Ómarsson
- Haukur Páll Sigurðsson
- Sigurður Egill Lárusson

Besti og versti mögulegi árangur 1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10. 11. 12.

Grindvíkingar fagna eftir sigurinn á KR-ingum í gær. Þeir eru nú búnir að vinna tvo leiki í röð og tryggja sér oddaleik á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Grindavík henti KR út í horn

Grindavík er búið að koma íslenska körfuboltaheiminum heldur betur á óvart með því að vinna tvo leiki í röð gegn KR og tryggja sér oddaleik um titilinn á sunnudag. Þeir voru miklu betri en KR-ingar í gærkvöldi.

KÖRFUBOLTI Það verður oddaleikur í DHL-höllinni á sunnudag eftir magnaðan sigur Grindavíkur á KR, 79-66, í Röstinni í gær. Hver hafði trú á því? Líklega enginn fyrir utan þessa geggjuðu baráttujaxla í Grindavíkurliðinu. Þeir hafa vaxið við hverja raun og eru til alls líklegir í Vesturbænum.

Atvik átti sér stað er leikurinn var að hefjast sem var nokkuð lýsandi fyrir leikinn. Ómar Örn Sævarsson Grindvíkingur er að bíða eftir uppkastinu og syngur og dillar sér við söng stuðningsmanna KR. Já, KR. Gleði í Grindvíkingum og þeir ætluðu svo sannarlega að njóta þess að spila þennan leik í frábærri stemningu.

KR-ingar að sama skapi virtust þjakaðir af taugaspennu. Engin gleði og engin ánægja að vera að spila í úrslitaeinvígi. Þeir voru líka yfirmáta pirraðir og þoldu mótlætið engan veginn. Þeir létu á löngum köflum allt fara í taugarnar á sér. Á sama tíma var Grindavík að njóta hverrar sekúndu. Grindavík leiddi með fimm stigum eftir fyrsta leikhluta, 20-15, og með níu stigum í hálfleik, 42-33. Forskotið hefði átt að vera stærra miðað við hvað KR-ingarnir voru lélegir.

KR-liðið kom ákveðið til leiks í síðari hálfleik. Jón Arnór vaknaði loksins og jafnaði leikinn í 50-50. Þá héldu margir að Grindvíkingar myndi brotna. Raunin varð önnur. Þeir héldu KR frá því að skora í rúmar fimm leikmínútur og tóku gott forskot á ný. Því forskoti slepptu þeir aldrei og tryggðu sér oddaleikinn. Þvert á allar spár sérfræðinga.

Það er ekki til sá leikmaður Grindavíkur sem er ekki til í að fórna lífi og limum til þess að vinna bolta. Grindavík er að spila frábæran liðsbolta og liðsandinn er engu líkur.

Ef KR-ingar taka ekki til í hausnum á sér og þjálfarinn nær ekki að stilla spennustigið fyrir oddaleikinn þá mun KR tapa oddaleiknum. KR-ingar þurfa að fara í rækilega naflaskoðun fyrir úrslitaleikinn.

„Þetta var verðskuldað. Það er kannski smá hroki að segja það en þetta var allt að því sannfærandi hjá okkur,“ segir vígreifur þjálfari Grindavíkur, Jóhann Þór Ólafsson. Hann var eðlilega stoltur en það mátti sjá á honum að hann er alls ekki orðinn saddur.

„Ég er svo stoltur af því hvernig við svörum er við dettum aðeins niður. Við kláruðum þetta með þvílíkum stæl. Þetta var frábært. Okkur langar þetta mikið og við erum að fara langt á því að njóta og gefa okkur alla í þetta. Það er liðsheildin sem skapar þennan sigur og allir fyrir einn. Gömlu klisjurnar bara. Við höfum fundið takt sem er að virka. Við erum að spila á okkar styrkleikum og mér finnst við líka á köflum gera mjög vel í að finna þeirra veikleika ef hægt er að tala um það.“ **henry@frettabaldid.is**

> Það er kannski smá hroki að segja það en þetta var allt að því sannfærandi hjá okkur.
>
> Jóhann Þór Ólafsson

Nýjast

Domino's-deild karla
Lokaúrslit, 4. leikur

Grindavík - KR 79-66

Grindavík: Lewis Clinch Jr. 21/7 fráköst, Þorleifur Ólafsson 16, Dagur Kár Jónsson 12/5 fráköst/5 stoðsendingar, Ingvi Þór Guðmundsson 10, Þorsteinn Finnbogason 9, Ólafur Ólafsson 6/11 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 5/10 fráköst.
KR: Philip Alawoya 19/11 fráköst, Pavel Ermolinskij 16/10 fráköst/7 stoðsendingar, Jón Arnór Stefánsson 14, Brynjar Þór Björnsson 7, Kristófer Acox 5, Darri Hilmarsson 4, Snorri Hrafnkelsson 1.
Staðan í einvíginu er jöfn, 2-2.

Olís-deild kvenna
Undanúrslit, 4. leikur

Grótta - Stjarnan 20-21

Grótta: Unnur Ómarsdóttir 5, Sunna María Einarsdóttir 4/3, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 3/1, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 3, Anna Ú. Guðmundsdóttir 3, Lovísa Thompson 2.
Stjarnan: Rakel Dögg Bragadóttir 6, Helena Rut Örvarsdóttir 3, Hanna G. Stefánsdóttir 3/3, Sólveig Lára Kjærnested 3, Brynhildur Kjartansdóttir 2, Elena Elísabet Birgisdóttir 2, Nataly Sæunn Valencia 1, Stefanía Theodórsdóttir 1.
Staðan í einvíginu er jöfn, 2-2.

Olís-deild karla
Undanúrslit, 3. leikur

FH - Afturelding 23-19

FH: Ásbjörn Friðriksson 8/3, Óðinn Þór Ríkharðsson 7, Einar Rafn Eiðsson 4, Arnar Freyr Ársælsson 2, Ágúst Birgisson 1, Jóhann Karl Reynisson 1.
Afturelding: Mikk Pinnonen 5, Ernir Hrafn Arnarson 5, Elvar Ásgeirsson 2, Árni Bragi Eyjólfsson 2/1, Þrándur Gíslason 2, Jón Heiðar Gunnarsson 1, Gunnar Þórsson 1, Guðni Már Kristinsson 1.
FH vann einvígið 3-0 og er komið í úrslit.

Pepsi-deild kvenna

Þór/KA - Valur 1-0
1-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (9.).

Breiðablik - FH 1-0
1-0 Rakel Hönnudóttir (46.).

Fylkir - Grindavík 1-0
1-0 Jasmín Erla Ingadóttir (37.).

Haukar - Stjarnan 1-5
0-1 Guðmunda Brynja Óladóttir (9.), 0-2 Katrín Ásbjörnsdóttir, víti (20.), 1-2 Vienna Behnke (38.), 1-3 Katrín (78.), 1-4 Guðmunda Brynja (84.), 1-5 Írunn Þorbjörg Aradóttir (90).

Í dag

20.00	Pepsi-mörkin	Sport
21.45	Pepsi-mörk kvenna	Sport
00.00	NBA: Bulls - Cavs	Sport
18.00	ÍBV - KR	Hásteinsvöllur

SAMSUNG

QLED TV

Ný kynslóð sjónvarpa

4K ULTRA HD CONNECTED · ULTRA HD PREMIUM™ · ULTRA HD · VDE Tested ID: 40045577

Samsung QLED is Quantum dot based TV

Framtíðarsjónvarp

Komið í Samsung Setrið og kynnist því nýjasta í sjónvarpstækni í heiminum, frá langstærsta framleiðanda heims.

Q picture

Litur
Sýnir alla liti 100%

Contrast
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000
Sýnir nákvæmlega rétta liti

Sjónarhorn
Öll sætin eru bestu sætin

Q style

Ósýnilegar tengingar
Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil
Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun
Hvert smáatriði er þaulhugsað

Q smart

Ein fjarstýring
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu

Smart view
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content
Fjölbreytt úrval efnisveita

QLED TV

Opið föstudag 10 til 18
og laugardag 12 til 16.

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

Óskar Bjarni hefur kynnst ýmsu á löngum ferli og er hvergi banginn fyrir átökin í Turda í Rúmeníu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Líklega ekki reykt í húsinu

Valsmenn stíga ofan í rúmenska gryfju á morgun þegar þeir spila síðari leik sinn í undanúrslitum Áskorendakeppni Evrópu. Þangað fara þeir með gott forskot sem þeir vonast til að dugi þeim.

HANDBOLTI „Við erum að hafa það huggulegt í Luton núna. Fljúgum í kvöld og verðum líklega komnir upp á hótel klukkan eitt í nótt," segir Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, sem lögðust í langt ferðalag í gær en áfangastaðurinn var Turda í Rúmeníu.

Á morgun munu Valsmenn spila síðari leikinn gegn rúmenska liðinu í undanúrslitum í Áskorendakeppni Evrópu. Þangað fara Valsmenn með átta mörk í farteskinu. Hlíðarendapiltar hafa daginn í dag til þess að hrista af sér ferðalagið og koma sér í rétta gírinn fyrir leikinn mikilvæga.

Lítil gryfja í litlum bæ

„Við vitum ekki mikið um staðinn en þetta ku vera 50 þúsund manna bær. Það er bara karlalið í þessum bæ og er aðeins sjö ára gamalt. Þetta er því ungt félag en það er peningur í þessu hjá þeim enda atvinnumannalið. Það vantaði tvo eða þrjá leikmenn hjá þeim síðast. Einn sterkur á samt hugsanlega að snúa til baka í seinni leiknum," segir Óskar Bjarni en heimavöllur rúmenska liðsins er ekki mjög stór en er þó gryfja þar sem er von á látum.

„Þetta er lítil gryfja segja þeir. Ein stúka á móti bekkjunum og svo svalir fyrir ofan mörkin. Þeir segja að það verði læti þarna og að þetta sé alvöru heimavöllur."

Eiga ekki von á góðu

Einhverjir frá rúmenska félaginu létu hafa það eftir sér eftir fyrri leikinn að Valsmenn mættu búast við látum og alvöru heimadómgæslu í þessum leik. Valsmönnum var tjáð að þeir ættu ekki von á góðu.

„Við skulum vona að svo verði ekki. Það verður þriðja besta dómarapar Tékka að dæma og ég hef ekki miklar áhyggjur af þeim. Eftirlitsmaðurinn er reyndar frá Kýpur og það verður pottþétt eitthvert bíó. Við verðum að vera andlega tilbúnir í þetta verkefni. Hvernig við stöndumst áhlaup þeirra í leiknum og það mótlæti sem getur mætt okkur."

Þetta er þriðja rimma Valsmanna í Balkanlöndunum í keppninni og þó svo sumir telji að enn sé reykt í þessum íþróttahúsum sem eru í litlum bæjum í þessum löndum, og stubbum sé kastað í leikmenn, þá virðast þeir tímar vera liðnir.

Guttarnir þekkja ekki reykingar

„Okkar kynslóð man vel eftir þeim tíma en þessir ungu drengir í liðinu í dag hafa aldrei verið í kringum reykingar og skilja ekkert í þessum sögum sem við getum sagt þeim. Þeir skilja ekkert í því er við förum út að borða og svona að það sé reykt út um allt. Sem betur fer er þó ekki verið að reykja í íþróttahúsunum," segir Óskar Bjarni en þó svo að hans menn lendi í einhverju mótlæti trúir hann að þetta átta marka forskot úr fyrri leiknum muni duga Valsmönnum til þess að komast í úrslitaleikina.

„Þó svo að heimavöllur gefi aðeins þá tel ég að ef við erum tilbúnir í allt sem getur gerst, þá munum við standa í lappirnar. Við ætlum að sækja til sigurs. Við erum búnir að lenda í ýmsu í þessari keppni og komnir með fína reynslu. Við vitum hvað við getum og það er sjálfstraust í liðinu. Ef við hugsum um litlu hlutina, hlaupum til baka og spilum fínan varnarleik þá munum við taka þetta."

Ástandið á liðinu gott

Það er búið að vera mikið álag á Valsliðinu síðustu vikur. Það er á fullu í úrslitakeppninni hér heima og þess á milli á ferð og flugi í Evrópukeppninni. Það er því nánast ekkert æft og aðeins spilað.

„Það er búið að vera ótrúlegt álag og miðað við það er ástandið á mannskapnum furðulega gott. Við getum auðvitað ekki hvílt alla jafn mikið og það sést stundum á okkur að við erum þreyttir. Þetta eru samt allt úrslitaleikir og við förum langt á andlega hlutanum. Menn eru að vinna úrslitaleiki og styrkjast við hverja raun."

henry@frettabladid.is

FÓLK
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 28. APRÍL 2017

Birna V. Sigurðardóttir gifti sig í nóvember á síðasta ári og er enn að fá hrós fyrir klæðnaðinn sem er að hluta úr smiðju Berglindar H. Árnadóttur hjá Begga Design.

helgin ➔8

MYND/ERNIR

Slakar á í köldum potti

Þyri Huld Ásgeirsdóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknum, er að jafna sig eftir meiðsli. Hún segir mikinn skell fyrir atvinnudansara að detta út úr sýningum. ➔2

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Íslenski dansflokkurinn er eini dansflokkurinn á Íslandi þar sem dansari getur verið í fullu starfi. Það er mikill heiður að vera hluti af honum og fá að þróa danssögu Íslands. Við erum eins og lítil fjölskylda og öll mjög náin," segir Þyri Huld Árnadóttir, ein sjö fastráðinna dansara hjá Íslenska dansflokknum.

Undanfarna mánuði hefur Þyri þó ekki getað tekið þátt í sýningum dansflokksins. Hún meiddi sig á æfingu, þremur dögum fyrir sýningu á verkunum Óð og Flexu.

„Óhappið varð þegar við vorum að renna fyrsta kaflanum sem er frekar hraður. Ég lenti illa úr hringhoppi en áttaði mig samt ekki strax á hvað hafði gerst. Eftir ranga greiningu hjá sjúkraþjálfara var ég bara að fara að teipa á mér löppina og halda áfram. Dansflokkurinn var einnig á leiðinni til Danmerkur að sýna Black Marrow sem er mjög krefjandi verk," segir Þyri. Bróðir hennar benti henni þá á að líkaminn væri atvinnutæki hennar og hún ætti láta mynda meiðslin.

„Örnólfur bæklunarlæknir þurfti varla annað en að horfa á löppina á mér til að sjá að ég hafði slitið fremra krossbandið. Ég mun ekki dansa í ár," segir Þyri. „Þetta var mikill skellur fyrir mig. Ég hef aldrei lent í alvarlegum meiðslum."

Við tók bið eftir aðgerð en Þyri notaði tímann til að styrkja lærvöðvana svo batinn gengi hraðar. Aðgerðin gekk vel. Þyri segist þó hafa átt erfitt með vikurnar sem fylgdu á eftir.

„Ég held að fyrstu tveir mánuðirnir eftir aðgerðina hafi verið þeir erfiðustu í lífi mínu. Að geta ekki labbað og varla sest á klósettið þegar ég er vön að vera á fullu allan daginn var mjög erfitt. Ég talaði við íþróttafólk í kringum mig sem hafði lent í sömu meiðslum og það hjálpaði mikið að fá ráðleggingar. Maður finnur líka hvað það er dýrmætt að eiga góða að þegar svona gerist. Það skiptir líka miklu máli að vera með góðan sjúkraþjálfara og gera allt sem hann segir og aldrei meira en það. Núna eru þrír mánuðir liðnir frá aðgerðinni og mér er farið að líða nokkuð vel. Hreyfigetan er orðin frekar góð í hnénu en ég á enn þá langt í land. Ég er að púsla mér aftur saman. Ég þurfti einnig að passa andlegu hliðina og eftir að ég kom úr aðgerðinni hef ég einbeitt mér að því hlusta á líkamann, hugleiða og gera öndunaræfingar. Ég þarf að passa mig á því að gera ekki of mikið eins og mér hætti til áður fyrr. Reglulegar nálastungur og hnykkingar hjá töframanninum Rikka hafa líka bjargað mér alveg í bataferlinu."

Óður og Flexa í verkinu Óður og Flexa halda afmæli. MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON

> **Þetta var mikill skellur fyrir mig. Ég hef aldrei lent í alvarlegum meiðslum.**

Stefndi alltaf á dansinn

Þyri er alin upp í Reykjavík, gekk í Breiðagerðisskóla og síðan Réttarholtsskóla. Þaðan lá leiðin í Menntaskólann við Sund og loks í Listaháskóla Íslands. Hún segist skapandi í hugsun og hafi aldrei haft gaman af akademísku námi.

„Ég píndi mig í gegnum menntaskólann. Ef ég væri að velja skóla í dag hefði ég farið í Tækniskólann og tekið klæðskera með dansinum. Þegar ég var að velja menntaskóla var mér sagt að ef ég vildi hafa allar dyr opnar í framtíðinni ætti ég að fara á náttúrufræðibraut. Ég vona að þessi hugsunarháttur sé að breytast, hann er svo rangur. Ég var heppin að hafa dansinn með mér í gegnum menntaskólann. Þessi ár voru samt frábær og ég kynntist mínum bestu vinkonum í MS. Alla mína skólagöngu var ég að æfa ballett sem er einnig mjög gott uppeldi á vissan hátt. Ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir að hreyfa mig, var alltaf niðri í dal á línuskautum eða eitthvað að bralla úti þegar ég var yngri. Á unglingsárunum hætti ég í ballett og mætti á djassballettæfingu hjá Báru með vinkonum mínum í Réttó. Eftir það varð ekki aftur snúið. Allan menntaskólann var ég á listdansbraut hjá Báru með skólanum. Ég ákvað aldrei beinlínis að verða dansari, ég var bara dansari," segir Þyri.

Þyri Huld og Hrafnkell á góðri stund í Brooklyn í New York. Hrafnkell stundar nám í borginni. Á næstu dögum skella þau skötuhjúin sér í ferðalag um Níkaragva.

Sýningarferð með Íslenska dansflokknum til Salzburg.

Fjölskyldan hafi einnig alltaf stutt hana í dansnáminu. Hún er langyngst fjögurra systkina og segist hafa fengið óskipta athygli.

„Ég var mjög góður krakki að ég held, ég er langyngst og eina stelpan," segir Þyri sposk. „Ég á þrjá eldri bræður og sá elsti er 20 árum eldri en ég og yngsti 12 árum. Það var alltaf passað vel upp á mig og ég fékk mikla athygli og væntumþykju frá fjölskyldunni minni," segir Þyri.

„Ég hefði aldrei getað stundað dansnám frá 5 ára aldri og alla leið í háskóla nema fyrir foreldra mína og er ég þeim mjög þakklát fyrir það. Ég er eini dansarinn í fjölskyldunni en bróðir minn var reyndar svaka break-dansari á sínum tíma. Hann kenndi mér að gera orminn sem hefur verið auðkennissporið mitt í mörg ár," segir Þyri og hlær.

„Það er samt mikið af listafólki í fjölskyldunni minni, mamma og pabbi eru bæði mjög handlagin og bræður mínir líka. Ég hef farið með mynd af kjól úr blaði til mömmu og hún saumar hann án þess að vera með nokkurt snið. Pabbi minn gerir allt. Hann er prentari og mjög handlaginn. Yngsti bróðir minn er myndlistarmaður, miðjubróðir minn kokkur og sá elsti lærði kvikmyndagerð. Við erum alin upp við það að allt sé hægt ef viljinn er fyrir hendi og vinnusemi. Þegar ég var að byrja að vinna þá sagði mamma við mig: „Ef þú hefur ekki verkefni í vinnunni, ekki setjast niður. Finndu þér eitthvað að gera, t.d. þurrka af hillum." Þetta hefur verið mottóið mitt, ég bý mér alltaf til verkefni," segir Þyri og það á svo sannarlega við um dansinn. Þyri hefur samið fleiri en eitt dansverk og verið tilnefnd til Grímunnar.

„Ég hef fengið þrjár tilnefningar sem danshöfundur ársins, það var fyrir verkið „Á vit", sem dansflokkurinn gerði í samstarfi við GusGus. Við dansarar flokksins sömdum verkið ásamt GusGus og sú vinna sýnir hvað við erum samheldin, það gæti ekki hvaða hópur sem er gert það. Verkið „Óraunveruleikir" fékk líka tilnefningu en það gerði ég ásamt Urði Hákonardóttur og Valgerði Rúnarsdóttur. Verkið „Óður og Flexa halda afmæli" fékk tilnefningu sem barnaverk ársins og ég og Hannes Þór Egilsson sem danshöfundar ársins. Þetta verk á mjög stóran stað í hjarta mínu. Það skiptir nefnilega miklu máli að dansflokkurinn geri líka verk fyrir börn því þau eru framtíðin," segir Þyri.

„Óður og Flexa varð til eftir að við Hannes gerðum lítinn dúett saman í verkinu „Fullkominn dagur til drauma", sem dansflokkurinn setti upp. Við sýndum dúettinn á leikskóla og ákváðum í framhaldinu að sækja um styrk og reyna að gera lítið barnaverk saman. Þá urðu Óður og Flexa til. Við fengum mjög lítinn styrk en hann dugði og við gerðum verkið „Óður og Flexa reyna að fljúga". Við sýndum það á Barnamenningarhátíð og eftir það bauð Erna Ómarsdóttir, listdansstjóri Íslenska dansflokksins, okkur að gera verk út frá Óð og Flexu fyrir dansflokkinn. Markmið okkar með Óð og Flexu er að virkja sköpunarkraftinn sem býr í öllum og bjóða krökkum upp á kraftmikinn dans með mikilli gleði. Við vinnum með látbragð og notum eingöngu klassíska tónlist. Það er svo gaman að sýna krökkum. Þau eru skemmtilegir áhorfendur. Ég hef einnig verið tilnefnd til Grímunnar sem dansari ársins tvisvar sinnum. Í fyrra skiptið var það í fyrsta verkinu sem ég dansaði í sem atvinnudansari með Íslenska dansflokknum, „Fullkominn dagur til drauma". Það var mjög mikill heiður fyrir mig. Ég fékk Grímuna fyrir tveimur árum fyrir dúett sem heitir Sin, sá dúett er mest krefjandi verkefni sem ég hef fengið sem dansari. í fyrri part dúettsins snerti ég ekki gólfið og hringsnerist um Einar meðdansara minn í mjög flóknum lyftum."

Býr til vegan osta og jógúrt

En þótt líf Þyriar snúist nánast eingöngu um dans á hún þó önnur áhugamál. Hún og kærastinn, Hrafnkell Hjörleifsson, hafa verið dugleg við að ganga á fjöll og ferðast og eiga meðal annars að baki nokkurra mánaða ferðalag um Suður-Ameríku. Fram undan er ferðalag til Níkaragva.

„Hrafnkell stundar mastersnám í NewYork og ég get ekki beðið eftir að hitta hann eftir fjögurra mánaða aðskilnað. Við ætlum að ferðast um Níkaragva með bakpoka," segir hún. „Annars á ég fullt af áhugamálum fyrir utan dansinn. Ég elska að hanna og hef gaman af að fræðast um jurtir. Ég elska líka að búa til góðan mat og er alltaf að prófa eitthvað nýtt. Ég bý til dæmis til mína eigin vegan jógúrt og osta. Ég borða hollan og næringarríkan mat því með árunum hef ég fundið hvað hollur matur gerir mikið fyrir líkamann. Ég hef afar breiðan tónlistarsmekk og hlusta á fjölbreytta tónlist, eftir því í hvernig skapi ég er. Ég er reyndar gömul sál og því verður oftast eldri tónlist fyrir valinu," segir Þyri.

Hvað gerirðu til þess að slaka á?

„Frá því að ég sleit krossbandið hef ég verið í þjálfun hjá sjálfri mér í því að slaka á og tekst bara nokkuð vel," segir Þyri. „Ég byrja hvern morgun á hugleiðslu og öndunaræfingum. Ég fer líka í sund á hverjum degi, skelli mér í kalda pottinn og ligg þar í að minnsta kosti þrjár mínútur og fer svo í heita. Þetta er besta slökun sem ég veit um. Planið er að koma bæði sterkari og skynsamari til baka í dansflokkinn, ferðast síðan með honum um heiminn og sýna hvað hann er frábær."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

Hátíð í Kópavogi

Barnamenningarhátíð hefur verið fyrirferðarmikil í Reykjavík síðustu daga. Nágrannarnir í Kópavogi hafa einnig hýst sambærilega hátíð undanfarna daga og í dag, laugardag, verður sérstök uppskeruhátíð haldin fyrir alla fjölskylduna á lokadegi Barnamenningarhátíðar.

Boðið verður upp á Ljóðasmiðju með ljóðatrúðnum Gjólu milli kl. 13 og 15 í Bókasafni Kópavogs. Í næsta húsi, Salnum, verður boðið upp á þjóðlög í alls konar myndum með Möggu Stínu og 5. bekkingum úr Smáraskóla, þjóðlagahópnum Þulu ásamt bæjarlistamanninum og gítarleikaranum Ásgeiri Ásgeirssyni.

Gerðarsafn mun bjóða upp á listasmiðju þar sem fjölskyldan getur gert listaverk saman innblásin af verkum Gerðar Helgadóttur. Listasmiðjan er opin kl. 14 til 17.

Náttúrufræðistofa Kópavogs býður upp á selafróðleik fyrir alla fjölskylduna á 1. hæð. Gestum er sérstaklega boðið að taka „selfie“ með útselnum.

Að lokum má nefna útivistarsvæði Menningarhúsanna en þar er hægt að læra að spila á parabólu. Þar mun trommuleikarinn Dísa kenna trommuslátt svo krakkar á öllum aldri megi njóta þess að spila á parabóluna hvenær sem er. Kennslan fer fram milli kl. 15 og 16.30.

Nánari upplýsingar má finna á www.kopavogur.is.

Brauð er alltaf hollt og gott

Umræða undanfarinna ára hefur einkennst af neikvæðni gagnvart brauði. Heddie Mejborn, ráðgjafi hjá DTU matvælastofnun í Danmörku, segir að brauð sé ákaflega mikilvæg fæða. „Brauð inniheldur mikið af trefjum sem eru nauðsynlegar. Þessar trefjar er ekki hægt að fá úr grænmeti eða ávöxtum. Svo eru engar sannanir fyrir því að brauð fiti okkur,“ segir hún.

Næringarfræðingurinn Preben Vestergaard Hansen tekur undir orð hennar og segir að allt þetta tal um að forðast laktósa, glúten og sterkju séu duttlungar hjá flestum. „Samkvæmt vísindalegum rannsóknum er mjög mikilvægt fyrir okkur að borða kornmeti,“ segir hann. „Það er líka mikill misskilningur að það sé heilsusamlegra að sleppa glúteni,“ segir Heddie Mejborn. „Glútenlausar vörur eru oft gerðar úr maís eða hrísgrjónasterkju og það eru nánast engin næringarefni í þeim. Fólk ætti þess vegna ekki að velja glútenlausar vörur nema ef það hefur óþol gegn því. Gróft brauð er afar hollt.“

Töfrar Aloe vera

Augnfarðahreinsir. Húðin kringum augun getur verið viðkvæm fyrir kemískum efnum sem finnast í augnfarðahreinsi. Ef húðin þornar við endurtekna notkun mætti reyna Aloe vera gel. Skerið lauf af Aloe vera plöntu og kreystið úr því gelið í bómullarhnoðra. Strjúkið svo augnfarðann af.

Rakfroða. Aloe vera gel er kjörið að nota við rakstur. Það gerir húðina hála og nærir hana í leiðinni.

Kælandi moli Fyllið klakabox af Aloe vera geli og frystið. Gott er að grípa til ísmolanna við smábruna við eldamennsku, sólbruna eða til að kæla skordýrabit eða brennda tungu eftir heitt kaffi.

Andremmumeðal. Leysið ¼ bolla af Aloe vera geli upp í ½ bolla af vatnið eða eplasafa og drekkið við andremmu.

Andlitsmaski Blandið Aloe vera geli saman við maukaða agúrku og þeytið saman við eggjahvítu. Berið á andlitið fyrir nóttina.

50 ára JSB í 50 ár!
Festival
Nemendaleikhús JSB 2017
í Borgarleikhúsinu dagana 29. apríl og 2. og 3. maí
Það áhugaverða við allar heimsins hátíðir er hvernig fólk sameinast og upplifir gleði af ýmsu tilefni. Innblástur sýningar er sóttur í fjölbreyttar hátíðir heimsins.
Góða skemmtun!
Miðasala er í miðasölu Borgarleikhússins sími 568 8000 og á tix.is Miðaverð er 2.600 kr.
50 ára JSB DANSLISTARSKÓLI

kronotex
FLOORS FOR LIVING

TEGUND: MAMMUT PLUS EIK BRONZE D4795

VORTILBOÐ!
HÖRKU PLANKA
HARÐPARKET
FYRIR SUMARHÚS, HÓTEL & HEIMILI.
MIKIÐ ÚRVAL. VERÐ FRÁ 1.590 kr. m²
Birgisson
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Afar persónuleg vegferð

Ragnhildur Anna Jónsdóttir hannar ungbarnavörur, koddaver og löbera undir nafninu Jónsdóttir & co. og er þakklát fyrir jákvæð viðbrögð.

Ragnhildur Anna hefur verið viðloðandi verslun um árabil en hannar nú m.a. ungbarnavörur úr lífrænni bómull með Fair Trade vottun. Hún tekur þátt í sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsi Reykjavíkur í næstu viku. „Ég byrjaði á að hanna samfellur fyrir ungbörn og fljótlega bætti ég við koddaveri og vöggusetti í sömu línu. Fyrr en varði bætti ég við heimilislínu sem ég hef smám saman verið að stækka og þetta er á meðal þess sem ég ætla að sýna í Ráðhúsinu," segir Ragnhildur. Margar af vörum hennar eru saumaðar hjá Ási, vernduðum vinnustað og einnig er prentað á þær hér á landi.

Ragnhildur hannar undir merkinu Jónsdóttir & co. MYND/GVA

Var á tímamótum

„Fyrir sex árum stóð ég á tímamótum og velti fyrir mér hvað ég ætti að gera. Maðurinn minn stakk því að mér að kannski ætti ég að gera eitthvað sjálf. Ég hafði þó heldur hug á að opna litla, sæta verslun en hann hélt áfram að ýta þessari hugmynd að mér. Hann keypti meira að segja samfellur og prentara til að prenta á fatnað og í kjölfarið fór ég að velta þessu fyrir mér af alvöru," segir Ragnhildur en hún rak verslanirnar Noa Noa og Next um árabil. „Ég ákvað að láta slag standa og þar með fór boltinn að rúlla. Mig langaði að taka þetta alla leið svo ég talaði við vinnustofuna Ás og þar eru saumaðir fallegir gjafapokar utan um samfellurnar fyrir mig," segir Ragnhildur.

Fékk jákvæðar móttökur

Barnavörurnar frá henni fást í Epal og hjá 18 rauðum rósum í Hamraborg en heimilislínuna selur Ragnhildur sjálf. Hún er þakklát fyrir hversu jákvæðar viðtökur vörurnar hennar hafa fengið. „Ég tek þátt í öllum sýningum sem ég get því ég elska líka að vera búðarkona. Ekki var sjálfgefið að komast að á sýningunni hjá Handverki og hönnun svo ég varð að vanda mig, enda varð ég mjög glöð þegar ég fékk jákvætt svar."

Ragnheiður segir sýningar á borð við þessa ómetanlegan vettvang fyrir einyrkja til að kynna sína vöru og selja. „Það er heilmikil vinna að vera einn með lítið fyrirtæki. Ég strauja hverja vöru, pakka henni inn og sel hana. En ég er eins og risaeðla í tæknimálum og ekki með neina netverslun en það er hægt að hafa beint samband við mig eða í gegnum Facebook. Svo er ég stundum með pop-up verslanir."

Jólagjöfin fór í sölu

Heimilislínan varð til eftir að Ragnhildur og vinkona hennar voru beðnar um að skreyta jólaborð fyrir Hús og híbýli. „Ég skreytti borðið með servíettum og hnífaparapokum sem ég lét sérsauma fyrir mig og ætlaði síðan að gefa vinkonu minni í jólagjöf. Þetta vakti svo mikla athygli að þetta fór í sölu. Saumakonan mín, sem þá var áttræð, saumaði eins og herforingi allan desember. Yndisleg vinkona mín spurði mig síðan hvers vegna ég gerði ekki löbera, svo ég bætti þeim við og einnig viskustykkjum og koddaverum. Ég

„Ég byrjaði á að hanna samfellur fyrir ungbörn og fljótlega bætti ég við koddaveri og vöggusetti í sömu línu."

Löberar með áprentuðum texta eru nýjung frá Ragnhildi.

Ragnhildur fékk Ás, verndaðan vinnustað, í lið með sér og þar eru pokarnir undir samfellurnar saumaðar.

> **Ég er vön að selja hönnun eftir aðra og get þá hrósað henni í hástert en mér fannst fyrst óþægilegt að standa við borð og segja frá því sem ég sjálf var að gera. En þetta er ofboðslega gefandi og gaman.**
>
> Ragnhildur Anna Jónsdóttir

skrifa oft texta á vörurnar en mér finnst gaman að leika mér með tungumálið," segir Ragnhildur, sem er bókmenntafræðingur að mennt. Stutt er síðan hún hóf að gera koddaver sem hugsuð eru fyrir fermingarbörn eða brúðhjón. „Þá er nafn viðkomandi og dagsetning prentuð á koddaverið."

Ekki alltaf auðvelt

Ragnhildur segir þetta hafa verið persónulega vegferð, sem ekki hafi alltaf verið auðveld. „Á fyrstu sýningunni fannst mér ég vera berskjölduð. Ég er vön að selja hönnun eftir aðra og get þá hrósað henni í hástert en mér fannst fyrst óþægilegt að standa við borð og segja frá því sem ég sjálf var að gera. En þetta er ofboðslega gefandi og gaman. Skemmtilegast er þegar ég fæ sendar myndir af litlum krílum í samfellunni sinni eða löbernum á borðstofuborðinu og að heyra að þeir sem versla hjá mér eru ánægðir með vöruna."

Hola í höggi

FÖSTUDAGUR 28. APRÍL 2017

Kynningar: Golfklúbburinn Kjölur KPMG

MYND/SETH@GOLF.IS

Allt hefur lækkað með hagstæðu nýju gengi!

Golffatnaður frá NIKE, Callaway ofl.

FATNAÐUR

PÚTTERAR KYLFUR GOLFSETT

CLICGEAR KERRUR

RAFMAGNS-KERRUR



BUXUR DÖMU OG HERRA

GOLFPOKAR

DRÆVERAR BRAUTARTRÉ

Golfbrautin GOLFVERSLUN

Ármúla 40 • Sími 553 9800 • www.golfbrautin.is

Opið: Virka daga 10–18 Laugardaga 11–15

::NIKEGOLF MOTOCADDY Lynx Callaway GOLF CATMANDOO PROQUIP Ahead of the Game ODYSSEY

Hvað þarf til að byrja í golfi?

Gott er að eiga grunnbúnað þegar haldið er út á golfvöllinn.

Kylfur og útbúnaður

Rétt val á kylfum hefur góð áhrif á útkomuna hjá kylfingum og þá sérstaklega hjá byrjendum. Ekki er nauðsynlegt að byrja með fullkominn útbúnað hvað varðar fjölda kylfa og slíkt. Golfkylfur hafa þróast gríðarlega á undanförnum árum og áratugum. Það er alls ekki mælt með því að byrja með „fornar“ blaðkylfur með leðurgripum frá frænda þínum sem hann ætlaði að henda á haugana.

Það er leyfilegt að vera með 14 kylfur í pokanum en byrjendur komast af með 3-4 kylfur til að byrja með. Margir sérfræðingar mæla með 6-járni, 8-járni og fleygjárni (PW) ásamt pútter í upphafi. Næst væri hægt að bæta við blendingskylfu (hybrid) sem er 18-21 gráða.

Gráður? Allar golfkylfur eru með mismunandi gráður á höggfletinum. Hærri gráðutala þýðir að boltinn flýgur hærra. Því hærri sem talan er, því vinalegri er kylfan fyrir byrjendur. Ef þú ert að byrja í golfi og ætlar að kaupa þér dræver, prófaðu að slá með dræver með 10 gráðu halla á höggfletinum eða meira. 3-tréð ætti að vera 17 gráður en ekki 15 gráður og þannig fikrar þú þig áfram í kylfuvalinu.

Frá keppni á Íslandsbankamótaröðinni á Hlíðavelli í Mosfellsbæ. MYND/SETH@GOLF.IS

Nýttu þér tæknina sem er í boði en margar kylfur eru hannaðar fyrir byrjendur. Sem dæmi má nefna að kylfur með þykkum botni virka betur fyrir þá sem eru að byrja í golfi en þunnar kylfur eru hannaðar fyrir kylfinga sem eru lengra á veg komnir.

Golfboltar

Það er ekki nauðsynlegt að byrja golfferilinn með dýrustu boltunum. Reglan er einföld. Ef þú týnir mörgum boltum á hring notaðu þá ódýra bolta. Mestu máli skiptir að boltinn henti sveifluhraða þínum. Atvinnukylfingar slá fastar í boltann en þú og boltinn sem þeir kjósa er harður. Það eru til margar tegundir af boltum og þeir eru mismunandi mjúkir. Fyrir byrjendur er gott að nota mjúka bolta og þegar sveiflan verður hraðari er hægt að fikra sig áfram á þessu sviði.

Skór og fatnaður

Það er ekki nauðsynlegt að vera í sérstökum golffatnaði til þess að byrja með. Íþróttaskór duga vel í byrjun og hefðbundinn útivistarfatnaður sem er þægilegur þegar allra veðra er von. Golffatnaður er hannaður til þess að kylfingum líði vel þegar þeir eru að slá og hreyfa sig úti á golfvellinum.

Flestir golfklúbbar landsins bjóða upp á námskeið fyrir þá sem eru að byrja í golfi. Það eru allir tilbúnir að hjálpa þér í þeim efnum. Einnig er hægt að leita til þeirra sem eru með PGA kennararéttindi en þeir eru fjölmargir.

Nánari upplýsingar á vefsíðunni www.pga.is.

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439 | **Umsjónarmaður efnis:** Sigurður Elvar Þórólfsson hjá golf.is | **Veffang:** Visir.is


B RGUN
Betri árangur með fjölbreyttum greiðslulausnum
mastercard
maestro
VISA
VISA
ELECTRON
UnionPay
JCB
Diners Club
INTERNATIONAL
DISCOVER

Sjö heilsubætur golfleiksins

Eins og allir kylfingar vita reynir golf bæði á hug og líkama.

Vera kann að golf sé ekki almennt talið mjög krefjandi líkamlega. Það felur eigi að síður í sér útivist og röska göngu, þar sem hraðinn er um 6-7 km á klst. í nokkrar klukkustundir í senn. Hugurinn verður fyrir stöðugri örvun svo takast megi á við hinar margvíslegu áskoranir sem við mætum á vellinum. Nokkuð hefur verið rætt og ritað um heilsufarslegan ávinning af golfiðkun án þess að á hann hafi verið lögð mikil áhersla. Því er vert að spyrja: Hversu hollt er golf í raun fyrir líkama og sál?

Hjartaheill – Hreyfing kemur blóðinu af stað. Það að ganga og sveifla kylfunni ásamt því að bera golfpokann eða draga kerruna eykur hjartsláttartíðni og blóðflæði. Líkur á kvillum á borð við heilablóðfall og sykursýki minnka auk þess sem til mikils er að vinna með því að lækka blóðþrýsting og skaðlegt kólesteról, sérstaklega ef mataræði er hollt og lífsstíll heilbrigður. Samkvæmt norska golfsambandinu er hjartsláttartíðni kylfings við golfiðkun að jafnaði um 100 slög á mínútu í tvær til fimm klukkustundir í senn.

Örvar heilann – reglubundin, dagleg ganga vinnur gegn minnistapi. Clive Ballard, sem stýrir rannsóknum hjá Alzheimer's Society, segir: „Hvort sem um er að ræða skokk eða göngu á golfvellinum er hreyfing fyrirtaks leið til að halda hjarta og heila heilbrigðum. Reglubundin hreyfing tryggir gott blóðflæði til heilans, sem er nauðsynlegt svo hann starfi betur til lengri og skemmri tíma."

Karlmaður brennir um 2.500 hitaeiningum á 18 holum með pokann á bakinu. MYND: SETH@GOLF.IS

Aukakílóin burt – Oft er talað um að leiðin til að léttast sé að taka tíu þúsund skref á dag. Til samanburðar er því marki auðveldlega náð á átján holum, þ.e. ef leikið er golf á tveimur jafnfljótum fremur en að nota golfbíl. Norska golfsambandið hefur tekið saman nýlegar rannsóknarniðurstöður frá Japan, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð auk þarlendra aðila, en þær sýna að karlkyns kylfingur brennir um 2.500 kaloríum á átján holum. Konur brenna um 1.500 kaloríum.

Minnkar streitu – Ánægjan sem við fáum af því að ganga utandyra, í fersku lofti og góðum félagsskap ásamt því að leysa krefjandi þrautir framkallar endorfín, sem stuðlar að bættri andlegri líðan, gerir okkur glaðlyndari og hjálpar okkur að slaka á.

Betri svefn – Hreyfing og ferskt loft stuðla að bættum svefni. Regluleg hreyfing getur hjálpað fólki að sofna fyrr og ná lengri tíma í djúpum svefni. Svefn liðkar fyrir endurheimt í vöðvum eftir áreynslu og meiðsli.

Lág slysatíðni – Golf er örugg íþrótt eða tómstundaiðja í þeim skilningi að kylfingur gengur á mjúku og hæfilega ósléttu undirlagi. Margir þeirra sem e.t.v. eru komnir af léttasta skeiði kjósa því að leggja stund á golf, m.a. til að brenna hitaeiningum án mikillar hættu á meiðslum.

Lengir lífið – Oft er talað um að hláturinn lengi lífið. Hið sama má segja um golf, ef marka má afar áhugaverða rannsókn sem stýrt var af Anders Ahlbom, prófessor hjá hinu virta Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Þar kom í ljós að dánartíðni meðal sænskra kylfinga var 40% lægri en meðal Svía almennt. Þetta segja vísindamennirnir að megi umreikna yfir í fimm ára viðbótarlíftíma

Stefán Þorleifsson er elsti kylfingur landsins en hann fagnaði 100 ára afmæli sínu á síðasta ári. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hvað gengur þú marga kílómetra á 18 holum?

Eitt af því allra jákvæðasta við þá staðreynd að vera ekki mjög góður í golfi er eftirfarandi: Þeir sem slá flest högg skilja fleiri hitaeiningar eftir úti á vellinum.

Í grein sem birt var í tímaritinu Inside Golf árið 2012 var vitnað í útreikninga sérfræðinga. Þar kom fram að háforgjafarkylfingar ganga að meðaltali 8,9 km á 18 holu hring. Lágforgjafarkylfingar ganga um 8,2 km að meðaltali og meðalkylfingurinn gengur um 8,5 km að meðaltali.

Kostir golfíþróttarinnar eru endalausir

Helsta einkenni golfíþróttarinnar á Íslandi er að golfið er almenningsíþrótt. Golfið er ekki íþrótt fárra, heldur fjöldans. Það eru fáar íþróttagreinar sem höfða jafn mikið til almennings og golfið. Fólk úr öllum stéttum, á öllum aldri og öllum getustigum getur leikið golf við frábærar aðstæður hér á landi. Kostir íþróttarinnar eru endalausir.

> **Fólk úr öllum stéttum, á öllum aldri og öllum getustigum getur leikið golf við frábærar aðstæður hér á landi.**

Ótrúlegur fjöldi golfvalla

Það eru um 70 golfvellir á Íslandi þar af 16 sem eru 18 holu vellir. Stærsti hluti þeirra, eða alls 54, eru því 9 holu vellir. Á höfuðborgarsvæðinu eru 11 golfvellir þar af eru sex þeirra 18 holu vellir.

Glæsileg íþróttamiðstöð

Glæsileg íþróttamiðstöð Golfklúbbs Mosfellsbæjar hefur risið í vetur við Hlíðavöll. Efri hæðin verður opnuð í maí.

Ný og glæsileg íþróttamiðstöð Golfklúbbs Mosfellsbæjar (GM) hefur risið í vetur við Hlíðavöll í Mosfellsbæ. Efri hæð hússins verður opnuð í maí og segir Gunnar Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri GM, að öll aðstaða til þess að taka á móti félagsmönnum og öðrum gestum muni breytast mjög mikið.

Á efri hæð hússins verður t.d. aðstaða til iðkunar golfs og rekstrar golfmóta á Hlíðavelli ásamt skrifstofum og aðstöðu starfsmanna. „Þegar neðri hæðin er tilbúin verður sjálf íþróttamiðstöðin opnuð. Þar ætlum við að opna í nokkrum áföngum glæsilega aðstöðu til iðkunar og æfinga golfs innandyra. Það má segja að þar verði að finna alla þá aðstöðu sem börn, unglingar og afrekskylfingar golfklúbbsins þurfa til að stunda æfingar á íþrótt sinni ásamt félagsmönnum öllum."

Sem dæmi nefnir hann að þegar húsið verður fullbúið muni neðri hæð hússins m.a. hýsa tvo fullkomna golfherma, ríflega 200 m² innipúttflöt, aðstöðu til að slá í net innanhúss, aðstöðu fyrir golf-líkamsrækt, fyrirlestrasal fyrir iðkendur og þjálfara auk góðrar aðstöðu fyrir þjálfara og leiðbeinendur. „Það er því óhætt að segja að hér mun rísa aðstaða fyrir börn og ungmenni í Mosfellsbæ til að æfa íþrótt sína í heimabyggð við bestu mögulegu aðstæður. Við munum einnig leitast við að bjóða öðrum hópum aðstöðu hér til almennrar útivistar og hreyfingar. Þannig verður svæðið tengt inn á stígakerfi Mosfellsbæjar og munu þar skapast mörg skemmtileg tækifæri fyrir tengingar við fleiri íþróttir og útvist í hjarta bæjarfélagsins."

Á efri hæð nýju íþróttamiðstöðvarinnar verður t.d. aðstaða til iðkunar golfs og rekstrar golfmóta á Hlíðavelli ásamt skrifstofum og aðstöðu starfsmanna.

Gunnar Ingi Björnsson er framkvæmdastjóri Golfklúbbs Mosfellsbæjar.

> **Mikill uppgangur hefur verið í golfíþróttinni í mörg ár.**

Mikil uppbygging hefur verið á Hlíðavelli frá árinu 2004 og með tilkomu nýju íþróttamiðstöðvarinnar verður aðstaðan öll hin besta að sögn Gunnars Inga. „Uppbyggingin undanfarin ár hefur miðast við að nýja aðstaðan verði staðsett miðsvæðis við völlinn með tveimur 9 holu hlutum sitt hvorum megin. Það er löngu kominn tími á nýtt hús enda hefur eldri húsakostur okkar nýst félagsmönnum og gestum okkar vel í mörg ár en er kominn á aldur núna. Mikill uppgangur hefur verið í golfíþróttinni í mörg ár og kominn tími á nýtt og betra hús til að stíga næsta skref fyrir kylfinga í Mosfellsbæ."

KPMG og golfíþróttin tengjast sterkum böndum

Það er óhætt að segja að lengi hafi verið tenging á milli KPMG og golfíþróttarinnar bæði hérlendis og erlendis.

KPMG á Íslandi hefur verið einn af aðalstyrktaraðilum Golfsambands Íslands um um árabil og hefur frá upphafi verið keppt um KPMG bikarinn í golfi. Fyrst var þetta keppni úrvalsliða höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar, en í dag er keppt um KPMG bikarinn í Íslandsmótinu í holukeppni.

Í ársbyrjun tilkynnti KPMG um samning sem félagið gerði við hina rísandi golfstjörnu Íslands, Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur, en hún vann sér inn keppnisréttinn á LPGA mótaröðinni 2017 með því að verða í öðru sæti á lokastigi úrtökumóta í byrjun desember á síðastliðnu ári. Með þessu afreki sínu varð hún fyrsti Íslendingurinn til að tryggja sér fullan rétt á LPGA mótaröðinni.

„Ólafía Þórunn er sannarlega brautryðjandi sem íslenskir kylfingar og íþróttamenn almennt líta upp til," sagði Jón S. Helgason, framkvæmdastjóri KPMG á Íslandi. „Við hjá KPMG erum ákaflega stolt af því að geta stutt Ólafíu Þórunni og þannig létt undir með henni í þessu stóra verkefni að spila á LPGA mótaröðinni "

„Það er búið að vera frábært að sjá hvernig Ólafíu Þórunni hefur gengið í þeim mótum sem hún hefur tekið þátt í hingað til og alveg ljóst að hún á fullt erindi meðal þeirra allra bestu í heiminum. Við finnum fyrir miklum áhuga meðal okkar starfsmanna þegar Ólafía Þórunn er að keppa og sama á auðvitað við um alla Íslendinga eins og ávallt þegar okkar fólk er að keppa á erlendri grundu. Nú stendur yfir mót í Texas og við hlökkum til að fylgjast með henni þar og sendum henni hlýjar baráttukveðjur," segir Jón. „Í næstu viku mun Ólafía Þórunn svo hitta stærstu KPMG stjörnuna í golfinu, sjálfan Phil Mickelson og við erum spennt að heyra frá Ólafíu Þórunni um þann fund," segir Jón brosandi.

Jón S. Helgason, framkvæmdastjóri KPMG á Íslandi, með Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur en KPMG hefur stutt við bakið á Ólafíu.

Á sama tíma og KPMG styður við GSÍ þá hefur félagið einnig lagt sig fram um að styðja við þá golfklúbba þar sem félagið er með skrifstofur. „Hjá KPMG eru margir finir kylfingar, enda er það allt að því skilyrði þegar þú ræður þig til félagsins að þú spilir golf," heldur Jón áfram og hlær.

„Við hvetjum okkar starfsfólk til að stunda golf, m.a. með því að veita aðgang að þeim golfvöllum sem við styðjum í nágrenni við okkar fjölmörgu skrifstofur."

KPMG hefur á undanförnum árum látið gott af sér leiða með golfmótum sínum og má t.d. nefna Fuglastríðið í Grafarholti, en þá keppti íslenska landsliðið við pressulið þar sem markmiðið var að fá sem flesta fugla enda fylgdi hverjum fugli loforð um styrk til góðs málefnis. Skemmst er frá því að segja að allir kylfingarnir stóðu sig mjög vel og í lok mótsins afhenti KPMG Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra eina milljón króna til styrktar starfi félagsins í Reykjadal, sumar- og helgardvalarstað fyrir fötluð börn og unglinga.

Vertu framúrskarandi

Til að skara fram úr þarf ástríðu, einbeitingu, viljastyrk og útsjónarsemi. Þetta einkennir merkisbera KPMG, **Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur**.

Í rekstri líkt og atvinnumennsku í íþróttum skiptir máli að hafa forgangsröðunina í lagi og hugrekki til að fara nýjar leiðir er byggja á þekkingu, reynslu og réttum upplýsingum. Við leggjum okkur fram svo þú skarir fram úr.

Kynntu þér þjónustuframboð KPMG á vefsíðu félagsins eða hafðu samband í síma 545 6000 og við verðum þér innan handar.

kpmg.is

KPMG

GOLFVÖRUR

VANDAÐAR VÖRUR Á GÓÐU VERÐI

BYRJENDASETT

Úrval af byrjendasettum frá MacGregor með poka.

VERÐ FRÁ 29.900 - 79.900 KR

PÚTTERAR

EVNROLL eru heitustu pútterarnir á markaðnum í dag.

Verð frá 39.900 - 44.900 kr.
Sama verð og í USA.

VATNABOLTAR

12 bolta pakkar frá Srixon, Titleist, Callaway og Taylor Made

VERÐ 1.950 KR

GPS ÚR

Úrval af GPS úrum og fjarlægðarmælum frá Bushnell, Pargate, Tom Tom og Precision Pro.

VERÐ FRÁ 19.900 KR

GOLFPOKAR

Vatnsheldir pokar frá Big Max í öllum stærðum og gerðum

VERÐ FRÁ 24.900 KR

GOLFKERRUR

Úrval af kerrum frá Big Max og Clicgear, (líka fyrir krakka).

VERÐ FRÁ 9.800 - 36.800 KR

GOLFBUXUR

Alberto buxur fyrir dömur og herra. Buxurnar sem kylfingar elska.

VERÐ FRÁ 17.900 KR

PUMA FATNAÐUR

Puma fatnaður fyrir dömur og herra. Erum einnig með fatnað frá Puma fyrir krakkana, stráka og stelpur.

COBRA KYLFUR

Cobra kylfurnar hafa slegið í gegn hjá okkur. Erum með úrval af kylfum frá Cobra fyrir dömur og herra.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM VÖRUR, VERÐ OG GOLFFERÐIR MÁ SJÁ Á **GOLFSKALINN.IS**

GOLFSKÁLINN
GOLFVERSLUN & GOLFFERÐIR
Mörkinni 3 - Sími 578 0120 - golfskalinn.is

GOLFFERÐIR GOLFSKÁLANS HAUST 2017

Hjá Golfskálanum eru í boði: Almennar ferðir, Heldri kylfinga ferðir, Golfskóla ferðir, Helgarferðir, Lengri ferðir, Sérsniðnar ferðir að óskum hvers og eins.

Verð frá kr. 125.500

EMPORDÁ GOLF
Barcelona svæðið

Dags.: 22.09 - 02.10

Lengd: 10 daga ferð
aðeins 24 sæti í boði

Vellir: 2 flottir 18 holu vellir

Hótel: Gott 4* hótel

Virkilega skemmtilegir 18 holu golfvellir, Forest og Links, hafa hlotið viðurkenningar fyrir mikil gæði og er Forest ofarlega á topp 100 listanum yfir bestu velli Spánar.

Bonalba er í tæplega 30 mín. akstursfjarlægð frá flugvellinu í Alicante og aðeins 20 mín frá miðborg Alicante.

BONALBA GOLF
Alicante

Dags.: 29.09 - 10.10

Lengd: 11 daga ferð

Völlur: Skemmtilegur 18 holu golfvöllur

Hótel: Gott 4* hótel,

ALICANTE GOLF
Alicante

Úrval ferða á frá 22.09 - 31.10

Vinsælasti áfangastaðurinn á Alicante svæðinu undanfarin 14 ár

Völlur: Fallegur 18 holu golfvöllur

Hótel: 4* hótel staðsett í útjaðri Alicante borgar

Völlurinn er skemmtilega uppsettur með jafnmörgum par 3, 4 og 5 holum sem gerir völlinn sérlega skemmtilegan og fjölbreytilegan.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM VÖRUR, VERÐ OG GOLFFERÐIR MÁ SJÁ Á **GOLFSKALINN.IS**

GOLFSKÁLINN
GOLFVERSLUN & GOLFFERÐIR
Mörkinni 3 - Sími 578 0120 - golfskalinn.is

Fjölbreytni og skemmtun

Golf er frábær fjölskylduíþrótt. Það er mikilvægt að börnum líði vel þegar þau kynnast golfinu og til eru ýmsar leiðir í því sambandi," segir Hlynur Geir Hjartarson, PGA-golfkennari og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Selfoss.

„Mikilvægast af öllu er að halda krökkunum við efnið. Félagsskapurinn þarf að vera góður og vinaleg stemning á æfingasvæðinu. Vinir eða félagar sem æfa saman eru líklegri til þess að halda áfram. Við sem eldri erum þurfum því að búa til slíka stemningu og koma þeim sem eru einir á ferð inn í hópinn.

Það sama á við um stelpur. Þær verða að vera saman á æfingum, helst að hafa sér stelpuæfingar, og fá vinkonur til að koma saman á æfingar. Mín reynsla er sú að til lengri tíma litið sé best að halda stelpuhópnum ávallt saman á æfingum," segir Hlynur.

Leikur, fjör og gaman

Leggðu áherslu á leiki á æfingum, það verður að vera fjör og gaman.

Áskoranir og keppnir

Börn hafa gaman af áskorunum, vipp- og púttkeppnir eru alltaf vinsælar. Drævkeppnir eru einnig stórkostlega skemmtilegar.

Spila golf

Kylfingar vilja leika golf úti á velli og krakkar eru engin undantekning. Það er því mikilvægt að nýta sem flest tækifæri til þess að fara út á völl að spila með börnunum.

Ungir kylfingar á Nesvelli á PGA Junior móti. MYND/SETH@GOLF.IS

> Mikilvægast af öllu er að halda krökkunum við efnið.

Texas Scramble

Fjögurra manna Texas Scramble er góð leið. Það þarf ekki nema eitt gott pútt hjá nýliðanum til þess að hann eða hún brosi allan daginn.

Stuttar lotur og fjölbreytni

Fjölbreytni er lykilatriði á æfingum. Ekki hafa loturnar of langar. Það er of langur tími að slá í hálftíma með 9-járni.

Einfaldleikinn virkar

Golf er tæknilega mjög erfið íþrótt. Það þarf því að gera hana eins einfalda og hægt er.

Liðakeppni og búningar

Krakkar vilja vera í liði og finnst fátt skemmtilegra en að vera í liðsbúningi. Það er mikilvægt að búa til slíka stemningu.

Stuttar brautir – gullteigar

Það er mikilvægt að börnin upplifi golfvöllinn sem viðráðanlegt verkefni. Þegar þau leika golf eiga þau að tía boltann upp í upphafshögginu á þeim stöðum þar sem þau eiga möguleika á að ná inn á flöt í tilætluðum höggafjölda. Byrja á 200 metra hælnum á par 5 holu, 150 metra hælnum á par 4 holu og 60-80 metra færi á par 3 holu. Á ýmsum völlum eru gullteigar sem er frábær valkostur fyrir jafnt börn sem eldri.

Góð brennsla á einum hring

Golfíþróttin býður upp á margt gott og skemmtilegt, og þar á meðal góða hreyfingu.

Sem dæmi má nefna að meðalkarlmaður sem gengur með golfpokann á öxlunum 18 holur má búast við því að brenna um 2.500 hitaeiningum á hringnum sem tekur um fjórar klst. Konur brenna að meðaltali 1.500 hitaeiningum á 18 holum.

Til samanburðar má nefna að 85 kg karlmaður sem hleypur 15 km á 1½ klst. brennir um 1.400 hitaeiningum á þeim tíma. Ef sá hinn sami myndi synda 6 km á tveimur klst. væri hann nálægt því að brenna 1.400 hitaeiningum.

Samkvæmt ýmsum rannsóknum er ekki mikill munur á því að bera golfpokann á öxlunum eða nota golfkerru. Karlmaður, sem skilgreindur var hér fyrir ofan sem meðalmaður, brennir mjög svipuðum fjölda hitaeininga á 18 holum og sá sem er ekki með golfkerru eða um 2.500 hitaeiningum.

Kylfusveinamenningin hefur aldrei náð sér á strik á Íslandi nema í keppnisgolfi þar sem margir afrekskylfingar nýta sér kylfusveininn þegar mest á reynir. Kylfingar sem ganga 18 holur með aðstoðarmann á „pokanum" brenna um 1.200 hitaeiningum. Eins og áður er miðað við meðalkarlmann.

Margir nýta sér golfbíla þegar þeir leika golf og á 18 holu golfhring má gera ráð fyrir að meðalkarlmaður á golfbíl brenni um 800 hitaeiningum. Þeir sem nýta sér golfbíla ganga að meðaltali 3,8 km á 18 holu hring.

Heimildir: Golflink.com og Golfdigest.com

Kylfingar á ferðinni í Grafarholti. MYND/FROSTI EIÐSSON

GOLFBÍLAR
Yamaha golfbílar eru fáanlegir í mörgum útfærslum, ýmist með rafmagns- eða bensínmótor.

WOLVERINE-R
Vinnuþjarkur með kröftugt útlit og aflmikla vél, hannaður til að fara með þig ótroðnar slóðir.

YXZ1000R
Sportbíll með aflmikla vél og einstaka fjöðrun. Bíll sem kemur adrenalíninu af stað!

YAMAHA

Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

Eru liðverkir að hækka forgjöfina?

NUTRILENK™

GOLD

Eitt mest selda efnið fyrir liðina hér á landi

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

„NUTRILENK GOLD hjálpar mér að fara golfhringinn verkjalaus“

Guðmundur Einarsson fyrrverandi framkvæmdastjóri Golfklúbbs Sandgerðis: „Ég er búinn að stunda golf allar götur síðan 1986 og það sem hefur háð mér mikið eru endalausir bakverkir. Ástandið var orðið þannig að eftir golfhringinn þá lá ég bara fyrir. Ég er búinn að prófa öll möguleg og ómöguleg ráð við þessum skolla, sjúkraþjálfun, líkamsrækt, nudd og fleira, svo ég tali nú ekki um öll þau verkja- og bólgueyðandi lyf sem ég hef verið áskrifandi að. Fyrir um tveimur árum prófaði ég **NUTRI**LENK **GOLD** og eftir um það bil þrjár vikur fór ég að finna mikinn mun á mér, bakið varð miklu betra og í raun allur skrokkurinn. Ég mæli hiklaust með **NUTRI**LENK **GOLD** fyrir þá sem vilja fara golfhringinn verkjalausir.“

Metfjöldi kylfinga á Íslandi

Tæplega 400 kylfingar bættust í hóp þeirra sem stunda golf á árinu 2016.

Kylfingar hafa aldrei verið fleiri en nú og eru 16.820 skráðir í golfklúbba víðsvegar um landið. Þetta er fjölgun um tæplega 400 kylfinga frá árinu 2015. Fjölgunin er hvað mest í golfklúbbum á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesinu. Gott veðurfar, aukin markaðssetning og fjölbreyttara framboð á félagaaðild gætu verið líklegar skýringar á fjölguninni.

Þegar rýnt er í tölurnar kemur í ljós að fjölgunin er mest hjá fólki sem er 50 ára og eldra en sá hópur stækkar um heil 13% milli ára. Á móti er fækkun í hópi fólks 22-49 ára og nemur fækkunin um 7%. Einnig fækkar börnum og unglingum yngri en 14 ára um 12%.

Í dag eru 55% allra kylfinga eldri en 50 ára og í þeim aldurshópi eru flestir nýliðarnir. Þar sem færri nýliðar undir 50 ára byrja í golfi má segja að meðalaldur kylfinga sé að hækka verulega hér á landi. Meðalaldur kvenkylfinga er nú 52 ár og karlkylfinga 46 ár.

Aðsókn í golf á síðustu 16 árum hefur verið gríðarleg. Í samanburði við árið 2000 hefur kylfingum fjölgað um rúmlega átta þúsund og fjöldinn nánast tvöfaldast á þessu tímabili. Á árunum 2000 til 2005 má segja að árlega hafi fjölgun kylfinga verið um 12%, en síðustu fimm ár hefur aukningin verið að meðaltali um eitt prósent.

> **Fjölgunin er mest hjá fólki sem er 50 ára og eldra en sá hópur stækkar um heil 13% milli ára. Á móti er fækkun í hópi fólks 22-49 ára og nemur fækkunin um 7%.**

Ef við setjum þessa stærð í samhengi við aðrar íþróttagreinar í landinu þá er knattspyrnusambandið stærst með rúmlega 22.000 félaga, en næst kemur golfsambandið með tæplega 17.000 félaga. Fimleikar og hestaíþróttir koma þar næst.

Capacent gerir árlega neyslu- og lífsstílskönnun þar sem fram kemur að um 60.000 Íslendingar fara í golf a.m.k. einu sinni á ári. Það má því segja að áætlaður fjöldi kylfinga sé þrefalt meiri en þeir sem eru skráðir í klúbba. Golfsumarið heldur áfram og enn geta kylfingar skráð sig í klúbba.

Axel Fannar Elvarsson úr Leyni á Akranesi slær hér á Strandarvelli á Hellu. MYND/SETH@GOLF.IS

Frá keppni á Íslandsmóti eldri kylfinga á Garðavelli á Akranesi.
MYND/GUÐMUNDUR BJARKI

Evrópumet – Fimm prósent landsmanna eru í golfklúbbi

Frá árinu 2000 hefur verið gríðarleg fjölgun í golfíþróttinni. Á síðasta ári voru 14.600 skráðir félagar í golfklúbbum landsins, þar af um 1.800 börn.

Fjöldi þeirra sem fara einu sinni eða oftar í golf á ári á Íslandi er um 50.000 samkvæmt könnun á vegum Gallup.

Ísland er í 18. sæti yfir 20 stærstu golfsambönd Evrópu. Kylfingum hefur fjölgað um 12% á síðustu 5 árum.

Ísland er í efsta sæti ef litið er á fjölda íbúa en 5% landsmanna eru skráð í golfklúbb sem er Evrópumet.

Ef íbúafjöldanum er deilt á golfvelli landsins eru 5.200 íbúar á hvern völl. Ef litið er á nýtinguna er Ísland í 19. sæti í Evrópu. Ef heildarfjölda kylfinga er deilt niður á 63 golfvelli landsins eru 260 kylfingar um hvern völl.

Á síðustu 15 árum hefur kylfingum fjölgað um nánast helming (8.500 í 16.500).

KOMDU Í GOLFKLÚBB MOSFELLSBÆJAR

GOLFKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR

TÖKUM VEL Á MÓTI NÝJUM FÉLÖGUM

Hvort sem þú ert ástríðufullur afrekskylfingur eða áhugasamur tómstundakylfingur, þá hvetjum við þig til að kynna þér allt það skemmtilega sem Golfklúbbur Mosfellsbæjar hefur upp á að bjóða.

Klúbburinn skartar tveimur frábærum en ólíkum vallarsvæðum, Bakkakoti í Mosfellsdal og Hlíðavelli við Leiruvog þar sem ný og glæsileg íþróttamiðstöð verður opnuð innan skamms.

Nánari upplýsingar á **www.golfmos.is**

OPNAR Í MAÍ

GLÆSILEG ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ OPNUÐ VIÐ HLÍÐAVÖLL Í VOR
Veitingastaður, fyrirlestrasalur, golfhermar, innipúttflöt, hægt að slá í net, vippa o.fl.

*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

EIMSKIPSMÓTARÖÐIN 2017

MÓTARÖÐ ÞEIRRA BESTU!

EIMSKIPS MÓTARÖÐIN

19. - 21. maí
EGILS GULL MÓTIÐ
GS- Hólmsvöllur Leiru

2. - 4. júní
SÍMAMÓTIÐ
GB - Hamarsvöllur Borgarnesi

FINAL FOUR

23. - 25. júní
KPMG BIKARINN
Íslandsmótið í holukeppni
GV - Vestmannaeyjavöllur

20. - 23. júlí
EIMSKIP
Íslandsmótið í golfi
GK - Hvaleyrarvöllur Hafnafirði

28. - 30. júlí
BORGUNARMÓTIÐ
Hvaleyrarbikarinn GK
Hvaleyrarvöllur Hafnafirði

18.- 20. ágúst
SECURITASMÓTIÐ
GR bikarinn
GR - Grafarholtsvöllur Reykjavík

NÝTT KEPPNISTÍMABIL 2017-2018

2. - 3. september
BOSEMÓTIÐ
GA - Jaðarsvöllur Akureyri

16. - 17. september
HONDA CLASSIC
GO - Urriðavöllur Garðabæ

EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM · KPMG · SECURITAS · Síminn · Ölgerðin · NÝHERJI · BORGUN · BERNHARD

Íslandsbankamótaröðin
- þar sem stjörnurnar verða til

27. maí	Áskorendamótaröð Íslandsbanka Svarfhólsvöllur, GOS
26.–28. maí	Íslandsbankamótaröðin Strandarvöllur, GHR
10. júní	Áskorendamótaröð Íslandsbanka Kirkjubólsvöllur, GSG
9.–11. júní	Íslandsbankamótaröðin Hólmsvöllur, GS
17. júní	Áskorendamótaröð Íslandsbanka Gufudalsvöllur, GHG
16.–18. júní	Íslandsbankamótaröðin - Íslandsmót í holukeppni Húsatóftavöllur, GG
13. júlí	Áskorendamótaröð Íslandsbanka Garðavöllur, GL
14.–16. júlí	Íslandsbankamótaröðin - Íslandsmót í höggleik Garðavöllur, GL
29. júlí	Áskorendamótaröð Íslandsbanka Jaðarsvöllur, GA
28.–30. júlí	Íslandsbankamótaröðin Jaðarsvöllur, GA
26. ágúst	Áskorendamótaröð Íslandsbanka Setbergsvöllur, GSE
25.–27. ágúst	Íslandsbankamótaröðin Leirdalsvöllur, GKG

Birna fékk mikið hrós fyrir klæðnaðinn.

Begga Design var stofnað 2016. Nýlega var svo opnað sýningar- og mátunarrými að Laugavegi 168.

Efri partinn keypti Birna í H&M..

Gifti sig í íslenskri hönnun

Birna V. Sigurðardóttir gifti sig í nóvember á síðasta ári og er enn að fá hrós fyrir klæðnaðinn sem er að hluta úr smiðju Berglindar H. Árnadóttur hjá Begga Design.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is

Birna V. Sigurðardóttir, markaðstengill hjá Vistor, og Davíð Kristján Halldórsson gengu að eiga hvort annað 19. nóvember síðastliðinn. Brúðkaupið var ákveðið með aðeins þriggja mánaða fyrirvara. Sex vikum fyrir brúðkaup fór Birna að huga að kjólnum. Eftir leit á Google rambaði hún á brúðarkjólahönnun Berglindar H. Árnadóttur, sem hannar undir merkinu Begga Design, og valdi hjá henni sjiffonpils með ásaumuðu belti með steina- og perlubróderingu en Berglind vinnur mikið með svokölluð „two pice“ dress þar sem viðskiptavinir geta sett saman pils og blússur að eigin vali.

„Ég var búin að skoða mig aðeins um á Pinterest og vissi nokkurn veginn hvað ég vildi. Ég tók einn snúning á brúðarkjólaleigu en fann ekkert sem mér líkaði. Þegar ég rakst á Begga Design á netinu heillaðist ég strax. Ég var svo heppin að Berglind var stödd á landinu, en hún starfar í Madrid á Spáni. Hún var þá ekki búin að opna sýningar- og mátunarrými sitt á Laugavegi en ég fékk að koma til hennar og máta. Ég varð afar hrifin enda efnin mun gæðalegri en önnur sem ég hafði skoðað og þjónustan í alla staði persónuleg.“

Birna var svo í eigin topp við pilsið. „Það er nú reyndar svolítið skondið að segja frá því að þetta er blúndusamfella úr H&M sem kostaði heilar 2.500 krónur,“ segir hún og hlær. Þetta bara einhvern veginn smellpassaði.

Birna fékk bónorðið í ágúst. „Maðurinn minn var eiginlega búinn að hanna þetta allt í huganum en hann vildi að þetta yrði óvissuferð fyrir gestina. Það vissi enginn að við ætluðum að gifta okkur svo boðskortið kom flestum á óvart. Á því stóð að



Beltið var bróderað með ekta perlum, kvarssteinum og kristöllum.

Birna og Davíð tóku sér aðeins þrjá mánuði í að skipuleggja brúðkaupið.

> **„Ég var búin að skoða mig aðeins um á Pinterest og vissi nokkurn veginn hvað ég vildi.**

mæting væri á Korputorg og það eina sem fólk fékk að vita var að það stæði til að gista. Á Korputorgi biðu gestanna rútur sem fluttu þá í Héraðsskólann á Laugarvatni. Þar gátu þeir haft sig til. Svo var ekið í Skálholtskirkju þar sem við biðum þeirra og athöfnin fór fram. Að henni lokinni var farið aftur í Héraðsskólann og haldin heljarinnar veisla. Við buðum svo upp á morgunmat daginn eftir svo þetta var sólarhringspartí,“ lýsir Birna.

Aðspurð segir hún daginn hafa heppnast mjög vel og að fólk hafi haft mjög gaman af allri óvissunni. Hún segist hafa fengið mikið hrós fyrir klæðnaðinn og að enn sé fólk að koma til hennar og tala um hvað hún hafi verið fín. „Mér fannst líka sérstaklega gaman að geta sagt frá því að þetta væri íslensk hönnun.“

Begga Design var stofnað 2016. Framleiðslan fer öll fram í Evrópu og er aðeins gert takmarkað upplag af hverri flík, enda horft til þess að markaðurinn á Íslandi er mjög lítill. Í vefversluninni brudarkjolar.beggadesign.com er að finna kjóla, pils, blússur, jakka, slár og vesti ásamt fylgihlutum. Nýlega var opnað sýningar- og mátunarrými að Laugavegi 168.

Tilboðsverð kr. 149.615,-
Með fylgir Vitamix sleif, drykkjarmál og svunta
Fullt verð kr. 199.518,-

Kælitækni

Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is

Glæsilegar brúðargreiðslur með Moroccanoil

Hárgreiðslumeistarinn Kevin Hughes á heiðurinn af þessum glæsilegu brúðargreiðslum.

Kevin Hughes sýndi á tískuvikunni glæsilegar hárgreiðslur sem eru í senn rómantískar og kvenlegar. Kevin greiddi hárið í lausa liði og bylgjur en síðan er hárið tekið í tagl eða fallegar fléttur. Heildarútlitið er fullkomnað eins og sjá má á myndunum. Kevin notar aðeins hársnyrtivörur frá Moroccanoil.

Fríða Heimisdóttir, eigandi Regalo efh. sem flytur inn hárvörur frá Moroccanoil, segir að vörurnar sem eitt sinn hafi byrjað sem byltingarkennd nýjung hafi vaxið og dafnað við miklar vinsældir um allan heim. „Vörurnar hafa stimplað sig inn sem hágæðavara sem er elskuð og dáð af stórstjörnum, á tískupöllum, hjá stílistum og konum um alla veröld. Fyrsta varan okkar, hin upprunalega Moroccanoil Treatment olía, var uppgötvuð af brautryðjandanum Carmen Tal sem gerði stöðuga leit að vörum sem gerðu hárið heilbrigt, fallegt og

» Kevin sýndi brúðargreiðslur á tískuviku Marchesa Couture & Nottle fyrir vor og sumar 2018

náttúrulegt. Einstök olíuformúlan virkar bæði til að mýkja hárið og undirbúa það fyrir efnameðferðir ásamt því að gefa hárinu fallegan heilbrigðan glans sem lokaáferð. Þessi vara gjörbylti hárvöruiðnaðinum og hefur af sjálfsdáðum vakið heimsathygli á arganolíu með því að kynna nýjan flokk af hárvörum með olíu," segir Fríða.

Moroccanoil hárvörur eru innblásnar af Miðjarðarhafinu með vörum sem einkennast af hinu velþekkta blágræna, appelsínugula og hvíta merki ásamt einstökum ilmi. Úrvalið hefur stöðugt verið að aukast og nú getur Moroccanoil þjónað öllum. Sjá nánar á www.regalo.is og snapchat: regalofagmenn.

Moroccanoil vörur er hægt að nálgast hjá hágæða hárgreiðslustofum um allt land.

Glæsileg brúður með fléttur

Hárið er undirbúið með tveimur pumpum Moroccanoil Treatment frá miðju hársins og í endana til að fá hinn fullkomna grunn fyrir hárið. Því næst er Moroccanoil Hydrating Styling Cream sett í miðju hársins og út í enda og það blásið þurrt.

Hárið er blásið með hringbursta til að fá góða lyftingu og áferð. Því næst er það fléttað út frá miðjuskiptingu hársins og hver hluti spreyjaður með Moroccanoil Luminous Hairspray Strong svo að hárið haldist í því formi sem þú vilt.

Látlaus og falleg greiðsla

Hárið er undirbúið með tveimur pumpum Moroccanoil Treatment frá miðju hársins og í endana til að fá hinn fullkomna grunn fyrir hárið. Síðan eru settar 2-3 pumpur af Moroccanoil Thickening Lotion til að fá þykkt í hárið, en magnið fer eftir lengd og sídd hársins.

Því næst er hárið blásið með stórum hringbursta til að fá góða lyftingu.

Þegar hárið er þurrt er tekin skipting í miðju hársins og Moroccanoil Dry Texture Spray spreyjað í allt hárið frá rót út í enda til að fá áferðina með góðri lyftingu og haldi.

Hárið er svo dregið til baka og sett teygja ásamt bandinu og í lokin sett Moroccanoil Luminous Hairspray Strong hársprey.

Photo Credit for all images in this folder: Marchesa Bridal Couture & Notte SS18 **Hair** by Moroccanoil **Artistic Director** Kevin Hughes **Photography:** Jason Carter Rinaldi for Moroccanoil

Til væntanlegra brúðhjóna

Hjá DÚKA geta væntanleg brúðhjón sett saman óskalista. Afar vel er tekið á móti þeim í verslunum DÚKA í Smáralind og Kringlunni.

Alls konar hlutir rata inn á óskalistann hjá brúðhjónum. Sparistellin eru vinsæl en við erum með allt mögulegt fyrir eldamennskuna, eins og pottasett, hamborgarapressur, alls kyns eldhúsáhöld, salt- og piparkvarnir og sniðuga hluti eins og poppskálina vinsælu og beikongæjann," segir Helen Rún Jóhannsdóttir, verslunarstjóri DÚKA.

Glös og hnífaparasett eru einnig alltaf vinsæl til gjafa, og ekki síður tertudiskar, tertuspaðar og -hnífar, sem og kaffikönnur fyrir komandi veislur og matarboð en þetta fæst í miklu úrvali hjá DÚKA.

Ullarteppi og viðarbretti

Helen Rún segir íslenska hönnun alltaf skemmtilega viðbót fyrir heimilið. „Hjá DÚKA fást púðaver eftir Heklu, ullarteppi frá Sveinbjörgu, rúmföt frá Ingibjörgu Hönnu og einstök viðarbretti frá Meiði. Ekki má gleyma handklæðasettum og ýmsum hlutum fyrir baðherbergið, rúmfötum og koddum inn í svefnherbergið og smáhlutum eins og blómavösum og kertastjökum."

„Sparistellin eru vinsæl en við erum líka með allt mögulegt fyrir eldamennskuna," segir Helen Rún, verslunarstjóri DÚKA. MYND/ERNIR

„Við erum húsgögn eða allt frá litlum barborðum til fallegra sófasetta. Ég mæli með því að brúðhjónin máti ruggustólinn okkar." MYND/ERNIR

Húsgögn á óskalistann

Hjá DÚKU fást einnig ýmsar nýjungar og nefnir Helen Rún í því sambandi litríkar golfmottur frá Pappelinu og snaga, hillur og hillubera frá Maze. „Til að toppa þetta erum við líka með smærri og stærri húsgögn eða allt frá litlum barborðum til fallegra sófasetta. Ég mæli með því að brúðhjónin máti ruggustólinn okkar í leiðinni við gerð óskalistans. Við bjóðum svo að sjálfsögðu upp á kort og fría innpökkun til þess að gestirnir geti klárað allt á einum stað."

Gestir þakklátir fyrir óskalista

Brúðhjón þurfa ekki að vera feimin við að láta óskir sínar í ljós. „Gestir eru fyrst og fremst þakklátir fyrir að fá leiðarvísi í hendurnar því allir vilja gleðja brúðhjónin og hitta í mark á þessum sérstaka degi í lífi þeirra," segir Helen Rún.

Hún minnir á að gott sé að hafa óskalistann sem fjölbreyttastan. „Stórar og litlar gjafir henta mismunandi efnahag og oft slá margir saman og vilja frekar gefa stóra veglega gjöf en marga litla hluti. Brúðhjón sem gera óskalista hjá okkur fá gjafabréf sem nemur 10% af öllum kaupum af listanum. Þannig geta þau klárað listann sinn ef eitthvað vantar upp á .Við tökum vel á móti ykkur í DÚKA og óskum væntanlegum brúhjónum innilega til hamingju."

Eyrún Birna Jónsdóttir kjólameistari. MYND/GVA

Saumar brúðarkjóla úr blúndudúkum frá ömmu

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Eyrún Birna Jónsdóttir saumar fallega en látlausa brúðarkjóla. Hún er með saumastofuna heima og það er nóg að gera þessa dagana. Það eru ekki bara brúðarkjólar sem hún saumar því undanfarið hefur hún búið til allnokkra fallega fermingar- og útskriftarkjóla. Síðan hefur hún mjög gaman af því að sauma brúðarmeyjakjóla og eru þeir þá gjarnan í stíl við kjól brúðarinnar. Hver kjóll er einstakur og Eyrún leggur mikla áherslu á að veita persónulega þjónustu.

Eyrún sem er kennaramenntuð hefur saumað frá unga aldri. Saumaskapur hefur alltaf verið áhugamál hjá henni. Hún byrjaði í kennslu en fljótlega fór hún að vinna hjá Júníform við saumaskap. „Ég uppgötvaði ánægjuna við vinnuna og ákvað að gera saumaskapinn að ævistarfi. Í framhaldi fór ég í Tækniskólann og lærði kjólasaum og útskrifaðist 2015. Meðfram náminu saumaði ég brúðarkjóla. Eftirspurnin er alltaf að aukast og það má segja að ég hafi sérhæft mig í brúðarkjólum," segir Eyrún Birna.

Hún segist bjóða upp á öðruvísi kjóla en séu á brúðarkjólaleigum eða -sölum. „Þetta er bóhemkjólar, svolítið hippalegir, sem hefur verið vöntun á. Mjög frjálslegir og þægilegir blúndukjólar. Tískan er svolítið frjálsleg núna og ég finn mikið fyrir því. Auk þess reyni ég að vera með viðráðanlegt verð fyrir alla. Blúndur eru mjög vinsælar. Sumar koma með gamla blúndudúka frá ömmum sínum og biðja mig að sauma kjól úr þeim. Ég er að sauma kjól núna upp úr gömlum blúndugardínum. Það er dásamlega fallegt og gefur allt öðruvísi útlit á kjólinn. Ef konur vilja hafa kjólinn persónulegan get ég unnið upp úr dúkum eða öðru sem þær eiga og vilja nota," segir Eyrún.

Flestar brúðir vilja hvíta kjóla eða kremaða. Eyrún segir þó að margar vilji kjóla í öðrum litum. „Ég hef bæði saumað svartan og rauðan kjól," segir hún. Mjög gott er að vera skipulagður þegar kemur að sérsaumuðum kjól. „Helst vil ég fá þriggja mánaða fyrirvara en ég reyni auðvitað að bjarga öllum," segir Eyrún sem fær efni og blúndur frá Spáni. „Birta Björnsdóttir í Júníform býr í Barcelona og hún hefur keypt fyrir mig. Einnig hef ég pantað sjálf að utan en úrval er því miður takmarkað hér á landi. Blúndutoppur og flæðandi siffonpils er vinsælast núna," segir Eyrún sem gifti sig sjálf í brúðarkjól móður sinnar.

CHANEL

2017 CRUISE COLLECTION

LES INDISPENSABLE DE L'ÉTÉ



''the concept is that there is no concept! It is abour sensuality, feeling and the spirit of things.''

LUCIA PICA

Gabriel Chanel var þekkt fyrir að ýta undir náttúrulega fegurð líkt og þegar sólargeisli snertir húðina að sumri og gefur henni undraverðan ljóma. Hennar tískuspor hafði því áhrif á okkar hugmynd um fegurð að eilífu.

Nú hefur Lucia Pica náð að fanga hið fullkomna CHANEL sumar í fyrstu CRUISE línunni sinni (2017 CRUISE COLLECTION) sem hún kallar LES INDISPENSABLE DE L'ÉTÉ sem hún tileinkar tímalausri náttúrulegri fegurð. Lína sem er full af ljóma og glamúr fyrir sumarið í aðeins nokkrum lykilatriðum. Vörur sem gefa þér bronz og ljóma á svip stundu, áreynslulaust.

Litirnir sem hún vinnur með að þessu sinni eru teknir úr landslaginu - sólbakaðir jarðliti, allt frá heitum ferskju-beige litum út í dökka bronz, inn á milli færð þú hint af grænu, grá-bláum og kóral bleikum. Áferðin er undraverð og auðveld í notkun - þú þarft rétt að snerta hana til að fá góðan lit. Öll línan minnir á áhyggjulaust og unaðslegt sumar fullt sjálfsöryggi.

''It is all part of the relaxed freedom that is at the base of the collection,''
"You want to look good, but not artificial. It's about maintaining that spirit of freedom."

LUCIA PICA

LES BEIGES HEALTHY GLOW LUMINOUS COLOUR -
Lyftir healthy glow púðrum upp á annað stig hvað varðar náttúrulegan ljóma. Það gefur húðinni fullkomna en lúmska hulu sem inniheldur fín-malaðar gull agnir sem veita ljóma.

Formúlan inniheldur nú náttúrulegt smjör og wax sem verður til þess að húðin fær ákveðna 'second skin' áferð. Púðrið kemur í fimm litumsem gefa þér hið fullkomna sólarkyssta útlit. Sérhannaður bursti fylgir.

ROUGE COCO SHINE -
Tveir unaðslegir nude varalitir með gloss áferð.
Fyrsti liturinn er Golden Sun sem er fallegur sólar-ferskju litur og Golden Sand er sterkur, hlýr nude litur.

ROUGE COCO STYLO -
Fullkomni ferðafélaginn kom nú í þrem litum, Sépia - bronz brúnn,
Panorama - hinn fullkomni nude og
Esquisse - kóral bleikur.

STYLO YEUX WATERPROOF -
Tveir nýir litir,
837 HORIZON - dökk grá-svartur,
847 TERRA ROSSA - rauð-brúnn.

LE VERNIS LONGUE TENUE -
Fjórir nýir litir,
558 SARGASSO dökk svar-grátt með sægrænu shimmeri,
560 COQUILLAGE - bjartur ferskur órans,
562 CORALIUM - ljómandi kóral litur,
564 SEA WHIP - ljúfur og ferskur bleikur.

Gestalisti A og B

Eitt af því fyrsta sem þarf að gera við undirbúning brúðkaups er að setja saman gestalista til að gera sér grein fyrir umfangi og kostnaðinum við brúðkaupsveisluna. Flestir setja sér ákveðið viðmið, t.d. að bjóða 100 manns til veislunnar, þótt hæglega væri hægt að bjóða enn fleirum. Sumum verður bókstaflega að bjóða en svo eru aðrir sem væri gaman að bjóða. Þess vegna er sniðugt að vera með gestalista A og B. Á lista A eru þeir sem verða örugglega boðnir, svo sem ættingjar og nánir vinir og á lista B þeir sem skemmtilegt væri að bjóða, t.d. vinnufélagar. Ef einhver á lista A kemst ekki, þá er einhverjum af lista B boðið í staðinn. Þeir fá boðskortið kannski aðeins seinna en hinir en gleðjast samt örugglega yfir góðu boði.

Giftingarmyndir við glerskó

Kirkja í laginu eins og risastór glerskór Öskubusku var opnuð á Taívan í fyrra.

Yfir 320 blá glerþil voru notuð til að byggja hinn 16 metra háhælaða skó. Raunar er skórinn ekki alvöru kirkja þar sem engar athafnir munu fara þar fram heldur er skórinn ætlaður sem bakgrunnur fyrir myndir af brúðhjónum áður en brúðkaupið fer fram, en það er almennur siður í landinu að taka slíkar myndir.

Hönnuðum glerskósins var gert að búa til sæluríkan og rómantískan stað og fengu þeir innblástur frá frægri sögu í héraðinu. Sagan fjallar um unga konu á sjöunda áratugnum sem fékk sjúkdóm og missti báða fætur. Þar með var hætt við brúðkaup hennar og unnustans og hún var ógift alla tíð.

Á ferðinni

Að brúðkaupi loknu fara mörg brúðhjón í ferðalag til að slaka á og njóta lífsins. Fyrir ferðalög er að ýmsu að huga sem vill gleymast í öllu því amstri sem getur fylgt brúðkaupi. Sé ferðinni heitið á fjarlægar slóðir þurfa sumir að láta bólusetja sig fyrir ýmsum sjúkdómum. Oft þarf að byrja á slíkum bólusetningum með nokkurra vikna fyrirvara. Gott er að pakka niður því sem ekki má gleymast nokkrum dögum fyrir ferðina, svo sem sólarvörn með háum sólarstuðli og húðmjólk til að bera á húðina eftir sólböð. Gott er að hafa lítið ferðaapótek með í farteskinu. Í því ættu að vera verkjatöflur, meðal við magakveisu, smyrsli eða krem til að bera á flugnabit, sótthreinsivökvi, krem fyrir sólbruna, hitamælir og plástur. Svo má ekki gleyma að athuga hvort vegabréfið gildi ekki örugglega næstu sex mánuði en gerð er krafa um slíkt, ekki síst í mörgum löndum í Asíu.

Trúlofunarhringar á vinstri hendi – giftingarhringar á hægri



Trúlofunarhringar eru yfirleitt settir upp á baugfingur vinstri handar, því sú hönd er nær hjartanu. Við giftingu eru hringarnir síðan færðir yfir á hægri höndina sem tákn um þann samning eða sáttmála sem handsalaður er þegar gengið er í hjónaband. Hjónaefnin takast í hendur í hjónavígslunni og innsigla þannig þann ásetning sinn að lifa saman í hjónabandi.

Með því að hafa hringana á hægri hendi eru þeir líka sýnilegri ókunnu fólk þegar því er heilsað og því auðveldara að sjá að um gifta manneskju er að ræða. Það þarf þá ekki að velkjast í vafa um það. **Heimild: tru.is**

NÚTÍMALISTDANSBRAUT JSB

Skráning í inntökupróf á listdansbraut fyrir skólaárið 2017-2018

Skráning í inntökupróf á listdansbraut JSB stendur yfir á www.jsb.is til 19. maí

Inntökupróf - framhaldsskólastig
16 ára og eldri,
laugardagur 20. maí
kl.13:00 – 14:30

Inntökupróf – grunnskólastig
10 – 12 ára,
laugardagur 20. maí
kl. 14:45 – 15:45

Inntökupróf – grunnskólastig
13 – 15 ára,
laugardaginn 20. maí
kl. 16:00 – 17:30

Nám og kennsla

Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

Kennslustaðir: Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

Viltu gerast vinur JSB?
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • **www.jsb.is***

EFLIR almanatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BRAUT BÍLASALA

SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2012, ekinn 115 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.103503. Mjög gott eintak

SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2013, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.103586. Mjög gott eintak

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

SUZUKI

Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

STÓRA BÍLASALAN



SKODA Octavia Scout. Árgerð 2015, ekinn 24 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.580.000. Rnr.136083.

100% LÁN
TOYOTA Auris. Árgerð 2013, ekinn 63 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.159175.



100% LÁN
TOYOTA Auris. Árgerð 2013, ekinn 106 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.980.000. Rnr.159437.

STÓRA BÍLASALAN

VW Caravelle 9 Manna. Árgerð 2014, ekinn 129 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.790.000 m/VSK. Rnr.158181.

100% LÁN
HYUNDAI i30. Árgerð 2010, ekinn 148 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 980.000 staðgreitt. Rnr.162332.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Bílar til sölu

Seldur.is

KAUPUM BÍLA
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð

Toyota rav4. 2004 árg. Sjálfskiptur. Ekinn 140 þús km. Verð:550 þús. S: 6162597.

Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

Hópferðabílar

Sprinter 516 rúta árg '11, 20+1, tvöfalt gler, rafmagnshurð. Fyrst skráð í des. '11. Tekinn í notkun í Sept '12. Ek. 42.000 km. Verð 6.690.000 m/vsk. Uppl. í s. 7791818

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Dekk, 195/50R15, 185/65R15, ofl í stærð 15"

Bátar

MARÁS
TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir

Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

PEUGEOT

207 1.4HDi CO_2 98g
Nýskráður 5/2012, ekinn 29 þús.km., dísel, 5 gírar.
Verð kr. 1.350.000

SUBARU

Legacy Lux 4x4
Nýskráður 8/2005, ekinn 193 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 795.000

HONDA

CR-V Panorama
Nýskráður 5/2007, ekinn 145 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.790.000

PEUGEOT

5008 Active
Nýskráður 4/2014, ekinn 108 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.290.000

KIA

Ceed EX 1.6 D
Nýskráður 6/2011, ekinn 45 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.830.000

HONDA

Civic Tourer Lifestyle Dísel
Nýskráður 2/2017, sýningarbíll frá umboði, dísel, 6 gírar.
Verð kr. 3.690.000

BÍLL DAGSINS

PEUGEOT 2008 Active
Nýskráður 6/2016, ekinn 10 þús.km., dísel, 5 gírar.
Listaverð kr. 2.790.000
Afsláttur kr. 500.000

Tilboð dagsins kr.
2.290.000

HONDA

Accord Executive
Nýskráður 4/2015, ekinn 19 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.990.000

HONDA

CR-V Executive
Nýskráður 2/2016, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 5.290.000

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Opið á laugardögum
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. 30 ára reynsla. Tímakaup er tilboð. Upplýsingar í síma 8488899 eða 8986796.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

SMIÐSKRAFTUR EHF.

NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.

Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.

Uppl. í s. 663 3944 Ingi

smidskraftur@gmail.com

Spádómar

661 3839 - SÍMASPÁ

Opið frá kl. 14 alla daga.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Keypt & Selt

Til sölu

Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Tómstundir & Ferðir

Fyrir veiðimenn

Hörku góð klofstígvél. Verð 8.900 kr Sendum frítt á næsta pósthús. Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Hönnun

HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

Atvinna

Atvinna í boði

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu. Viðkomandi verður að vera með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Tilkynningar

Ýmislegt

FÁKUR

95 ÁRA AFMÆLI FÁKS

Í tilefni afmæli Fáks er öllum Fáksmönnum og velunnurum félagsins boðið á kökuhlaðborð kvennadeildar Fáks laugardaginn 29. apríl frá kl. 14-17 hlökkum til að sjá ykkur Hestamannafélagið Fákur

Skemmtanir

Tilkynningar

Tillaga að breyttu deiliskipulagi í Kópavogi

Brekkuhvarf 20 - Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 28. mars 2017 breytt deiliskipulag fyrir Brerkkuhvarf 20. Í breytingunni felst að lóðinni Brekkuhvarf 20 er skipt í tvær lóðir; nr. 20 og 20a. Á nýrri lóð má byggja einbýlishús á einni hæð. Skipulagsstofnun hefur í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga yfirfarið málsgögnin sbr. erindi dags. 12. apríl 2017 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt sé auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 28. apríl 2017.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

UPPHITUN Í KVÖLD 20:00 SPORT

pepsi®
MÖRKIN

SPORT BESTA SÆTIÐ SÍMI 1817 | 365.IS | 365

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

28. APRÍL 2017 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

1237 Bæjarbardagi er háður í Borgarfirði milli sveita Þorleifs Þórðarsonar og Sturlu Sighvatssonar. Yfir þrjátíu manns falla.

1789 - Skipverjar á HMS Bounty gera uppreisn gegn yfirmönnum sínum.

1819 Konungur fyrirskipar að tugthúsið í Reykjavík verði embættisbústaður stiftamtmanns. Nú er þar skrifstofa forsætisráðherra.

1932 Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur störf.

1965 Fimmtíu ára leikafmæli Haraldar Björnssonar leikara ef fagnað hjá Leikfélagi Reykjavíkur með sýningu á Ævintýri á gönguför.

1969 **Charles de Gaulle** segir af sér forsetaembætti í Frakklandi og Georges Pompidou tekur við.

1975 Ríkisstjórnin gerir samning við bandaríska félagið Union Carbide um að reisa járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði.

1993 Alþingi samþykkir aukaaðild landsins að Vestur-Evrópusambandinu.

1997 Sveinn Björnsson listmálari andast, 72 ára að aldri.

2007 AFL Starfsgreinafélag er myndað með sameiningu þriggja stéttarfélaga á Austurlandi.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Guðmundsdóttir

frá Böðmóðsstöðum,

til heimilis að Bugðulæk 6, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 13. apríl sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Svala Árnadóttir
Karólína Árnadóttir
Sigfús Ægir Árnason **Stefanía Haraldsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hjartkær eiginmaður minn,

Pétur Jónsson

Hellum,

er látinn. Útför hans fer fram frá Reykholtskirkju, laugardaginn 29. apríl kl. 12.00.

Erna Sigfúsdóttir
og fjölskylda.

†

Mágkona mín og móðursystir okkar,

Gyða Ebba Salómonsdóttir

síðast til heimilis í Seljahlíð,

lést þann 12. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram í Seljakirkju þann 2. maí kl. 13.00.

Kvödd með þökk og söknuði,

Sigfús Sigurðsson
Ingibjörg Sigfúsdóttir
Guðný Sigfúsdóttir
Sigrún Sigfúsdóttir
Lilja Van Beers MacAlister
Derek Van Beers

†

Móðir okkar,

Guðrún Jóna Haraldsdóttir

Dvalarheimilinu Lundi, Hellu,

lést að morgni 15. apríl. Útförin verður frá Oddakirkju, laugardaginn 29. apríl kl. 14.

Guðbjörg Ágústsdóttir
Haraldur Ágústsson
Elín Ágústsdóttir
og fjölskyldur.

Lillukórinn þegar hann var tvítugur, fyrir fimm árum. Stjórnandinn, Ingibjörg, er lengst til vinstri í fremri röð.

Ég hylli þig Húnaþing er uppáhaldslag Lillukórsins

Lokatónleikar Lillukórsins á Hvammstanga verða haldnir á morgun í Félagsheimili staðarins. Ingibjörg Pálsdóttir – Lilla – hefur stjórnað honum frá byrjun fyrir 25 árum.

Við byrjuðum sextán húsmæður að syngja saman og ætluðum að hittast einu sinni í viku. Síðan eru 25 ár," segir Ingibjörg Pálsdóttir, tónlistarkennari á Hvammstanga, þegar hún rifjar upp hvernig Lillukórinn varð til.

Nú er kórinn að halda sína síðustu vortónleika á morgun, laugardag, klukkan 14 í Félagsheimilinu á Hvammstanga.

Ingibjörg er kölluð Lilla og hefur verið með kórinn frá fyrstu tíð en kveðst aldrei hafa staðið fyrir framan hann heldur stjórnað frá hljóðfærinu. „Ég hef sett upp raddirnar en svo hef ég fengið aðra undirleikara þegar komið er að konsertum. Ég er svo heppin að Sigurður Helgi Oddsson, sem er barnabarn mitt, er bráðflinkur spilari, hann hefur leikið undir hjá okkur í fimm ár og ætlar að vera með okkur þetta síðasta ár en svo er ég að hætta, enda orðin áttatíu og þriggja ára gömul," segir hún.

> **Söngæfingarnar hjá okkur eru yfirleitt eins og kabarett, þar er látið öllum illum látum. Það kemur bara í ljós í haust hvernig framhaldið verður.**

Ingibjörg er ein af stofnendum tónlistarskólans á Hvammstanga og kenndi þar í mörg ár. Í símanum heyrist söngröddin glögglega. „Ég held að ég geti sungið á meðan ég get setið," segir hún hlæjandi þegar haft er orð á því.

Lillukórinn gaf út tvo diska og Ingibjörg segir annan þeirra talsvert hafa verið spilaðan í útvarpi. Innt eftir hvort einhver sérstök lög hafi fylgt kórnum gegnum tíðina svarar hún: „Á öðrum diskinum er lag sem heitir Ég hylli þig Húnaþing og það er uppáhaldslag hjá okkur."

Að þessu sinni syngur meginþorri þeirra kvenna sem hafa starfað í Lillukórnum með en telur Ingibjörg allar sáttar við að hætta núna? „Við erum hættar að koma fram opinberlega og halda vortónleika en það er enginn kominn til með að segja að við hittumst ekki áfram," svarar hún hress. „Söngæfingarnar hjá okkur eru yfirleitt eins og kabarett, þar er látið öllum illum látum. Það kemur bara í ljós í haust hvernig framhaldið verður."

Gestakórar á tónleikunum á morgun verða Sprettskór og Grundartangakór. Stjórnandi þeirra er Atli Guðlaugsson og Sigurður Helgi spilar undir. Ingibjörg tekur fram að veglegar veitingar verði á borðum, að hætti Lillukórsins, enginn aðgangseyrir verði innheimtur og allir séu hjartanlega velkomnir.

gun@frettabladid.is

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu, langalangömmu og systur,

Svövu Jónsdóttur

frá Nesjavöllum, Grafningi, síðast til heimilis á Nesvöllum, Reykjanesbæ.

Elísabet Ragnarsdóttir **Guðjón Jóhannsson**
Guðm. Ragnar Ragnarsson **Hildur Gunnarsdóttir**
Gréta Sævarsdóttir
Guðbjörg Jóna Sævarsdóttir **Ægir Sigfússon**
Sigurður Sævarsson **Sigríður Jónasdóttir**
Sævar Sævarsson **Agnes Agnarsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabarn og systkini.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

María Sigbjörg Sveinbjörnsdóttir

Jaðarstúni 12, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 5. maí kl. 13.30.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahúss Akureyrar.

Guðmundur Steingrímsson
Jónas Þór Guðmundsson **Ingibjörg Árnadóttir**
Unnur Elín Guðmundsdóttir **Jón Már Jónsson**
Guðmundur Már Guðmundsson **Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir**
Elvar, Alexander, Guðmundur Már, Lovísa Margrét, Stefán Árni.
Þorsteinn Björn, María Kristín

SAMAN ERUM VIÐ STERKARI

PARKINSONSAMTÖKIN

Í KRINGLUNNI Á MORGUN KL. 11–18



PARKINSONBOLIRNIR
HANNAÐIR AF
HUGLEIKI DAGSSYNI
ERU KOMNIR Í SÖLU Á

PARKINSON.IS

BOLIRNIR FÁST Í BARNA-
OG FULLORÐINSSTÆRÐUM
VERÐ 2.500 KR. / 3.500 KR.

DAGSKRÁ

11.30 GUÐMUNDUR SAMÚELSSON
12.30 PARKINSONKÓRINN
13.30 BRASSBANDIÐ
15.30 JÓNAS SIG
16.30 MAGNI ÁSGEIRSSON

- KYNNING Á PARKINSONSAMTÖKUNUM
- FAGFÓLK OG FÉLAGSMENN VERÐA Á STAÐNUM OG SVARA FYRIRSPURNUM
- PARKINSONBOLIRNIR VERÐA TIL SÖLU
- BLÖÐRUR HANDA KRÖKKUNUM

Parkinsonsamtökin

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Allhvöss eða hvöss suðaustanátt og rigning, slydda til fjalla, en þurrt fyrir norðan. Hægara og úrkomuminna SV til seint um kvöldið.



Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6° ↖14	2° ←10	5° ↖6

Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
5° ←5	6° ↖10	-1° ↖11

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8° ↖13	4° ↖5	7° ↖8

Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
5° ←12	8° ←12	2° ↖9

LÉTT

		5			1	6	3	
	2	1			5	4		
3	8	9	2			1		
9					7			5
	6					7	4	
	5		3	6		8	1	
8	7		6				2	
2					3			4
	1				9		7	

MIÐLUNGS

	9		4	2				6
			5	1		3		
1	3			7	9	2		
5	2				1			
3			8			1		7
		1			4		3	
		3	9					
7					5	6		
					2		5	

ÞUNG

				3	6			
	8	3		9			2	7
	5		7			1	9	
6						4		2
	9			5				
3						8		
			9					
			8		1	9	6	
8	1			6			7	

Krossgáta

LÁRÉTT
2. umrót
6. skyldir
8. ferð
9. vefur
11. aðgæta
12. óláns
14. digurmæli
16. í röð
17. sefa
18. háttur
20. gjaldmiðill
21. ilma

LÓÐRÉTT
1. mælieining
3. frá
4. skáldsaga
5. bar
7. hvatning
10. gegnsær
13. aur
15. bakki
16. vætla
19. tveir eins



LÁRÉTT: 2. rask, 6. að, 8. fór, 9. net, 11. gá, 12. ógæfu, 14. groddi, 16. íj, 17. róa, 18. lag, 20. kr, 21. anga.
LÓÐRÉTT: 1. nano, 3. af, 4. söguþók, 5. krá, 7. æsgjan, 10. tær, 13. for, 15. bard, 16. íla, 19. gg.

Skák Gunnar Björnsson

Trisic átti leik gegn Bulak í Lyngby árið 1990.
Hvítur á leik
1. Hxf4! exf4 2. Dc3+ Dd4 3. Hd1! 1-0. Anish Giri sigraði á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu sem lauk í gær. Jóhann Hjartarson, Hannes Hlífar Stefánsson og Bragi Þorfinnsson urðu efstir Íslendinga.
www.skak.is: Allt um Reykjavíkurskákmótið.

9	5	6	1	4	7	2	3	8
7	1	3	8	2	5	6	9	4
8	4	2	9	3	6	7	5	1
4	6	9	5	7	2	8	1	3
5	7	8	3	6	1	9	4	2
2	3	1	4	8	9	5	6	7
6	8	5	2	1	4	3	7	9
1	2	7	6	9	3	4	8	5
3	9	4	7	5	8	1	2	6

5	1	2	3	4	6	8	9	7
6	3	8	5	7	9	1	4	2
7	4	9	8	1	2	3	5	6
4	2	7	9	3	1	5	6	8
8	5	3	2	6	4	7	1	9
9	6	1	7	5	8	4	2	3
1	7	6	4	2	3	9	8	5
2	8	5	1	9	7	6	3	4
3	9	4	6	8	5	2	7	1

6	1	2	3	8	4	7	9	5
9	3	4	7	1	5	8	2	6
5	7	8	9	6	2	1	3	4
2	5	3	8	7	6	9	4	1
7	4	6	2	9	1	3	5	8
1	8	9	4	5	3	6	7	2
8	9	5	1	2	7	4	6	3
4	6	1	5	3	9	2	8	7
3	2	7	6	4	8	5	1	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÉTTABLAÐIÐ
er Helgarblaðið

Fara ránshendi um heimshöfin

Vera rannsóknarskipsins **Seabed Constructor** á íslensku hafsvæði og tilraun áhafnarinnar til að hirða verðmæti úr þýska skipinu Minden tengist stórviðburðum í sögu Íslands. Eins því að hópar manna fara ránshendi um heimshöfin og gera sér skipsflök að féþúfu.

Lífsspursmál

Unnur Jökulsdóttir, rithöfundur og heimshornaflakkari, sem hefur sent frá sér bók um undur Mývatns, segir að fróðleikur geti hjálpað okkur að bjarga náttúrunni.

Vill nýta sjónvarpið til kennslu

Vigdís Finnbogadóttir segir brýna þörf á að tölvuvæða íslensku en líka að ýta undir áhuga ungmenna á íslensku máli með ráðum og dáð og vill nýta sjónvarpið til kennslu.

Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi

markhönnun ehf

netto

Súpukjöt

-50%

SÚPUKJÖT
2. FLOKKUR
399 KR/KG
~~ÁÐUR: 798 KR/KG~~

Verðsprengja

www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór · Grandi · Mjódd · Salavegur · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavik · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Nýtt í Hagkaup

CEDAR´S HOMMUS

VEGAN

Gegnsæi og heiðarleiki einkennir Cedar´s Hommus. Hráefnin eru vel valin og uppskriftirnar ósviknar. Úr verður gómsætur og bráðhollur hágæða hommus sem tryllir bragðlaukana. Góður t.d. í vefjuna, með salatinu, pastanu, súrdeigsbrauðinu, grænmetinu og snakkinu.

Avocado - Balsamic & laukur - Hvítlaukur - Tómat & basil - Siriacha

449 kr/stk



Nýtt í Hagkaup

299 kr/stk

Beanfield snakk
28 g innihalda 5 g af próteini og 6 g af trefjum.

799 kr/pk

1.199 kr/pk

Jarðarber og bláber
Sæt og safarík íslensk jarðarber. 500 g bláberjafata.

299 kr/pk
verð áður 379

Freyja
Smá Draumur og Rís.

Gildir til 30. apríl á meðan birgðir endast.

Pellini

Nýtt í Hagkaup

639 kr/pk

Pellini capsules
Hágæða ítalskt kaffi. 100% Arabica.

Ella´s kitchen
Lífrænn barnamatur fyrir öll tilefni.

Nýtt í Hagkaup

389 kr/stk

ProPud próteindrykkir
Enginn viðbættur sykur, laktósafrítt.

LOVE KOMBUCHA
DRINK HEALTHY - FEEL HEALTHY

Lífrænir Kombucha drykkir.
Svalandi drykkur með náttúrulegum meltingagerlum og bætiefnum.
Mjólkurlausir, glúteinlausir og Vegan.

Stærri flöskurnar fást einungis í Skeifunni og Garðabæ

Nýtt í Hagkaup

399 kr/stk

549 kr/stk

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

NAUT HELGARINNAR

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

Bernaisesósur Hagkaups
Benni #1 og Benni #2 chili

429 kr/stk

ÍSLENSKT UNGNAUTA-RIBEYE
3.999 kr/kg
verð áður 4.999

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

LAMBALÆRIS-SNEIÐAR
2.239 kr/kg
verð áður 2.799

SS

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

PIPARMARINERAÐUR GRÍSAHNAKKI
1.799 kr/kg
verð áður 2.399

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

JURTAMARINERAÐ NAUTA FILE
4.399 kr/kg
verð áður 5.499

Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGALÆRI ÚRBEINUÐ
1.874 kr/kg
verð áður 2.499

Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-BRINGUR
1.999 kr/kg
verð áður 2.499

Holta KJÚKLINGUR

POUSSIN er franska orðið yfir ungkjúkling

ELDAÐ Í POKANUM þannig helst fuglinn mjúkur og safaríkur

849 kr/kg
verð áður
1.099

SAFARÍK NÝJUNG

Poussin er ný og spennandi vara á íslenskum markaði en aðferðin er vel þekkt hjá sælkerum í Evrópu og Ameríku. Kjúklingurinn er yngri en við eigum að venjast, kjötið mýkra og safaríkara og losnar vel frá beinum.

Mikilvægt er að elda fuglinn í steikingarpokanum. Mylar Cook steikingar- pokar eru vinsæl og viðurkennd gæðavara sem mikið er notuð af mat- reiðslufólki um allan heim. Við ákveðið hitastig opnast pokinn á hliðunum og kjötið byrjar að brúnast. Í hverjum poka er hálfur kjúklingur – fullkomin sælkeramáltíð fyrir einn.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ MENNING

Sýningin unnin eftir sögum ömmu

Í brúðusýningunni Á eigin fótum er aldagamalli japanskri aðferð beitt. Sýningin fjallar um uppátækjasama sex ára stelpu sem er send á afskekktan sveitabæ sumarlangt. Frumsýning er í Tjarnarbíói á morgun.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Sýningin er án orða en unnin upp úr sögum sem amma mín, Signý Óskarsdóttir, sagði mér þegar ég var lítil," segir Agnes Wild, leikstjóri brúðusýningarinnar Á eigin fótum sem frumsýnd verður í Tjarnarbíói á morgun klukkan 15.

„Amma var send úr borginni í sveit sem barn á millistríðsárunum eins og fjölmargir krakkar á þeim tíma. Var sex ára þegar hún fór fyrst og þá til þriggja mánaða dvalar hjá alókunnugu fólki vestur á Mýrum, það var hennar fyrsta ferð úr Reykjavík. Ninna heitir brúðan í sýningunni og í verkinu sjáum við hana þroskast og styrkjast, svo kemur pabbi hennar í lokin að sækja hana," segir Agnes sem kveðst hafa alist upp við sögur af lífinu í sveitinni og unnið upp úr þeim í tvö ár með hléum, ásamt félögum í leikhópnum Miðnætti. „Við lásum okkur til, ræddum við fleiri ömmur og annað eldra fólk. Erum ekki bara að fjalla um sveitina heldur líka þá reynslu barna að vera fjarri foreldrum sínum og þurfa að standa á eigin fótum. Verkið er ætlað leikskólaaldrinum en þetta er skemmtileg saga fyrir þau eldri líka."

Aldagömul japönsk aðferð er notuð við sýninguna, að sögn Agnesar. „Þrír leikarar eru kringum brúðuna allan tímann og stjórna henni. Einn heldur um höfuðið og vinstri höndina, annar um rassinn og hægri höndina og sá þriðji stjórnar fótunum. Þannig lifnar brúðan við og fólk gleymir að horfa á leikarana því brúðan dregur að sér alla athyglina."

Aðspurð kveðst Agnes hafa kynnst þessari tækni í leiklistarskóla í Bretlandi. „Við fengum brúðuleikara að utan til að þjálfa okkur fyrir þessa sýningu í febrúar í fyrra og höfum tekið tarnir síðan."

Það eru leikhóparnir Miðnætti og Lost Watch Theatre Company sem standa að sýningunni. Agnes telst til beggja hópanna. Tónlist er frumsamin af Sigrúnu Harðardóttur fiðluleikara og Margréti Arnardóttur harmónikuleikara og þær flytja hana sjálfar á hverri sýningu.

Höfundarnir drifu sig vestur á Mýrar að skoða sögustaðinn, að sögn Agnesar. „Amma sigldi með pabba sínum upp í Borgarnes og þaðan hjólaði hann með hana í sveitina, bærinn var ekki í vegasambandi á þeim tíma. Hann er enn í byggð þó húsakynnin sem amma var í séu horfin."

Agnes segir Snata, hundinn á bænum, koma við sögu í sýningunni, líka kýr, kindur, spóa og svani.

„Dýrin eru búin til úr hversdagslegum hlutum. Kýrin er úr fötu og ferðatösku, hundurinn er skór, trefill og vettlingar og svanirnir eru úr sængurverum," lýsir hún. „Það á að hvetja börn til að nota hvað sem er í leiki sína."

Það er nóg að gera hjá Ninnu í sveitinni eins og sjá má FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

KÝRIN ER ÚR FÖTU OG FERÐATÖSKU, HUNDURINN ER SKÓR, TREFILL OG VETTLINGAR OG SVANIRNIR ERU ÚR SÆNGURVERUM

Samviskan hringdi og ég svaraði

Við kynntumst í ritlistinni uppi í háskóla en erum samt ekki allar af sama árinu. Það var svona upphafið að þessu," segir Sunna Dís Másdóttir ljóðskáld en í dag kemur út ljóðverkið Ég er ekki að rétta upp hönd. Í bókinni er að finna ljóðverk eftir svikaskáldin Fríðu Ísberg, Melkorku Ólafsdóttur, Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur, Þóru Hjörleifsdóttur, Þórdísi Helgadóttur og Sunnu Dís. En útgáfunni verður fagnað í dag í Mengi á milli klukkan 17 og 19 að Óðinsgötu þar sem skáldin ætla að koma saman og lesa upp úr verkinu.

Sunna Dís segir að þær hafi einfaldlega ákveðið að skella saman í bók. „Mér var svona kippt með – það var eiginlega eins og að fá samtal frá samviskunni. Ég var drifin upp í bústað að skrifa ljóð og þegar samviskan hringir þá svarar maður kallinu."

Samheitið svikaskáld segir Sunna Dís að hafi fljótlega komið til þeirra. „Þetta birtist fljótlega eftir að við komum saman uppi í bústað til þess að skrifa og hafa kaffisamsæti með upplestrum þess á milli. Þá kom fljótt í ljós að það voru hjá okkur sameiginlegir þræðir sem meðal annars tengjast imposture-syndróm· inu sem hefur nú farið nokkuð hátt. Þessi pæling með að vera skáld eða svikari. Hvort er maður?" En sjálf segir Sunna Dís að þar sem segi í einu af ljóðum hennar að hún geri aldrei mistök þá hljóti hún að vera viss um það hvort hún er og þar sem ljóðið er að koma á bók þá hljóti hún að vera skáld.

Að yrkja ljóð þykir nú oft vera einmanalegt starf en skyldi Sunnu Dís hafa þótt gott að vinna svona saman eins og þær gerðu? „Þetta var ótrúlega skemmtileg vinna. Við vissum í raun ekkert hvað yrði þegar við fórum þarna upp eftir að öðru leyti en því að við vorum búnar að ákveða að gefa út bók. Því þannig gerast allir góðir hlutir að maður stekkur fyrst og spyr svo. Það var líka gaman að sjá hvernig ljóðin fara að flækja sig saman í þessu samtali og með kaffisopanum."

magnus@frettabladid.is

HLAUPADAGAR

20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM HLAUPA-
FATNAÐI OG -SKÓM
FRÁ FIMMTUDEGI
TIL MÁNUDAGS.

OPIÐ
FRÁ KL. 13-18
Á 1. MAÍ

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI / SMÁRALIND

utilif.is

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

28. APRÍL 2017

Tónlist

Hvað? Vortónleikar söngdeildar FÍH
Hvenær? 20.00
Hvar? Hátíðarsalur tónlistarskóla FÍH, Rauðagerði
Nemendur munu að þessu sinni flytja lög eftir íslenska kvenhöfunda og ber sýningin heitið Valkyrjutónar. Tónlistarstjóri er Agnar Már Magnússon. Það verða tvær sýningar í hátíðarsal tónlistarskóla FÍH. Sú fyrri verður kl. 20 í dag og sú seinni kl. 14, laugardaginn 29. apríl. Aðgangseyrir er 1.500 krónur (750 kr. fyrir börn yngri en 12 ára sem og eldri borgara).

Hvað? Söngskemmtun tveggja eldriborgarakóra
Hvenær? 17.00
Hvar? Grensáskirkja
Söngskemmtun kórs Félags eldriborgara í Reykjavík og karlakórsins Kátra karla. Á söngskránni eru létt þekkt sönglög. Meðalaldur kórfélaga er um 77 ár, líklega hæsti meðalaldur kórfélaga á landinu. Elsti kórfélagi KKK er 93 ára. Söngstjóri er Gylfi Gunnarsson og meðleikari Jónas Þórir. Aðgangseyrir kr. 2.000.

Hvað? Andrými í litum og tónum
Hvenær? 12.10
Hvar? Listasafn Íslands
Síðasta föstudag hvers mánaðar býður Íslenski flautukórinn upp á fjölbreytta tónlist í Listasafni Íslands til þess að vinda ofan af vinnuvikunni og endurræsa skilningarvitin.

Hvað? DIO - Heiðurstónleikar
Hvenær? 22.00
Hvar? Græni hatturinn, Akureyri
Til að heiðra afrek Ronnie James Dio á 75. aldursári hans þá ætla norðlenskir rokkarar að rífa í spýturnar og þenja böndin á Græna hattinum í dag. Þarna verða tekin helstu lög Ronnie James Dio og það má segja að þar mun sannur þungarokksaðdáandi ekki verða fyrir vonbrigðum því að fyrir utan bandið Dio þá munu nokkur Black Sabbath- og Rainbow-lög óma um sali.

Ronnie James Dio heitinn verður heiðraður á Akureyri í kvöld.

Viðburðir

Hvað? Svikaskáld gefa út – Ég er ekki að rétta upp hönd
Hvenær? 17.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu
Ég er ekki að rétta upp hönd er nýtt ljóðverk eftir svikaskáldin Fríðu Ísberg, Melkorku Ólafsdóttur, Sunnu Dís Másdóttur, Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur, Þóru Hjörleifsdóttur og Þórdísi Helgadóttur. Ég er ekki að rétta upp hönd kemur út í dag og verður útgáfunni fagnað í Mengi, Óðinsgötu 2, sama dag milli kl. 17 og 19. Þar munu skáldin lesa upp úr verkinu. Boðið verður upp á léttar veitingar og áhugasömum gefst kostur á að fjárfesta í eintaki af bókinni.

Hvað? Á nýjum stað (Eisheimat)
Hvenær? 18.00
Hvar? Bíó Paradís, Hverfisgötu
Myndin segir sögu sex hugrakkra kvenna sem líta á níræðisaldri yfir farinn veg og gera upp gamla tíma eða væntumþykju með opnum hug og fyrirgefningu í hjarta. Heimildarmynd sem þú vilt ekki missa af, söguleg og áhugaverð viðtalsmynd sem kemur sögu þjóðarinnar og heimsins alls við – grátbrosleg, dásamleg og skemmtileg en í senn þrungin sögu kvenna sem aðlöguðust íslensku samfélagi. Öllum afkomendum þýskra kvenna sem komu hingað til lands á eftirstríðsárunum er boðið að koma á frumsýninguna.

Hvað? Barnamenningarhátíð: Klambraflæði fyrir 7-12 ára
Hvenær? 14.00
Hvar? Kjarvalsstaðir
Kátt á Klambra kynnir Klambraflæði á Kjarvalsstöðum. Börn á aldrinum 7-12 ára fá að spreyta sig á allra nýjustu plötusnúðagræjunum frá Pioneer DJ á Íslandi. Ásamt

Boðið verður upp á leiðsögn á ensku um sýningu Errós Því meira, því fegurra í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

því verður í boði rímnasmiðja fyrir ung og upprennandi skáld sem vilja fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Báðar smiðjurnar verða undir leiðsögn fagmanna. Plötusnúðakennslan verður leidd af Helga Snæ Jónassyni Kjeld, betur þekktur sem plötusnúðurinn Sonur Sæll, og textasmiðjan verður í höndum Steinunnar Jónsdóttur sem kemur úr hljómsveitunum Amabadama og Reykjavíkurdætrum.

Hvað? Barnamenningarhátíð: Teiknináskeið fyrir 8-12 ára
Hvenær? 15.00
Hvar? Hafnarhúsið
Teiknináskeið fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Sigga Björg Sigurðardóttir myndlistarmaður leiðir örnámskeið þar sem þátttakendur fá handleiðslu í teikningu með málverk Errós sem fyrirmyndir. Afrakstur námskeiðsins verður síðan sýndur yfir barnamenningarhátíð samhliða fyrirmyndunum. Áhugasamir mæti tímanlega, takmarkaður fjöldi þátttakenda.

Hvað? Leiðsögn á ensku um Erró: Því meira, því fegurra
Hvenær? 14.00
Hvar? Hafnarhúsið
Frítt fyrir handhafa Árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

Hvað? Jöklar í bókmenntun, listum og lífinu – ráðstefna á Höfn í Hornafirði
Hvenær? 16.30
Hvar? Höfn í Hornafirði
Helgina 28.-30. apríl verður haldin ráðstefna á Höfn í Hornafirði með yfirskriftinni Jöklar í bókmenntum, listum og lífinu. Fyrir ráðstefnunni stendur Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Höfn, í samvinnu við Náttúrustofu Suðausturlands og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Til ráðstefnunnar er boðið rithöfundum og fræðimönnum á sviði bókmennta, myndlistar og jöklafræða. Meðal gesta verða rithöfundarnir Steinunn Sigurðardóttir, Linda Vilhjálmsdóttir og Ófeigur Sigurðsson sem öll hafa fjallað um jökla í skrifum sínum.

Hvað? Kynningarfundur á Viðskiptafræði með vinnu (VMV)
Hvenær? 12.10
Hvar? Gimli, Háskóla Íslands
Í dag er haldinn kynningarfundur fyrir VMV-námið. Fundurinn verður í Gimli 102 frá kl. 12.10-12.50. Lena Heimisdóttir, verkefnastjóri VMV-námsins, kynnir námið ásamt fyrirkomulagi þess en að auki mun Magnús Pálsson, forstöðumaður námsins, halda stutt erindi. Einnig mun Herwig Syen, mannauðsstjóri hjá FoodCo og nemandi VMV segja frá sinni reynslu af náminu.

Hvað? Fræðastarf og samfélag – Málþing félags- og mannvísindadeildar
Hvenær? 15.00
Hvar? Oddi, Háskóla Íslands

Hvað? Verkefni í þágu samfélags, ráðstefna MPM námsins
Hvenær? 13.00
Hvar? Háskólinn í Reykjavík
Meistaranám í verkefnastjórnun (MPM) við Háskólann í Reykjavík er alhliða stjórnendanám sem miðar að því að koma hlutum í verk með skilvirkum hætti á öllum stigum og á öllum sviðum samfélagsins.

Hvað? Cracking the Google Interview (Að leysa Google viðtöl) opin vinnustofa
Hvenær? 10.00
Hvar? Stofa M101, Háskólanum í Reykjavík
Kristján Jónsson mun vera með vinnustofu í því hvernig á að komast í gegnum atvinnuviðtal hjá Google. Vinnustofan mun taka um tvær klukkustundir og það er nauðsynlegt að skrá sig áður. Allir eru velkomnir.



EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ EIGNAST NÝJA ŠKODA OCTAVIU!

ŠKODA

Sýningarbílar á frábærum kjörum

ŠKODA Octavia er einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn.
Gott rými og hagkvæmni í rekstri gera ŠKODA Octavia að einum besta fjölskyldubílnum á markaðnum.
Nú bjóðum við nokkra sýningarbíla á frábærum kjörum eða með veglegum aukahlutapakka.
Tilboðið gildir á meðan birgir endast.

Komdu við í Skoda salnum við Laugaveg 174 og sölumenn taka vel á móti þér í samningsstuði!

Verð frá aðeins:
3.350.000 kr.

5 ára ábyrgð

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

www.skoda.is

DAGSKRÁ

Föstudagur

Bráðfyndnir og stórskemmtilegir þættir fyrir alla fjölskylduna þar sem tvö lið þeysast um Asíu í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Auddu, Sveppa, Steinda Jr. og Pétri Jóhanni.

FRÁBÆRT
FÖSTUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

MARTHA & SNOOP'S POTLUCK DINNER PARTY

Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat.

ABSOLUTELY ANYTHING

Fjölskyldumynd

Gamanmynd um geimverur sem ætla að eyða jörðinni en ákveða fyrst að gera tilraun til að skapa mann sem getur uppfyllt allar óskir þeirra.

MONEY MONSTER

Lee Gates er áberandi sjónvarpsmaður sem heldur úti vinsælum sjónvarpsþætti um fjármál. Eftir hrun verðbréfa sem Gates hefur fjallað um ræðst ævareiður fjárfestir inn í beina útsendingu og tekur framleiðsluteymi þáttarins í gíslingu.

SILICON VALLEY

Ný þáttaröð

FYRRI SERÍUR Á STÖÐ 2 MARAÞON NOW

Fjórða serían um sex unga menn sem stofna sprotafyrirtæki í Sílíkondalnum og freista þess að láta drauma sína rætast.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Kalli kanína og félagar
07.45 Tommi og Jenni
08.05 The Middle
08.30 Pretty Little Liars
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 The Restaurant Man
11.20 The Goldbergs
11.45 The Detour
12.05 Lóa Pind. Bara geðveik
12.35 Nágrannar
13.00 Hugh's War on Waste
14.00 Out of Africa
16.50 Tommi og Jenni
17.15 Simpson-fjölskyldan
17.40 Bold and the Beautiful
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 **Martha & Snoop's Potluck Dinner Party** Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur.
19.40 **Asíski draumurinn** Nýir, hörkuspennandi og skemmtilegir þættir um tvö lið sem þeysast um Asíu í kapplaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir.
20.15 **Absolutely Anything** Stórskemmtileg bresk gamanmynd frá 2015 með einvalaliði leikara. Við kynnumst hér nokkrum geimverum sem ætla sér að eyða Jörðinni með manni og mús.
21.45 **Money Monster** Spennutryllir frá 2016 með George Clooney, Juliu Roberts og Jack O'Connell. Lee Gates er áberandi sjónvarpsmaður sem heldur úti vinsælum sjónvarpsþætti um fjármál ásamt framleiðanda sínum, Patty Fenn. Eftir að Gates fjallar um verðbréf sem síðar hrynja á dularfullan hátt ræðst ævareiður fjárfestir inn í upptökustúdíó þáttarins.
23.20 The Visit
00.55 The Brothers Grimsby
02.15 Rush Hour
03.00 Out of Africa

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Grindavík - KR
08.45 Domino's-körfuboltakvöld
09.20 Deportivo - Real Madrid
11.00 Premier League World
11.30 Pepsí deild kvenna
13.10 Bayern München - Mainz
14.50 Þýsku mörkin
15.20 Formúla 1 - Keppni
17.40 Grindavík - KR
19.25 Domino's-körfuboltakvöld
20.00 Pepsi-deildin - Upphitun
21.45 Pepsi-mörk kvenna
22.30 Premier League Preview
23.00 Formúla E - Magazine Show
23.35 Bballography: Guerin
00.00 NBA - Playoff Games

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Swansea City - Stoke City
08.45 Liverpool - Crystal Palace
10.35 Burnley - Manchester United
12.20 Messan
13.50 FA Cup
16.15 FA Cup
18.00 Domino's-körfuboltakvöld
18.40 Cardiff - Newcastle
20.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
21.15 Man. City - Man. United
22.55 Pepsi-deild kvenna
00.35 Pepsi-mörk kvenna
01.20 Pepsi-deildin - Upphitun
02.50 Bundesliga Weekly

STÖÐ 3

17.30 Mike & Molly
17.50 2 Broke Girls
18.15 Anger Management
18.40 Modern Family
19.05 Curb Your Enthusiasm
19.40 Silicon Valley
20.15 The New Adventures of Old Christine
20.40 Gilmore Girls
21.25 iZombie
22.10 Entourage
22.40 Fresh off the Boat
23.05 Curb Your Enthusiasm
23.35 Silicon Valley
00.05 The New Adventures of Old Christine
00.30 Gilmore Girls
01.10 iZombie
01.55 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Könnuðurinn Dóra
07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveins
08.49 Lalli
08.55 Rasmus Klumpur og félagar
09.00 Strumparnir
09.25 Hvellur keppnisbíll
09.37 Ævintýraferðin
09.49 Gulla og grænjaxlarnir
10.00 Víkingurinn Viggó
10.11 Zigby
10.25 Stóri og Litli
10.38 Brunabílarnir
11.00 Könnuðurinn Dóra
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveins
12.49 Lalli
12.55 Rasmus Klumpur og félagar
13.00 Strumparnir
13.25 Hvellur keppnisbíll
13.37 Ævintýraferðin
13.49 Gulla og grænjaxlarnir
14.00 Víkingurinn Viggó
14.11 Zigby
14.25 Stóri og Litli
14.38 Brunabílarnir
15.00 Könnuðurinn Dóra
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveins
16.49 Lalli
16.55 Rasmus Klumpur og félagar
17.00 Strumparnir
17.25 Hvellur keppnisbíll
17.37 Ævintýraferðin
17.49 Gulla og grænjaxlarnir
18.00 Víkingurinn Viggó
18.11 Zigby
18.25 Stóri og Litli
18.38 Brunabílarnir
19.00 Frummaðurinn

GOLFSTÖÐIN

07.55 Volunteers of America Texas Shoot
10.55 Golfing World
11.45 Zurich Classic of New Orleans
14.45 Golfing World
15.35 Inside the PGA Tour
16.00 Volunteers of America Texas Shoot
19.00 Zurich Classic of New Orleans
22.00 Volunteers of America Texas Shoot
01.00 Zurich Classic of New Orleans

BÍÓSTÖÐIN

10.30 Woodlawn
12.35 The Intern
14.35 Nancy Drew
16.15 Woodlawn
18.20 The Intern
20.20 Nancy Drew
22.00 **Sicario** Spennumynd frá 2015 sem tilnefnd var til þrennra Óskarsverðlauna með Emily Blunt, Benicio Del Toro og Josh Brolin í aðalhlutverkum. Aðalpersóna Sicario, sem þýðir leigumorðingi í Mexíkó, er alríkislögreglukonan Kate Macer sem lítur á það sem köllun sína að berjast gegn glæpum og glæpamönnum og skortir ekki hugrekki til þess. Dag einn er hún send af yfirmönnum sínum til liðs við liðsfélaga sína við mexíkósku landamærin, en þeir eru að reyna að hafa uppi á stórtækum eiturlyfjakóngi sem gert hefur þeim lífið leitt að undanförnu. Til að það megi heppnast dugar ekkert minna en að stinga höfðinu beint í gin ljónsins og vera um leið berskjölduð fyrir árás glæpamannanna.
00.00 **Get Hard** Frábær mynd frá árinu 2015 með Will Ferrell og Kevin Hart í aðalhlutverkum. Þegar milljónamæringurinn James King er dæmdur fyrir fjársvik til tíu ára fangelsisvistar í hinu alræmda San Quentin-fangelsi óttast hann um líf sitt innan múranna og biður Darnell Lewis um aðstoð. Will Ferrell leikur milljónamæringinn James King sem þrátt fyrir allan auðinn er frekar lítill bógur.
01.40 The 40 Year Old Virgin
03.35 Sicario

RÚV

17.20 Landinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Pósturinn Páll
18.16 Kata og Mummi
18.28 Blái jakkinn
18.29 Kóðinn – Saga tölvunnar
18.30 Jessie
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Miranda
20.15 Útsvar
21.20 Poirot
22.15 Fordæmdur
23.45 Safety Not Guaranteed
01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.25 Dr. Phil
09.05 90210
09.50 Jane the Virgin
10.35 Síminn + Spotify
11.40 Dr. Phil
12.20 The Voice USA
13.50 Man with a Plan
14.15 The Mick
14.40 Speechless
15.05 The Biggest Loser
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 King of Queens
19.00 Arrested Development
19.25 How I Met Your Mother
19.50 America's Funniest Home Videos
20.15 The Voice USA
21.45 The Bachelorette
23.15 The Tonight Show
23.55 Californication

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

6. nóvember í 9 nætur

25 ÁRA
1992-2017

Frá kr.
94.695

Allt að
10.000 kr.
afsláttur á mann til 15. maí

Kynnisferðin **BORGARFERÐ** fylgir einnig frítt með!

Sólarferð til Agadir í MAROKKÓ

Stærsti sólstrandarstaður Marokkó

Heimsferðir bjóða nú aftur ferð til Agadir í Marokkó en ferðir til Marokkó hafa notið aukinna vinsælda síðustu ár. Fólkið í Marokkó er umburðalynt og þekkt fyrir gestrisni en Agadir er borg í landi frjálslyndra múslima þar sem allir njóta þess að lifa lífinu í sátt og samlyndi í þessari ljúfu borg. Á þessum fallega stað skín sólin um 300 daga á ári en svæðið er umlukið fjöllum á einn veg og loftslagið því afskaplega milt og þægilegt. Notalegan andvara leggur svo frá hafi hinu megin frá, svo dagarnir verða aldrei of heitir.

Agadir er stærsti sólstrandarstaður Marokkó og aðalaðdráttaraflið er auðvitað hin breiða og framúrskarandi hreina gullna strönd, en hingað kemur fólk einnig til að njóta þeirrar góðu þjónustu sem hótelin hafa upp á að bjóða, njóta sín í heilsulindunum, spila golf á fyrsta flokks golfvöllum og auðvitað líka til að skyggnast inn í einstaka menningu þessarar yndislegu og stoltu þjóðar. Agadir er staður andstæðna þar sem víst er að ferðamaðurinn mun upplifa eitthvað nýtt og áður óþekkt. Komdu með okkur til Agadir í Marokkó!

Golden Beach Aparthotel

Frá kr. 94.695 m/ekkert fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 94.695 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í standard íbúð.
Netverð á mann frá kr. 104.795 m.v. 2 fullorðna í standard íbúð.

Iberostar Founty Beach

Frá kr. 118.895 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 118.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fj.herb.
Netverð á mann frá kr. 157.695 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Hotel Royal Atlas Agadir

Frá kr. 126.995 m/morgunmat innif.
Netverð á mann frá kr. 126.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb.
Netverð á mann frá kr. 139.945 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Sofitel Thalassa & Spa Hotel

Frá kr. 174.395 m/morgunmat innif.
Netverð á mann frá kr. 174.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 247.245 m.v. 1 fullorðinn í herbergi.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA - NM81585

198
kr. 1 l

Bónus Vanilluís, 1 l
Bónus Sorbet ís, 1 l, 2 teg.

Ferskur **ÍSLENSKUR** fiskur

2.298
kr. kg

Norðanfiskur Laxaflök
Beinhreinsuð, fersk

2.398
kr. kg

Norðanfiskur Laxaflök
Beinhreinsuð, fersk, krydduð

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

PRÓTEINBRAUÐ
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g

398
kr. 420 g

Bónus Próteinbrauð
420 g

300kr
verðlækkun pr. kg

1.279
kr. kg

Brauðostur, 26%
Verð áður 1.579 kr. kg

159
kr. 100 ml

Colgate Tannkrem
100 ml, 4 teg.

259
kr. 55 g

Barebells Próteinbar
55 g, 3 tegundir

169
kr. 300 ml

Skyr.is Próteindrykkur
300 ml, 3 teg.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Íslenskur
KJÚKLINGUR
á góðu verði

1.798 kr. kg

Bónus Kjúklingabringur
Ferskar

698 kr. kg.

Bónus Kjúklingur
Ferskur, heill

298 kr. kg.

Bónus Kjúklingavængir
Ferskir

GOTT VERÐ Í BÓNUS

HREIN AFURÐ
Engin aukaefni

2.159 kr. kg

Ali Kjúklingabringur
Ferskar

798 kr. kg.

Ali Kjúklingur
Ferskur, heill

ÍSLENSKT
Lambakjöt

1.398 kr. kg

SS Lambalæri
Bláberjakryddlegið

ÍSLENSKT
Nautakjöt

469 kr. 2x120 g

Stjörnunaut
Smass Hamborgarar
2x120 g

ÍSLENSKT
Ungnautakjöt

498 kr. 2x120 g

Íslandsnaut Hamborgarar
2x120 g



BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Háværir rokkarar í Hörpunni

Hérna sjást piltarnir á gullaldarárum sveitarinnar.

Jaðarrokkararnir í Dinosaur Jr. hafa verið kallaðir háværasta hljómsveit sögunnar. Það má eflaust deila um það en hljómsveitin hefur hins vegar verið gífurlega áhrifarík og vilja sumir meina að hún sé eitt af því sem kveikti neistann í gruggrokkinu til að mynda.

Enn eitt goðsagnakennda bandið mætir til landsins í sumar en það er auðvitað hin gríðarháværa jaðarrokksveit Dinosaur Jr. Það er alveg ljóst að það verður nóg að gera hjá tónlistaráhugamönnum, sérstaklega þeim í eldri kantinum eða einfaldlega áhugafólki um tónlistarsöguna sem verður nánast saman komin í heild sinni hér á landi þetta sumar vors góðæris.

Dinosaur Jr. komu saman árið 1984 undir nafninu Dinosaur þangað til að samnefnd hljómsveit skipuð gömlum sýrurokkurum neyddi þá til að gera smávægilegar breytingar á nafninu. Hún var þá skipuð þeim J Mascis – aðalsprautan, söngvari og gítarleikari, Lou Barlow – bassi og raddir og Murph – trommari – en það eru einmitt þeir sem ætla að mæta hingað til lands. Frá árinu 1984 til 1997 urðu þó töluverðar mannabreytingar en Lou Barlow var rekinn og Murph hætti. Mike Johnson og George Berz komu inn í bandið á mismunandi tímum en þeir verða fjarri góðu gamni í Hörpunni.

Barlow og Murph sættust svo fyrir rest við hinn erfiða J Mascis en bandið kom aftur saman 2005 og gaf meira að segja út stórgóða plötu í fyrra. Þetta er nokkuð merkilegt fyrir þær sakir að Barlow og Mascis voru nánast svarnir óvinir á tímabili og eftir að hafa verið rekinn stofnaði Barlow hljómsveitina Sebadoh, band sem hann hafði verið að rækta á hliðarlínunni á meðan hann var enn í Dinousaur Jr., og í laginu The Freed Pig með þeirri hljómsveit fjallaði Barlow um ósættið á mjög opinskáan hátt.

Það verður spennandi að sjá hverslags veislu þessir háværu rokkhundar bjóða upp á þegar þeir mæta í Hörpuna í júlí.

stefanthor@frettabladid.is

J Mascis syngur, semur og glamrar á gítar. Um tíma voru plötur Dinosaur Jr. nánast sólóverkefni hans.

Trommarinn Murph hætti í hljómsveitinni á tímabili en mætir til Íslands í sumar.

Lou Barlow bassaleikari en hann var rekinn eftir langvarandi deilur við J Mascis.

Eftir að hafa hætt í bandinu árið 1997 sættust Barlow og Murph við J Mascis og komu saman aftur árið 2005.

»ÞAÐ ER ALVEG LJÓST AÐ ÞAÐ VERÐUR NÓG AÐ GERA HJÁ TÓNLISTARÁHUGAMÖNNUM, SÉRSTAKLEGA ÞEIM Í ELDRI KANTINUM EÐA EINFALDLEGA ÁHUGAFÓLKI UM TÓNLISTARSÖGUNA.

Jamie Oliver reddar föstudeginum

Jamie Oliver býður upp á tvíréttað í dag. Annars vegar er það kjúklingur á ítalska vísu sem ætti sannarlega að kveikja á bragðlaukunum og svo er veislan toppuð með brownies og karamellupoppi sem fullnægir sykurþörfinni svo um munar.

Butterflied Sicilian Chicken

marineraðar kjúklingabringur

- 4 stk. kjúklingabringur
- 3 stk. rósmaríngreinar
- 3 stk. lárviðarlauf (fersk, má nota aðrar jurtir í staðinn, t.d. timjan eða basil)
- 1 stk. hvítlauksgeiri
- ½ dl ólífuolía

Kjúklingabringurnar eru skornar þversum nánast til helminga. Þær eru síðan opnaðar svo að myndist fiðrildi.

Marinering

Maukið saman lárviðarlauf, rósmarín, hvítlauk og olíu í matvinnsluvél. Hellið marineringunni yfir kjúklinginn og látið marinerast í tvær klst. Kjúklingurinn er grillaður í um 4 mínútur á hvorri hlið og kryddaður með salti og pipar.

Sósa

- 1 dós plómutómatar, maukaðir
- 1 stk. meðalstórt eggaldin, skorið í teninga
- 50 g svartar ólífur.
- 1 stk. hvítlauksgeiri, þunnt skorinn
- ½ rauður chili, fint skorinn
- ½ tsk. oregano
- 30 ml extra virgin ólífuolía
- 1 stk. kanilstöng
- Knippi ferskt basil, fint skorið

Steikið eggaldinið í ólífuolíunni þannig að það verði gullinbrúnt.

Bætið chili, hvítlauk og ólífum við og steikið í smá stund. Bætið við dós af tómötum, oregano og kanilstöng. Leyfið að malla á vægum hita í um 30 mín. Smakkið til með salti og pipar. Fjarlægið kanilstöng og klárið með fersku basil. Borið fram með klettasalati, sítrónubát og rifnum parmesan.

Súkkulaði-brownie

- 180 g smjör
- 400 g súkkulaði 70%
- 140 g hveiti
- 5 egg
- 380 g púðursykur
- 2 g salt

1. Bræðið súkkulaði og smjör saman í vatnsbaði.
2. Þeytið saman egg, salt og sykur, þangað til að það verður ljóst og létt.
3. Sláið saman varlega með sleikju með súkkulaði og eggjum.
4. Sigtið hveitið út í og blandið varlega saman við.
5. Setjið blönduna í smurðan bakka.
6. Bakið við 150 gráður í um 15 til 20 mín. eða þar til kjarnhiti hefur náð 75 gráðum.
7. Kælið vel og skerið svo í skammta.

Karamellupopp

- tvær lúkur poppkorn
- 40 g sykur
- klípa af smjöri

Bræðið sykurinn í potti, smá og smá í einu, og leyfið að leysast upp áður en meiru er bætt við. Þegar sykurinn er orðinn að gullinbrúnni karamellu, takið af hita, bætið smjöri út í, hrærið. Bætið poppkorni út í. Hrærið varlega í þar til allt poppkornið er karamelluhúðað. Því næst hellt á bakka með smjörpappír. Berið brownies-stykkin fram með vanilluís, súkkulaðisósu og karamellupoppi.

SUMARIÐ ER KOMIÐ!

Allir eru með rass
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 2.999.-

Komdu út!
VILDARVERÐ: 1.999.-
Verð: 2.499.-

ÖLL SUMAR LEIKFÖNG

30% VILDAR AFSLÁTTUR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 1. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Taska, taska

Innkaupin
Balenciaga gerði þessa hentugu tösku sem hægt er að fylla af dóti.

Litlar töskur
sem rúma bara síma og varalit í mesta lagi eru vinsælar núna.

Litadýrð
Skreytum okkur með skemmtilegum töskum.

Töskur. Fjárfesting segja sumir – punkturinn yfir i-ið segja aðrir. Eitthvað sem allir eiga í fataskápnum. Fjölbreytnin hefur aldrei verið meiri en í ár ef marka má tískupallana. Stórar eins og innkaupapokar, pínulitlar með stóru handfangi, mittistöskur, skrautlegar eða klassískar með lógói. Fáum innblástur frá pöllunum þar sem töskurnar voru áberandi.

VELJUM OKKUR TÖSKU Í SUMAR SEM FLIKKAR UPP Á HEILDARÚTKOMUNA MEÐ BJÖRTUM LITUM OG MUNSTRUM.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

Gerum okkur gallapils

Gallapilsin eru mætt aftur í allri sinni dýrð en þau voru síðast í tísku í upphafi aldarinnar. Pilsin eru gerð upp úr gömlum gallabuxum en betri endurnýtingu er varla hægt að finna. Flestir eiga eins og eitt par af gallabuxum í fataskápnum sem liggja óhreyfðar og tilvalið að búa til glænýja flík fyrir sumarið. Bæði við sokkabuxur eða bera leggi þegar sólin lætur sjá sig. Til að fanga tísku níunda áratugarins sem er nú með góða endurkomu skulu þau vera í styttri kantinum í ár.

Munið eftir þessum?
Gröfum í fataskápnum og upp með skærin.



CELLULAR
ÆSKU-
BRUNNUR
PRÓFAÐU NÝJU NIVEA
CELLULAR PERLURNAR
NÝTT
NIVEA
CELLULAR
ANTI-AGE
VOLUME FILLING
PEARLS
NIVEA
CELLULAR
ANTI-AGE
VOLUME FILLING
PEARLS
HYALÚRONSÝRA OG KOLLAGEN
STYRKJANDI PERLUR FYRIR
STINNARI, ÞÉTTARI
OG UNGLEGRI HÚÐ
NIVEA.com

Blekhylki.is

Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Föstudags-playlisti Lífsins

Karólína Jóhannsdóttir

SÖNGKONA

Karólína Jóhannsdóttir eða Karó sér um föstaudagsplaylistann þessa vikuna. „Þessi playlisti er einstaklega hellaður þó ég segi sjálf frá og ég ábyrgist góðan fössara ef þú spilar hann. Sjáumst hinum megin við gleðinnar dyr, pís," segir Karó og það er ekki annað hægt en að treysta henni í því að þessi föstudagur verði til fjár.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Vísir.

PLAY FOLLOW

LAG	FLYTJANDI
Loyalty	Kendrick Lamar feat Rihanna
Kamikaze	MØ
Oops (oh my)	Tweet feat Missy Elliot
Dreamer	Chari XCX, Starrah, Ray ...
No Frauds	Nicki Minaj, Drake, Lil Wayne ...
Madiba Riddim	Drake
CRZY	Kehlani
Konichiwa Bitches	Robyn
I Wanna Dance with Somebody	Whitney Houston
Sex with Me	Rihanna

maria nila
STOCKHOLM

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Veldu með hjartanu
100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
PURE VOLUME línan okkar inniheldur B5 vítamín og er sérstaklega framleidd fyrir þá sem leita eftir aukinni lyftingu og styrk. Maria Nila Care línan inniheldur Colour Guard Complex, blöndu af virkum innihaldsefnum sem vinna saman að því að veita hámarks vörn fyrir lit hársins og gljá þess. Blandan tryggir einnig að vörurnar vernda hárið fyrir hita.
Maria Nila fæst á öllum betri hárgreiðslustofum

Regalofagmenn Regalo ehf Iceland
www.regalo.is
crueltyfree andvegan Vegan
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

Eurovision-kjóllinn enn tröllum gefinn

Eurovision-kjóllinn hennar Selmu Björnsdóttur er enn týndur, sautján árum eftir að hún lánaði Hard Rock hann. Tómas Tómasson, sem rak Hard Rock á þessum tíma, segist ætla að ganga í málið.

Ég lánaði Hard Rock kjólinn á sínum tíma og er þá ekki eðlilegt að skila honum til baka?" segir Selma Björnsdóttir en hún tilkynnti í þættinum Heimsókn á Stöð 2 á miðvikudag að kjóllinn sem hún klæddist á Eurovision-kvöldinu eftirminnilega 29. maí, 1999, sé týndur og tröllum gefinn. Selma söng lagið All out of luck sem varð í öðru sæti og klæddist glæsilegum silkikjól eftir fatahönnuðinn Filippíu Elíasdóttur.

Í desember sama ár var haldin athöfn til heiðurs Selmu á Hard Rock Café sem þá var í Kringlunni, þar sem kjóllinn fór í glerkassa og var hafður til sýnis ásamt öðrum minjagripum íslenskrar og erlendrar tónlistarsögu. Eftir að Hard Rock fór svo á hausinn, 2005, týndust margir munir en eitthvað er komið aftur í leitirnar. Þó vantar alltaf kjólinn hennar Selmu.

„Það fannst einhver slatti af munum á sínum tíma, meðal annars fötin sem Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson klæddust í Róm árið 1991, en ekki kjóllinn minn því miður," segir Selma. „Kannski er einhver sem er að klæða sig reglulega í hann eða hefur einfaldlega hent honum og þorir ekki að segja frá því," segir hún létt.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem leit að kjólnum fer af stað en Selma hefur áður upplýst að kjólsins góða sé sárt saknað.

„Ég borgaði fullt af peningum fyrir kjólinn á sínum tíma og þó ég sé ekki að fara að ramma hann inn eða eitthvað álíka þá langar mig að eiga hann," segir Selma.

Selma Björnsdóttir.

Tómas Tómasson, sem rak Hard Rock á þessum tíma, er staddur erlendis en hann ætlaði að athuga hvort hann gæti ekki eitthvað gert. „Ég fékk þetta lánað á sínum tíma og hélt að flestu hefði verið skilað. Það eru 12 ár síðan Hard Rock lokaði en ég geng í málið – ekki spurning. Það væri gaman að geta skilað honum." **benediktboas@365.is**

weber
gæði... ending... ánægja.

skoðaðu úrvalið á Weber.is

Heilsársþjónusta
vetur, sumar, vor & haust

Þegar kemur að garðþjónustu erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin, allan ársins hring. Við leggjum áherslu á að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs og höfum samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki til að tryggja að allt sé eins og það á að vera. **Garðsláttur, trjáklippingar, beðahreinsun, stubbatæting, þökulagning ofl.**

gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík

Framúrskarandi fyrirtæki 2016
GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

GLEÐILEGT SUMAR!

TILBOÐSVERÐ

PALLAOLÍA
HERREGÅRD XO
Viðarvörnin er ætluð á gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Kemur í veg fyrir gráma og inniheldur sveppa og mygluvarnar-efni. Fæst í ljósbrúnu og glæru.

1.995kr.
80602501-2
Almennt verð: 2.495kr.

GJØCO

20% AFSLÁTTUR til 1. maí

25% AFSLÁTTUR til 1. maí

TILBOÐSVERÐ

PALLAEFNI
FURA - AB GAGNVARIN
27x95mm 4,5m og styttra.

161kr./lm.
0058324
Almennt verð: 215 kr.

27x95mm 4,8m og lengra.

169kr./lm.
0058324
Almennt verð: 225 kr.

REIKNAÐU ÚT EFNISMAGN
í girðinguna og pallinn á BYKO.is

NordicGold
Josera.
ROYAL CANIN

ALLAR GÆLUDÝRAVÖRUR **20%** AFSLÁTTUR til 1. maí

BOSCH

TILBOÐSVERÐ

HLEÐSLUBORVÉL GSR 10,8-2-LI. Létt skrúfvél með 2 gíra kerfi. Snúningshraði er 0-350/1300 sn/mín. Hersla er allt að 30Nm

HERSLUVÉL GDR 10,8-LI. Öflug og nett hersluvél. Hersla er allt að 105 Nm. Skrúfar skrúfur frá 4-12mm.2x2.0 Ah rafhlöður fylgja og hleðslutæki. Hluti af Clic&Go kerfinu frá BOSCH. Kemur í L-BOXX tösku.

24.995kr.
74874066
Almennt verð: 39.995kr.

38% AFSLÁTTUR til 1. maí

30% AFSLÁTTUR til 1. maí

TILBOÐSVERÐ

TRAMPOLIN 3,05 m.
20.995kr.
88040025
Almennt verð frá: 29.995 kr.

TRAMPOLIN 3,96 m.
29.395kr.
88040026
Almennt verð frá: 41.995 kr.

TRAMPOLIN 4,26 m.
30.795kr.
88040032
Almennt verð frá: 43.995 kr.

GASGRILL
Q3200 grátt, létt og meðfærilegt gasgrill, 6,35 kW/h, 21.700 BTU, stór grillflötur, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, hitamælir í loki, 63x45 cm grillflötur, efri grind: 40 x 11 cm, grill fast á hjólavagni, niðurfellanleg hliðarborð, kryddskúffa í hliðarborði, rafstýrður uppkveikjurofi, ljós í handfangi, álbakki fyrir fitu, gaskútagrind (hámark 5kg)

69.995kr.
50650021

29% AFSLÁTTUR til 1. maí

BOSCH
TILBOÐSVERÐ

BÚTSÖG PCM 8, 1200W, Sagar mest 60mm þykkt og 120mm breitt efni. Geirskurður 48° til hægri og vinstri. Sagarblað 216 mm.

19.995kr.
74862008
Almennt verð: 27.995 kr.

TILBOÐSVERÐ

GASGRILL
SPRING 300 gasgrill, 11,4 kW. Grillflötur er 3x(21x43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind, 3 brennarar, hitamælir í loki. Svart eða kremað.

34.995kr.
50686930-1
Almennt verð: 49.995 kr.

barbecook

30% AFSLÁTTUR til 1. maí

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Maríu Bjarnadóttur

Heimalestur

Íslensk börn fá snemma aðgang að internetinu. Þau kunna að velja vídeó á YouTube áður en þau byrja að ganga. Þaðan eru þau komin með sín eigin snjalltæki og orðnir notendur samfélagsmiðla löngu fyrir fermingu í trássi við skilmála miðlanna. Á þessum tímapunkti er mjög eðlilegt fyrir foreldra að spyrja sig „hvert fór tíminn“ sem þýðir í raun „guð minn góður, er ég orðin svona gömul!“.

Það versnar þegar við getum ekki kveikt á sjónvarpinu heima hjá okkur nema að fá tæknilega aðstoð yngra fólks á heimilinu. Vanmáttartilfinning gagnvart tækni sem við skiljum ekkert í. Svo verður að virða þeirra einkalíf.

Þetta er ekki nógu góð nálgun. Það á ekki að skilja börn eftir eftirlitslaus án leiðbeininga á internetinu, frekar en við ætlum þeim að labba heim úr skólanum án þess að kenna þeim umferðarreglurnar fyrst. Ef svo er komið að foreldrarnir kunna ekki umferðarreglurnar á internetinu þá er tímabært að fara á námskeið. Hér er ekki um að ræða bólu.

Samfélagsmiðlar snúast ekki bara um tækni heldur eiga sér stað í gegnum þá samskipti. Reglur um hegðun og háttsemi hætta ekki að gilda á netinu og foreldrar gegna áfram mikilvægu uppeldishlutverki þar.

Það er hægt að gera börnunum að lesa skilmála og persónuverndarstefnu og skila samantekt af helstu atriðum áður en þau fá að nota miðilinn. Það krefst þess að foreldrar skilji skilmálana sjálfir. Sé það ekki staðan, eða ef börnin eru ekki alveg læs, þá er líka hægt að lesa saman. Skilmálar YouTube eru á íslensku. Þeir hljóta að vera gildur heimalestur eins og hver önnur rafbók?

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

HELGARSPRENGJA
FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

ÞÚ FINNUR RÉTTA RÚMIÐ HJÁ OKKUR

ALLAR VÖRUR*
25%
AFSLÁTTUR
FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

* Gildir ekki á silver stillanlegum botnum

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 | Sun. 13–17
www.betrabak.is

Betra BAK